



Ársskýrsla Sjúklandsskóla

Skólaárið 2016-2017

Garðabæ, júní 2017

Skólaskýrsla Sjálandsskóla

Skólaárið 2016-2017

Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Sjálandsskóli

Löngulínu 8 210 Garðabæ

S: 5903100

sjalandsskoli@sjalandsskoli.is

www.sjalandsskoli.is

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Hagnýtar upplýsingar	7
Starfsmenn	7
Nemendur	8
Áherslur í skólastarfi	10
Skólaþróunarverkefni	10
Símenntun starfsmanna	12
Vettvangsferðir og uppbrotisdagar	12
Samantekt og mat á skólastarfinu	14
Samstarf heimilis og skóla	14
Samstarf kennara og foreldra	14
Skólaráð	15
Foreldrafélag Sjálandsskóla	15
Ýmsar skýrslur	16
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk	16
Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk	18
Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk	20
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk	22
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk	23
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk	25
Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk	26
Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk	29
Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk	30
Skýrsla kennar í íþróttum	32
Skýrsla kennara í myndmennt	35
Skýrsla kennara í smíði	37
Skýrsla kennara í sundi	39
Skýrsla kennara í textílmennt	40
Skýrsla kennara í tónmennt	41
Skýrsla sérkennara	49
Skýrsla þroskjaþjálfara	52
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa	53
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni	57
Skýrsla Bókasafns Sjálandsskóla	59

Skýrsla Sælukots	60
Fylgiskjal 1 - Skýrsla sjálfsmatshóps	64
Fylgiskjal 2 – Niðurstöður samræmdra prófa	68
Fylgiskjal 3 – Skýrsla Klakans	78

Inngangur

Ársskýrsla þessi er hluti af útgáfu allra grunnskóla í Garðabæ. Markmið hennar er að gera grein fyrir helstu atriðum skólastarfsins í Sjáländsskóla, skólaárið 2016-2017. Umsjónarkennarar og starfsmenn skólans koma að útgáfu skýrslunnar en aðstoðarskólastjóri ritstýrir verkinu. Fjallað er um fjölbreytt starf skólans í hverjum árgangi fyrir sig auk allra faggreina sem kenndar eru við skólann. Einnig skrifast aðrir starfsmenn s.s. kennsluráðgjafi í tölvu og upplýsingatækni, námsráðgjafi, bókasafnsfræðingur, þroskaþjálfar og sérkennarar kafla um þeirra aðkomu að skólastarfinu. Ársskýrsla Sjáländsskóla kemur nú út í 12. sinn.

Skýrslan er aðgengileg á vef skólans undir flípanum skólinn, útgáfa og skólaskýrslur. Heimasíða Sjáländsskóla er uppfærð reglulega af kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni. Á síðunni má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar sem lúta að skipulagi, hagnýt atriði fyrir foreldra, nám og kennslu, stuðning við nemendur. Einnig eru á heimasíðunni fréttir af skólastarfinu og myndir sem prýða hana.

Skólaárið hófst þriðjudaginn 9. ágúst hjá þeim kennurum sem ekki hafa sótt námskeið í skyndihjálpi síðustu tvö ár. Aðrir kennarar komu til starfa eftir sumarfrí miðvikudaginn 10. ágúst. Skólaárið hófst á kennarafundi og undirbúningi kennslu. Þann 12. ágúst sóttu kennarar fyrirlestrar á vegum Skólaþróunar. Yfirskriftin að þessu sinni var *Tökum höndum saman: Samvinna sem afl í skólastarfi*. Áhersla skólaþróunarþingsins var einkum á teymiskennslu sem verið hefur rauði þráðurinn í starfi Sjáländsskóla frá upphafi.

Skólaboðunarviðtöl voru þriðjudaginn 23. ágúst. Kennarar boðuðu alla umsjónarnemendur sína ásamt foreldrum þeirra í 15 mínútna viðtöl þar sem farið var yfir skipulag vetrarins og stundaskrár bekkjarins voru afhentar. Markmið þessarar viðtala eru jafnan að nemendur hitti kennara sína í upphafi skólaársins og kennarar myndi tengsl við bæði nemendur og foreldra í upphafi. Áhersla Sjáländsskóla hefur ávallt verið á samstarf milli heimilis og skóla og var engin breyting á því í ár. Nemendur við skólann voru 282 í upphafi skólaársins og starfsmenn um 36.

Skýrsla þessi skiptist í fjóra kafla sem eru: hagnýtar upplýsingar, áherslur í skólastarfi, samstarf heimilis og skóla, og ýmsar skýrslur. Einnig eru fylgiskjöl um starfsemi Sælukots og einnig um tómstundastarf félagsmiðstöðvarinnar Klakans. Ársskýrsla 2016-2017 er eins og áður sagði birt á vef skólans en þar má einnig finna skýrslur frá fyrri árum.

Sjáländsskóli í júní 2017

Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri

Hagnýtar upplýsingar

Í þessum kafla koma fram ýmsar hagnýtar upplýsingar sem snúa að skólastarfinu í Sjálandsskóla bæði hvað varðar starfsmenn og nemendur. Taldar eru upp tölulegar upplýsingar sem mikilvægt er að taka saman við lok skólaárs og fróðlegt að bera saman við tölur fyrri ára t.d. hvað varða þróun nemendafjölda, samsetningu starfsmannahópsins og fleira í þeim dúr.

Starfsmenn

Við Sjálandsskóla starfa tveir stjórnendur. Skólastjóri er Edda Björg Sigurðardóttir og aðstoðarskólastjóri er Sesselja Þóra Gunnarsdóttir. Aðrir stjórnendur starfa ekki við skólann. Undanfarin tvö ár hafa þrír kennarar tekið að sér leiðtogahlutverk, s.k. teymisstjórar, einn á hverju skólastigi. Teymistjórar voru á skólaárinu Ingunn Þóra Hallsdóttir, Margrét Þorleifsdóttir og Elfa Friðriksdóttir. Skólaritari Sjálandsskóla er Linda Rán Úlfarsdóttir, húsvörður Sigurður Guðleifsson og umsjónarmaður tómstundaheimilis Sælukots er Hildur Harðardóttir.

Í Sjálandsskóla starfar hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinna í sameiningu að sameiginlegu markmiði sem stuðlar að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu en það eru einkunnarorð skólans. Sameiginlega hafa allir starfsmenn Sjálandsskóla hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólastjórna og eiga í nánú samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd, mati og leggja metnað sinn í að styðja hvern annan í starfi. Starfsmenn skólans miðla þekkingu sín á milli, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi jafnt innan veggja skólans sem utan.

Skólaárið 2016-2017 störfuðu við skólann 58 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Hluti þeirra var í afleysingum vegna veikinda eða fæðingarorlofs. Kennarar voru 27, tveir stjórnendur, einn kennsluráðgjafi og þrír þroskaþjálfar. Stuðningsfulltrúar voru að jafnaði 10, einn meðferðarfulltrúi, fimm skólaliðar, einn bókaforráðgjafi, einn ritari, einn umsjónarmaður með húsnæði skólans og átta starfsmenn að jafnaði við tómstundaheimilið Sælukot.

Leyfi starfsmanna og afleysingar

Þrír kennarar voru í fæðingarorlofi á skólaárinu en það voru þær Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir, Rebekka Ólafsdóttir og Eyrún Birna Jónsdóttir. Sigurbjörg Ósk H. Sigurðardóttir var í veikindaleyfi frá því í október og út skólaárið og einn starfsmaður var í launalausum leyfi allt árið og fyrra ár einnig en það var Anna Lilja Torfadóttir.

Fjórir starfsmenn létu af störfum við skólann við lok skólaársins en það voru Margrét Jóna Höskuldsdóttir, Anna Lilja Torfadóttir, Hrafnhildur Fjelsted og Rebekka Ólafsdóttir. Þær snéru allar til annarra starfa. Starfsfólk Sjálandsskóla þakkar þeim ánægjuleg kynni og óskar þeim alls hins besta.

Ráðningar starfsfólks

Eins og áður kom fram hættu fjórir starfsmenn störfum við Sjálandsskóla á vordögum. Einn starfsmaður, Margrét Þorleifsdóttir fer í launalaust leyfi á komandi skólaári og ráðinn var einn starfsmaður í sérkennslu á miðstigi í stað hennar.

Sjálandsskóli fær liðsauka á haustdögum þegar listmeðferðarfræðingur tekur til starfa við skólann. Hún mun sinna nemendum skv. beiðnum frá umsjónarkennurum. Verður hún í 50% starfi við skólann. Bundnar eru miklar vonir við að með þessum liðsauka verði skólinn betur í stakk búinn að takast á við þau nemendamál sem upp koma og skort hefur úrræði fram að þessu. Búið er að ganga frá þremur ráðningum stuðningsfulltrúa nú þegar en þeirri vinnu mun ljúka á haustdögum.

Starfmannasamtöl

Stjórnendur skólans skiptu á milli sín starfmannasamtölum að vori. Sá háttur var hafður á samtölunum að þessu sinni að stjórnendur skiptu með sér verkum og ákváðu tímasetningar starfmannasamtala í samráði við starfsfólk. Farið var í kennslustundrýni á undan starfmannasamtölum hjá kennurum og þroskaþjálfum. Allt starfsfólk skólans fyllti út spurningalista sem sendur var í google docs skjali. Þar var spurt um líðan í starfi, álag, upplýsingaflæði, aðbúnað og þar komu einnig fram óskir starfsmanna á komandi skólaári. Tekið var mið af niðurstöðum þessara samtala við myndun teyma og skipulagningu fyrir næsta skólaár 2017-2018.

Skóladagatal

Starfsemi Sjálandsskóla var í samræmi við samþykkt skóladagatal skólaársins 2016-2017. Grunnur að dagatali var unninn í samstarfi leik- og grunnskóla og er dagatalið samræmt milli skólastiga líka og undanfarin ár í Garðabæ. Skóladagatalið var unnið í samráði við skólaráð og var það tekið til umfjöllunar í skólaráði og samþykkt af skólaskrifstofu Garðabæjar.

Eins og reglur gera ráð fyrir voru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 175 og skertir dagar voru samtals fimm á skólaárinu. Skertir dagar eru þeir dagar sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólaboðunardagur, tveir nemenda- og foreldrasamtalsdagar, jólaskekkmtun og skólaslitadagur.

Skólasetning var 23. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 24. ágúst. Kennsla féll niður í jólaleyfi nemenda sem var frá 21. desember til 2. janúar. Vetrarleyfi í Garðabæ var frá 20. febrúar til 24. febrúar og páskaleyfi frá 10. apríl til 17. apríl. Einnig féll kennsla niður vegna fjögurra skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 24. október, 30. nóvember, 2. janúar, 26. maí. Skólaslit var 8. júní.

Nemendur

Nemendafjöldi í Sjálandsskóla jókst jafnt og þétt frá árunum 2005-2010 en hefur haldist nokkuð jafn síðustu árin. Á milli áruna 2011 og 2012 fækkaði nemendum lítillega en fjölgun hefur verið frá árinu 2012 og heldur nemendum áfram að fjölga um 5-15 nemendur á ári. Áætlaður fjöldi nemenda skólaárið 2017-2018 er um það bil 290 nemendur. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þróun nemendafjölda síðustu tíu ár.

Tafla 1. Þróun nemendafjölda frá skólaárinu 2007-2017

Ár	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Nemendur	167	182	238	249	251	245	258	262	277	282

Samtals hófu 282 nemendur nám í skólanum í ágúst 2016 en voru þeir samtals 292 við skólalok. Stúlkur í skólanum voru 146 og jafn margir drengir. Samkennsla var ekki í 1.-2. bekk. Fjöldi nemenda í 1. bekk var 39 sem skiptist í tvo umsjónarhópa og nemendur í 2. bekk voru 26 í tveimur umsjónarhópum. Samkennsla var í 3. og 4. bekk í þremur umsjónarhópum með alls 58 nemendur. Í 5. og 6. bekk var samkennsla í nokkrum fögum s.s. útikennslu, þemavinnu og listum en í öðrum fögum var árgöngunum skipt. Nemendur voru í þremur umsjónarhópum með alls 58 nemendur. Tveir umsjónarbekkir voru í 7. bekk með alls 32 nemendum. Í 8. bekk voru 16 nemendur í einum umsjónarhóp og 25 nemendur í 9. bekk í einum umsjónarhóp. Tveir umsjónarbekkir voru í 10. bekk með samtals 35 nemendur.

Ástundun nemenda

Samantekt ástundunar leiðir í ljós að skráðir veikindadagar í Námfús eru samtals 1846. Beðið var um leyfi fyrir nemendur í 1667 daga. Það vekur athygli að veikindadögum fjölgar um 140 daga á milli ára og leyfisdögum fjölgar um 637.

Ef tekið er meðaltal af þessu fjarvistum þá er hver nemandi veikur 6,3 daga og í leyfi að meðaltali 5,7 daga. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá fjarvistir nemenda vegna leyfa og veikinda skipt eftir árgöngum.

Tafla 2. Fjöldi fjarvista skipt eftir árgöngum

	Leyfis dagar	Veikindadagar
1. bekkur	65	143
2. bekkur	97	166
3. bekkur	103	132
4. bekkur	158	186
5. bekkur	137	192
6. bekkur	124	160
7. bekkur	241	211
8. bekkur	82	71
9. bekkur	250	179
10. bekkur	410	406

Skóladagur nemenda

Skóladagur hófst kl. 8:15 hjá öllum nemendum Sjálandsskóla. Hjá 1.-4. bekk lauk skóla kl. 13:30 en kl. 13:50 hjá 5.-7. bekk. Nemendur í 8.-10. bekk mættu kl. 8:15 en skóladeginum lauk hjá þeim ýmist kl. 14:10, kl. 14:55 á miðvikudögum eða kl. 13:25 á föstudögum. Skólahúsnæðið er opið frá kl. 8:00 alla virka daga. Nemendum í 1.-3. bekk stendur til boða að fara í tómstundaheimilið Sælukot þegar hefðbundnum skóladegi lýkur á daginn eða kl. 13:30 til kl. 17:00 (sjá nánar skýrsla Sælukots).

Nemendur fara í nesti einu sinni á dag í 15 mínútur. Nemendur fara í útivist á morgnana í 20 mínútur en eftir hádegismat eru frímínútur. Í frímínútum geta nemendur valið milli rólegra leikja inni í skólahúsnæði eða útveru. Einnig eru auglýstir opnunartímar bæði á bókasafni skólans, smíðastofu, myndmennt og textílmennt einu sinni í viku. Í frímínútum eru kennarar, skólaliðar og stuðningsfulltrúar í skipulagðri gæslu.

Áherslur í skólastarfi

Á skólaárinu var lögð áhersla á að ljúka vinnu við skólanámskrá, þar með talið námsvísa og aðlaga þá að aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Garðabæjar. Lögð rík áhersla á að ljúka við gerð lestrarstefnu skólans og lauk þeirri vinnu á vormánuðum 2017. Þá var lögð áhersla á að ljúka vinnu við endurgerð kennsluáætlana, breytingu á kennslulotum í unglingadeild og innleiðingu nýs námsmats. Þessi vinna fór fram jafnt og þétt yfir veturinn.

Skólaþróunarverkefni

Í Sjálandsskóla hafa í vetur verið unnin ýmis þróunarverkefni sem meðal annars hafa hlotið styrk úr þróunarsjóði Garðabæjar. Sá sjóður hefur gefið kennurum byr undir báða vængi í að þróast sem fagmenn og styrkja sig enn frekar í starfi. Einnig komu ýmsir fyrirlesarar á kennarafundi og boðið var uppá fjölbreytt fræðsluerindi á skólaárinu. Auk þess voru kennarar ötulir að sækja endurmenntun til að efla færni sína og starfsþróun. Kennarar skólans sóttu endurmenntun til Glasgow í lok maí.

Unnið var jafnt og þétt allan veturinn að þróun skólastarfsins og má segja að fjölmargir þættir hafi verið í þróun í skólastarfi Sjálandsskóla á skólaárinu. Það er því óhætt að segja að af mörgu hafi verið að taka í fræðslu og endurmenntun hjá starfsmönnum í vetur.

Þróunarverkefni skólans á skólaárinu 2016-2017

Þróun skólastarfsins fór fram að mestu samkvæmt áætlun. Ýmis þróunarverkefni voru unnin í Sjálandsskóla og eru þau talin upp hér fyrir neðan ásamt stuttum lýsingum á þeirri vinnu sem unnin var.

Skólanámskrá með hliðsjón af skólastefnu Garðabæjar og aðalnámskrár

Á þessu skólaári var lögð áhersla á ljúka aðlögun skólanámskrár, þar með talið aðlögun námsvísa að Aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Garðabæjar. Kennsluáætlanir voru endurunnar og í fyrsta skipti birtar á heimasíðu skólans. Innleiddur var nýr námsmatskvarði í samræmi við breytingar Menntastofnunar. Námsmat var áður gefið í A, B, C og D en breytt á skólaárinu 2015 í sex bila kvarða í samræmi við áherslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, þ.e. A, B+, B, C+, C og D. Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár og ráðgert er að þeirri vinnu ljúki haust 2017.

Lestrarstefna Sjálandsskóla

Unnið hefur verið að gerð nýrrar lestrarstefnu Sjálandsskóla og lauk þeirri vinnu um áramót. Stefnan var tilbúin á vormánuðum 2017 og byrjað var að vinna eftir henni að nokkru leiti og hún aðlöguð á skólaárinu 2016-2017. Stefnan var fullgerð og á heimasíðu skólans var birt glæsileg og metnaðarfull lestrarstefna skólans í febrúar 2017. Unnið verður eftir stefnunni haustið 2017. Sjá [Lestrarstefna Sjálandsskóla](#). Bundnar eru miklar vonir við nýja lestrarstefnu Sjálandsskóla bæði hjá stjórnendum og kennurum Sjálandsskóla og því verður áhugavert að fylgjast með því hvernig kennurum reynist að vinna eftir henni á komandi skólaári. Ætlunin er að lestrarstefnan sé lifandi skjal sem sífellt verður tekið til endurskoðunar eins og þurfa þykir.

Breyting á námsmati og lotum unglingadeildar

Haustið 2016 var hafist handa við að endurskipuleggja starfslotur nemenda í unglingadeilda og aðlaga námsmat að Aðalnámskrá grunnskóla (2011). Nokkur aðdragandi hefur verið að undirbúningi á breyttu námsmati en nýtt fyrirkomulag var kynnt fyrir foreldrum og nemendum í september 2016. Breytingin á námsmatinu er að einkunnir eru nú gefnar í bókstöfum (A, B+, B, C+ og D) og bak við hvern bókstaf er lýsing á hæfni nemenda á hverju greinasviði, í stað þess að tölulegar einkunnir gátu áður vísað í mismunandi námsefni milli skóla. Markmiðið er þannig að samræma betur einkunnagjöf milli skóla og

bæta upplýsingagildi einkunna hvað varðar hæfni nemenda. Í júní 2017 var nemendum sem luku 10. bekk í fyrsta skipti gefnar einkunnir samkvæmt nýju kerfi. Vorið 2018 verður öllum nemendum í unglingadeild gefin samantektareinkunn við skólalok. Áætlað er að þróunarvinnu við nýtt námsmat, breytingar á kennslulotum og breytingum á kennsluáætlunum ljúki vorið 2019.

Áfram skal haldið. Jóga, hugleiðsla og slökun í skólastarfi

Haustið 2014 var byrjað að innleiða jóga í skólastarf Sjáländsskóla. Það hefur verið gert í nokkrum skrefum og er notað í kennslu með markvissum hætti á yngsta- og miðstigi skólans í unglingadeild er jóga kennt sem valgrein og er mjög eftirsótt af nemendum. Markmið verkefnisins er að kenna nemendum að njóta þess að vera hér og nú og njóta stundarinnar. Þjálfar einbeitingu, jákvæðar hugsanir, að hafa stjórn á huga sínum og losa sig við íþyngjandi hugsanir. Kenna nemendum að gefa sér tíma til að horfa inn á við, læra að þekkja sjálfan sig, standa með sjálfum sér og blómstra á sinn eigin hátt í stað þess að fylgja fjöldanum. Einnig að bæta andrúmsloftið í kennslustundum og samskiptin á milli nemenda. Markmið verkefnisins er að auka vellíðan nemenda í skólanum, þjálfar einbeitingu, vinna með kvíða til að stuðla að auknum gæðum náms. 17 kennarar tóku þátt í 8 vikna núvitundarnámskeiði MBCT, 10 kennarar luku námskeiðinu. Kennarar sem luku MBCT námskeiði fóru í framhaldinu á námskeið hjá Sólveigu Hlín Kristjánsdóttur sálfræðingi og jógakennara og fengu réttindi til að kenna núvitund.

Námsvísar - kennsluáætlanir

Kennarar skólans unnu áfram að endurskoðun námsvísa skólanámskrár með hliðsjón af niðurstöðu vinnu við námssvið aðalnámskrár og grunnþætti menntunar. Þá endurunnu kennarar námsvísa og birta þá nú í fyrsta sinn á heimasíðu skólans.

Vinaliðaverkefni í Sjáländsskóla

Vinaliðaverkefni er norskt að uppruna, það hefur á fáum árum náð mikilli útbreiðslu og er nú starfrækt í yfir 1000 skólum í Noregi. Á Íslandi fjölga skólum ört sem innleiða vinaliðaverkefni inn í skólastarfið. Vinaliðaverkefnið snýst um það að nemendur sem valdir eru vinaliðar virkja aðra nemendur í skipulögðum leikjum í frímínútum. Stuðla að bættum skólaanda og koma í veg fyrir einelti og að nemendur séu einir og upplifi sig eina í frímínútum. Þá fá þeir nemendur sem valdir eru vinaliða heilmikla leiðtogaþjálfun.

Framkvæmd

Valdir voru 24 vinaliðar á haustönn og aðrir 24 á vorönn. Voru nemendur í 3. – 7. bekk fengnir til að tilnefna bekkjarfélaga sem þeir treystu til þess að vera góðir vinaliðar, eftir að allir höfðu fengið kynningu á verkefninu. Þá fóru verkefnastjórar yfir tilnefningarnar og völdu vinaliða í samráði við umsjónarkennara. Vinaliðarnir fóru á leikjanámskeið á vegum Vinaliðaverkefnisins og sóttu fundi með verkefnastjórum hálfsmánaðarlega þar sem leikir voru skipulagðir. Í lok vorannar fóru allir vinaliðar Sjáländsskóla í þakkarferð í Laugardalslaug og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Þar voru grillaðar pylsur og farið í leiki.

Hvernig tókst til

Vinaliðaverkefnið tókst afar vel í Sjáländsskóla þennan veturinn. Vinaliðarnir voru áhugasamir og sinntu sínu hlutverki af stakri þryði. Sérstaka athygli vakti hversu vel nemendur í 7. bekk stóðu sig, en í mörgum skólum er 7. bekkur ekki með í verkefninu vegna áhugaleysis.

Halda þarf vel utan um verkefnið, halda vinaliðunum við efnið, vera í góðum samskiptum og sambandi við starfsfólk skólans og halda búnaði saman. Verkefnið þarf að skipuleggja vel.

Vinaliðaverkefnið er komið til að vera í Sjálálandsskóla og teljum við verkefnið hafa afar góð áhrif á skólabraginn.

Símenntun starfsmanna

Það er af ýmsu að taka varðandi símenntun starfsmanna en í boði voru fjölbreytt námskeið, fyrirlestrar og ýmiss fróðleikur sem kennarar gátu nýtt sér yfir skólaárið.

Fræðsluerindi og námskeið fyrir hluta eða alla grunnskólakennara/starfsmenn skólans

- Skyndihjálp
- Upplýsinga og tæknidagur. Endurmenntun kennara í Garðabæ
- Tökum höndum saman. Samvinna sem afl í skólastarfi. Skólaþróunarþing haldið á vegum áhugafólks um skólaþróun.
- Lestrarkennsluaðferðin PALS (fyrir þá sem eiga námskeiði ólokið)
- Námskeið um velferð barna. Haldið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla í Garðabæ.
- Leið til læsis. (fyrir þá sem eiga námskeiði ólokið).
- Fagfundir grunnskóla Garðabæjar. Kynning á þróunarverkefnum í Garðabæ.
- Hvað einkenni sterka sjálfsmynd, hvað einkenni sterka sjálfsmynd og hvernig má hafa áhrif á þá þætti. Fyrirlesari: Anna Sigríður Jökulsdóttir sálfræðingur.
- Einelti og leiðir til lausna. Fyrirlesari: Vanda Sigurgeirsdóttir.
- Ofnotkun netsins og hvað ber að varast. Fyrirlesari: Eyjólfur Jónsson Örn sálfræðingur.
- Reynsla mín af einhverfu og mínum x-factor. Fyrirlesari: Brynjar Karl Birgisson einhverfur drengur sem er nemandi í 8. bekk Langholtsskóla.
- More to math“ og „We Do“. Legonámskeið. Leiðir til að þjálfa rökhugsun, lausnamiðun og samvinnu. Námskeiðið var valkvætt fyrir kennara.
- Kynlífshegðun unglunga. Fræðsla um í samskipti unglunga bæði hvað varðar óviðeigandi kynhegðun- hvernær hegðun ungmenna er farin yfir að vera óæskileg - hvernig hægt er að stoppa af hegðun sem er á gráu svæði og eins vorum við með almennar umræður um hvað gæti komið upp á. Fyrirlesari: Anna Newton sálfræðingur.
- Núvitundarnámskeiði MBCT 8. vikna námskeið. Kennari: Bryndís Jóna Jónsdóttir
- Að kenna nemendum núvitund. Fyrirlesari: Sólveig Hlín Kristjánsdóttir sálfræðingur og jógakennari.
- Námsferð til Skotlands. Hugleiðsluhof heimsótt, fræðsla um núvitund. Kynning á nýrri skólanámskrá Skota. Fyrirlesari: Nicholas Morgan.

Vettvangsferðir og uppbrotisdagar

Farið var í ýmsar vettvangs- og skoðunarferðir á skólaárinu. Ýmist fóru umsjónarkennarar í ferðir með sína bekk á útikennsludögum en einnig voru skipulagðar nokkrar ferðir sem farnar eru árlega og allir árgangar taka þátt.

Gróðursetningarferð í Guðmundarlund

Ein þessara ferða er gróðursetningarferð í Guðmundarlund þar sem allir nemendur skólans og starfsfólk áttu saman dag í Lundinum. Skólinn fékk úthlutað landsvæði hjá Skógrækt Garðabæjar í Sandahlíð. Farið var með alla nemendur skólans í gróðursetningu á birkiplöntum í Sandahlíð þriðjudaginn 6. september. Nemendum skólans var skipt í nokkra smærri hópa eftir aldri í gróðursetningu og þeir sem eftir voru höfðu nóg fyrir stafni í leik. Í hádeginu voru grillaðar pylsur frá Skólamat. Dagurinn heppnaðist í alla staði vel enda veður með eindæmum gott þennan dag.

Skíðaferð Sjálálandsskóla

Árleg skíðaferð Sjálálandsskóla var farin daga 15. og 16. mars í Bláfjöll. Að þessu sinni tvískiptum við árgöngum og fórum með eldra stigið fyrri daginn og yngra stigið seinni daginn. Aðstæður í Bláfjöllum

voru eins og best var á kosið. Markmið ferðar eins og þessarar er að nemendur kynnist vetraríþróttinni af eigin raun og því er mikið kapp lagt í að upplifum allra verði sem best og flestir fari á skíði. Það tókst vel í ár. Allir nemendur í 1. bekk fóru eitthvað á skíði en mismikið þó. Nemendur í 6. bekk gistu í skála skíðadeildar Ármanns í eina nótt og mun það fyrirkomulag vera aftur að ári. Allt skipulag gekk upp eins og lagt var upp með og dagurinn var ánægjulegur bæði fyrir nemendur og ekki síður starfsfólk en einhverjir í hópnum voru að stíga sín fyrstu skref á skíðum eftir áratuga hlé.

Morgunsöngur

Morgunsöngur er fastur liður í upphafi skóladags nemenda í fyrsta til sjöunda bekk. Hvern morgun eru sungin tvö lög sem tónmenntakennari velur. Markmið morgunsöngsins er einkum að nemendur kynnist og syngi fjölbreytt lög, allt frá íslenskum þjóðlögum til nýjustu eurovision laganna auk þess sem áhersla er á árstíðabundin lög og lög sem tengjast tilteknum dögum t.d. degi íslenskrar tungu og sumardegnum fyrsta. Í morgunsöng þjálfast nemendur einnig í að koma saman og hlusta á fyrirmæli. Slík samkoma eflir samkennd hópsins og er góð leið til að koma upplýsingum á framfæri þegar þörf er á. Morgunsöngur hefur auk þess verið nýttur til að gefa nemendum tækifæri til að koma fram og hafa flestir nemendahópar yngsta- og miðstigs komið fram í morgunsöng með einhverskonar atriði. Í upphafi hvers mánaðar eru Afmælisvísur Atla Heimis Sveinssonar og Þórarins Eldjárn sungnar fyrir afmælis börn nýs mánaðar. Þá hafa rithöfundar og tónlistarmenn komið í heimsókn í morgunsöng. Í vetur komu t.d. tónlistarmennirnir Svavar Knútur og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og fluttu dagskrá tileinkaða ljóðum Tómasar Guðmundssonar.

Kór Sjálálandsskóla

Kór fyrir nemendur á miðstigi hefur verið starfræktur við skólann undanfarin tólf ár. Kórinn æfir einu sinni í viku, klukkustund í senn. Fastir liðir í starfi kórsins eru jólatónleikar, vortónleikar, söngur á jólaschemmtun og skólaslitum. Auk þess heldur kórinn reglulega vídeókvöld þar sem hópurinn þjappar sér saman og horfir á tónlistarmynd. Á vordögum tók kórinn þátt í kóramóti íslenskra barnakóra í Grafarvogi og var mikil ánægja með þetta mót. Í vetur tók kórinn upp þrjú lög í upptökuveri skólans sem nemendur fengu á geisladiski á skólaslitum.

Tyllidagar

Hefðbundið skólastarf var brotið upp með ýmsum uppákomum yfir allan veturinn. Einu sinni í mánuði vorum við með mismunandi uppákomur sem bæði nemendur jafnt og starfsfólk tóku þátt í. Má þar nefna bleikan dag, sólgleraugnadag, rauðan dag, náttfatadag, lopapeysu og lopasokkadag, íþróttabúningadag, mottumarsdag, fatarugldag, bláan dag, hár og hattadag. Einnig var haldin vinavika þar sem unnið var með vináttuna en sú vika var á sama tíma og forvarnarvika Garðabæjar. Á degi íslenskrar tungu völdu krakkarnir í Sjálálandsskóla fyndnasta íslenska orðið og varð orðið táfýla fyrir valinu.

Vorleikar

Í Sjálálandsskóla voru haldnir vorleikar dagana 1. og 2. júní 2017 frá kl. 8:30-12:00. Allir árgangar í 1.-7. bekk tóku þátt. Nemendur í unglingadeild voru í vorverkefnum sínum á sama tíma. Báða dagana voru fjölbreytt verkefni á 20 stöðvum sem tengdust sköpun og ýmsum þrautum. Krakkarnir fóru á 10 stöðvar hvorn daginn, 15 mínútur voru áætlaðar á hverri stöð. Í hópnum voru 12-14 nemendur þ.e. 2-3 úr hverjum árgangi. Elstu nemendur í hverjum hópi voru hópstjórar, þeir sáu um að halda hópnum saman og báru ábyrgð á að hópurnir færi á rétta stöð. Starfsmenn völdu sér verkefni til að vera með á svæðunum, sáu um að taka til dót sem þurfti og ganga frá því eftir notkun. Vorleikarnir gengu mjög vel í alla staði og ánægjulegt að sjá hversu mikla ábyrgð eldri nemendur tóku á yngri nemendum. Verkefnið var kynnt sem þrautir og listir en ekki hreyfing eins og verið hefur undanfarin ár og gekk það skipulag

vel. Kennarar völdu fjölbreytt verkefni fyrir sínar stöðvar. Almenn ánægja var með vorleikana hjá starfsfólki og nemendum. Án efa verða haldnir aðrir vorleikar að ári.

Samantekt og mat á skólastarfinu

Tólfta starfsár Sjálandsskóla var afar farsælt. Skólinn náði góðum árangri í starfi sínu en fjölmörg verkefni sem varða nemendasamsetningu og aðstæður í starfshópnum reyndust krefjandi viðfangsefni.

Sjálandsskóli er heilsueflandi skóli og var þátttakandi í ýmsum verkefnum tengdum hreyfingu eins og undanfarin ár. Fjölmörg verkefni voru unnin sem snúa að hreyfingu voru unnin s.s. Íþróttadagur fyrir allan skólann, farið var í vetrarferð í Bláfjöll með 1.-7.b þar sem flestir fóru á skíði eða snjóbretti og undir vor var árlegur fjallgöngudagur skólans. Íþróttadagur var að hausti. Þá voru haldnir vorleikar sem stóður yfir í tvo daga í lok skólaársins. Þá var útivist og hreyfing samofin öllu skólastarfinu í tengslum við útikennsluna.

Gestkvæmt var á skólaárinu, jafnt innlendir sem erlendir gestir komu og kynntu sér skólastarfið. Það var samdóma álit allra hópanna að skólastarfið einkenndist af gleði, áhuga, iðni og vellíðan jafnt starfsfólks sem nemenda.

Margir hópanna vildu kynna sér starfið á unglingastigi, skólastarf í opnu húsnæði, valnámskeið og þemakennslu.

Samstarf heimilis og skóla

Samstarf kennara og foreldra

Árangursríkt skólastarf byggir á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla. Það er mikilvægt að rækta þennan þátt enda eru foreldrar sterkasti mótunaraðili barna sinna.

Rannsóknir sýna að börn sem alast upp við jákvætt viðhorf heimilis til skólans standa sig yfirleitt betur í námi og hafa jákvæðari viðhorf til tilverunnar. Viðvera kennara í Sjálandsskóla er frá kl 8:00 - 16:00 mánudaga – fimmtudaga, á föstudögum þá er viðferan frá 8:00 - 14:30. Foreldrar hafa góðan aðgang að kennurum, þeir geta sent póst á netföng starfsmanna sem þeir svara eftir að kennslu lýkur á daginn. Forráðamenn geta hitt kenna með því að hafa samband við þá og sammælt um tíma. Kennari getur ekki fundað með foreldrum fyrirvaralaust ef hann er í kennslu.

Skólaboðunardagur var haldinn 22. ágúst en þá hittu nemendur kennara sína með forráðamönnum. Nemenda- og foreldraviðtalsdagur var haldinn 25. október og 2. febrúar, þeir voru notaðir til að fara yfir námslega stöðu, líðan nemenda í skóla og samskipti.

Einn af hornsteinum Sjálandsskóla er þegar skólaárinu lýkur með innilegu. Þá fara nemendur í fjallgöngu eða aðra göngu og gista í skólanum að lokinni útiveru. Grillað er fyrir nemendur, boðið upp á kvöldvöku og morgunmat. Foreldrahópur Sjálandsskóla er lykillinn að því að hægt sé að halda innilegu í skólanum. Aðkoma foreldra á þessu ári var einstök. Þeir brugðust vel við beiðni um að vinna við innileguna og voru sem einn maður um að láta allt ganga sem best fyrir sig.

Foreldraheimsóknir

Fjölmargir foreldra komu reglulega í morgunsöng og einnig var fjölmenni á viðburðum á samkomum í byrjun skóladags. Allir nemendahópar stigu á stokk og fluttu leikrit, kynningar, sýndu dans eða aðrar uppákomur. Þá er orðin rík hefð að bjóða foreldrum á kynningar sem tengjast þeim. Markmið skólans er að allir nemendur komi fram a.m.k. einu sinni í morgunsöng á hverju skólaári. Flestir komu fram mun oft en það.

Skólaráð

Skólaráð starfar samkvæmt 8. gr laga nr. 91/2008. Í reglugerð um grunnskóla kemur fram að við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er starfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólastjóri situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra skulu sitja í ráðinu tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Skólaárið 2016-2017 sátu í skólaráði Sjálandsskóla, Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri, Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri sem var ritari ráðsins. Fulltrúar nemenda voru þau Gabriel Elí Jóhannsson, Anna Karen Elvarsdóttir, fulltrúi forelda Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Eva Hrönn Jónsdóttir, fulltrúar kennara voru Guðrún Dóra Jónsdóttir og Eygló R. Sigurðardóttir, fulltrúi starfsfólks var Hrefna María Ragnarsdótti og fulltrúi grenndarsamfélagsins var Helga Vala Gunnarsdóttir.

Ráðgert var að halda fimm fundi á skólaárinu sem ráðgerðir voru strax í upphafi skólaársins. Einn fundur var afboðaður þar sem ræða átti skóladagatal en það hafði ekki verið samþykkt af skólanefnd þegar fundurinn var ráðgerður. Helstu verkefni voru m.a. umfjöllun um skóladagatal, rekstraráætlun, starfsáætlun, skólareglur, reglur um snjalltæki o.fl. Fjallað var um breytingar á unglingadeild, námsmat og breytingu tímatöflu í unglingadeild. Þá var rætt um félagslíf, agamál og starfsmannahald.

Foreldrafélag Sjálandsskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og honum er einnig falið að sjá til þess að komið sé á samstarfi milli skóla og foreldra. Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag Sjálandsskóla hefur sett sér starfsreglur, t.a.m. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu um fulltrúa í skólaráði. Í stjórn foreldrafélagsins sitja fimm fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi. Stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla fundar mánaðarlega eða fyrsta mánudag í hverjum mánuði.

Eftirtaldir foreldrar skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2016-2017

Eva Hrönn Jónsdóttir formaður	Eva Rós Stefánsdóttir gjaldkeri og ritari
Hera hannesdóttir meðstjórnandi	Þórunn Sveinbjarnardóttir meðstjórnandi
Jóhannes Kjartansson meðstjórnandi	

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með heill nemenda að leiðarljósi. Einnig er það samstarfsvettvangur foreldra til samráðs um það sem brennur á foreldrahópnum hverju sinni.

Á fyrsta fundi stjórnar var farið yfir fyrirhugaðar upptökur á skólaárinu og hlutverk bekkjarfulltrúa voru kynnt.

Foreldrafélagið hefur átt fulltrúa í Grunnstoð Garðabæjar og var sá fulltrúi Eva Hrönn Jónsdóttir. Starfsemi Grunnstoðar hefur verið öflug en hún stóð fyrir áhugaverðum fræðslufundum sem hafa verið vel sóttir.

Foreldrafélagið fékk tónlistarmann til að syngja í morgunsöng fyrir jólin, hélt árlegt páskabingó og tók þátt í innilegu sem að venju var haldin dagana 6. og 7. júní. Innilegan að þessu sinni gekk einstaklega vel. Farið var í fjallgöngu annars vegar á Esjuna og hins vegar í Búrfellsgjá. Foreldrafélagið var með aðkeypt atriði á kvöldvökunni og sló það í gegn hjá krökkunum. Það var samdóma álit allra að kvöldvakan gekk einstaklega vel þetta árið. Foreldrafélagið líkt og undanfarin ár lagði sitt af mörkum í innilegunni og var þátttaka foreldra með eindæmum góð. Í heildina gekk starfið hjá foreldrafélagi

Sjálálandsskóla ágætlega. Foreldrafélagið var með fésbókarsíðu og þangað voru settar upplýsingar fyrir foreldra.

Foreldrafélagið hefur umsjón með styrktarsjóði sem er ætlað að styrkja börn í skólanum sem vegna bágra fjárhagsaðstæðna komast ekki á viðburði á vegum skólans. Allir styrkir eru nafnlausir og beiðnir um slíkt fara eftir ákveðnum reglum sem foreldrafélagið hefur sett.

Foreldrafélagið mun standa fyrir aðalfundi félagsins en hann verður boðaður á komandi hausti en þá verður einnig kosin ný stjórn.

Ýmsar skýrslur

Í þessum kafla eru skýrslur umsjónarkennara í öllum árgöngum. Skýrslurnar eru allar byggðar upp með sama hætti. Fjallað er um helstu áherslur árgangsins, skipulag kennslu, námsmat, útikennslu/ vettvangsferðir og þemu ásamt mati á skólalastarfinu í vetur. Í öllum tilvikum er vísað í kennsluáætlanir bekkja en allar kennsluáætlanir liggja á vef Sjálálandsskóla undir námið- kennsluáætlanir.

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Í 1. bekk voru 39 nemendur, 17 stúlkur og 22 drengir. Um áramótin hætti ein stúlka og það bættust við tvær stúlkur og tveir drengir. Umsjónarkennarar voru Eiríkur Þór Jónasson og Svanhildur M. Ingvarsdóttir. Jóhanna Elísa Magnúsdóttir leikskólakennari aðstoðaði ásamt Níelsi Almari Sveinsyni stuðningsfulltrúa. Aðrir kennarar sem kenndu í hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir í myndmennt, Guðrún Gyða Franklín kenndi hönnun og smíði, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi sund, Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir, Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmennt og Ólafur Schram kenndi tónmennt. Ingunn Þóra Hallsdóttir sérkennari og Hrafnhildur Fjølsted komu að hópnum. Anna Jóna Sigurðardóttir umsjónakennari í 2. bekk kom að hópnum í listahringekju.

Skipulag kennslu

Teymiskennsla var í árganginum, umsjónarkennarar unnu saman með hópana sína. Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær áðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku 2-3 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum þegar því var komið við. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Í upphafi dags voru viðfangsefni dagsins rædd og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins. Hér má finna [kennsluáætlun 1. bekkjar](#).

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús í desember og júní. Tvisvar var lykilhæfni metin, fyrir foreldraviðtöl í október og febrúar. Lögð var fyrir stafakönnun í ágúst og síðan voru nemendur lestrarprófaðir í nóvember, janúar, og maí. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og voru viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar í *Aðalnámsskrá grunnskóla* (íslenska, stærðfræði). Kannanir voru lagðar reglulega fyrir til þess að meta nemendur og kynna fyrir þeim hvernig próf fara fram. Einnig var þema metið með tilliti til sjálfstæðra vinnubragða, áhuga og samvinnu.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var meðal annars tengd við þemu, þannig að unnið var með markmið úr viðkomandi þema úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið *Aðalnámsskrár*

grunnskóla. Útikennslan tókst yfirleitt vel og voru börnin mjög áhugasöm fyrir þeim verkefnum sem fyrir þau voru lögð. Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var m.a. í gróðursetningarferð í Guðmundarlund, Gálghraun í pizzugerð og endurskinsmerkjaleit, Bókasafn Garðabæjar, strætóferðir, sýningu hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, hjólaferð, skíðaferð, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Jötunheima með leikskólanum Sjálandi, Álftanes í fjöruferð og hreystibrautina í Flataskóla. Vorferð var farin í Búrfellsgjá.

Þema

Í skólabyrjun var farið í þema um skólareglurnar, umhverfið í kringum skólann og starfsfólk skólans. Markmið þemans var að nemendur kynntust sem best nýja skólanum sínum í upphafi skólaársins og gætu fundið sig örugga í nýjum umhverfi. Næsta þema var fjaran en þá var farið meðal annars í fjöruna á Álftanesi og hjá Sjálandsskóla. Unnin voru ýmis verkefni inni á heimasvæðinu.

Þema um hafið gekk einnig vel en þar var búinn til kolkrabbi og fiskar til þess að skreyta gluggana á heimasvæðinu. Jólaleikritið Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum var æft með 2. bekk. Leikritið var sýnt í desember fyrir nemendur Sjálandsskóla og foreldra. Strax eftir áramótin var svo farið að æfa leikritið Dýrin í Hálsaskógi með 2. bekk. Það gekk afar vel. Lokaafurð þemans var leiksýning sem sýnd var öllum nemendum Sjálandsskóla í 1.-7. bekk og einnig foreldrum. Risaeðlur, ýmis verkefni voru unnin á heimasvæði meðal annars voru búnar til stórar risaeðlur og þeirra umhverfi.

Tröllapemað þá voru ýmis verkefni unnin og gerð voru tröll úr steinum.

Síðasta þemað var náttúran, vísindi og umhverfið, unnin voru ýmis verkefni.

Bekkjarfundir

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega og þegar þörf var á. Þessir fundir voru aðalega notaðir til þess að ræða hvað reglur nemendur og kennarar vildu að giltu á svæðinu, til þess að leysa úr deilum og til þess að skerpa á hegðun.

Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarfulltrúar héldu hrekkjavökuball í lok október þar sem börnin fengu að búa til brjóstsykur.

Foreldrum var boðið á sýningu barnanna um Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum í desember og á leikritið um Dýrin í Hálsaskógi í febrúar.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Við vorum í samstarfi við leikskólann Sjáland þar sem við hittumst annan hvern mánuð yfir veturinn. 1. og 2. bekkur fór á hverjum föstudegi og las fyrir börnin í Skólakjarna. Við buðum þeim í jólaföndur, útikennslu, þrautabrautir í íþróttasalnum og gönguferð í Jötunheima svo dæmi séu tekin. Í árganginum var stunduð hugleiðsla jafnt yfir allan veturinn. Áhersla var á að kennda nemendum að stilla hugann og tileinka sér núvitund.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti. Foreldrum var birt námsmat í námfús í desember og júní. Einnig var birt lykilhæfnimat í námfús fyrir foreldraviðtöl í október og febrúar. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs, formleg foreldraviðtöl voru þrisvar yfir veturinn.

Foreldrar tóku virkan þátt í innilegunni.

Ekki hafa verið auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrar voru alltaf velkomnir í skólann til viðræðna við kennara og einnig var tölvupóstur og sími notaður í samskiptum.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í vetur gekk almennt vel en það hefði mátt stytta þemað um tröllin það var heldur langt. Nemendahópurinn var ágætur og tókst að vinna þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi. Nemendum gekk vel að vinna saman og er þetta samheldinn hópur. Mikil áhersla var lögð á grunnfærni í lestri og gekk það almennt vel. Námsárangur var að jafnaði góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utandyra sem innan.

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Í 2. bekk voru 27 nemendur, 16 stúlkur og 11 drengir, í apríl flutti ein stúlka og fór í annan skóla. Umsjónarkennarar voru Anna Jóna Sigurðardóttir og Ingvaldur Karlsdóttir. Í byrjun október tók síðan Anna Guðný Tryggvadóttir við af Ingvaldi og hún fór í sérkennslustörf. Karítas Eik Sandholt og Agnes María Ásmundsdóttir stuðningsfulltrúar skiptu vikunni á milli sín og fylgdu einum nemanda. Aðrir kennarar sem kenndu í hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir í myndmennt, Guðrún Gyða Franklín kenndi hönnun og smíði, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi sund, Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir, Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmennt og Ólafur Schram kenndi tónmennt. Ingunn Þóra Hallsdóttir sérkennari og Hrafnhildur Fjeldsted þroskaþjálfari komu að hópnum. Eiríkur Þór Vattnes Jónasson og Svanhildur M. Ingvarsdóttir umsjónarkennarar í 1. bekk komu að hópnum í listahringekju.

Skipulag kennslu

Teymiskennsla var í árganginum, umsjónarkennarar unnu saman með hópana sína. Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku 2-3 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Í upphafi dags voru viðfangsefni dagsins rædd og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins. Unnið var í hringekju í íslensku. Þemur sem tekin voru fyrir í ár voru skólabyrjun, fjaran, veðrið, Dýrin í Hálsaskógi, risaeðlur og land og þjóð. Í þemavinnu þá unnu nemendur ýmist í þörum eða í einstaklingsvinnu við ýmis mismunandi verkefni og voru nemendur virkir í þeirri vinnu. Í stærðfræði voru 3 getuskiptir hópar sem voru endurskoðaðir reglulega. Hóparnir blönduðust mikið á milli greina og nemendur voru í mörgum hópum með mismunandi krökkum, það var gert með það að markmiði að þau myndu kynnast öllum krökkunum vel. Sætaskipanin var líka ákveðin með það í huga að börnin myndu kynnast sem flestum og þau myndu breyta um vinnuumhverfi reglulega. Börnin voru með 3 mismunandi sæti í íslensku, stærðfræði og öðrum greinum.

[Kennsluáætlanir](#) má sjá á vef Sjáländsskóla.

Kennsluáætlunin í íslensku gekk að mestu leiti upp. Hringekjurnar eftir áramót hefðu þurft lengri tíma hverju sinni og við fækkuðum því um eina hringekju. Kennsluáætlun í stærðfræði gekk mjög vel og ekkert út á hana að setja. Í þema þá hefði verið gott að hafa lengri tíma í þemanu um risaeðlurnar og land og þjóð. Einnig hefðum við viljað vera búin með leikmynd fyrir Dýrin í Hálsaskógi fyrr til þess að nemendur næðu að æfa leikritið með allri leikmyndinni á sviðinu oftar.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús í desember og júní. Tvisvar var lykilhæfni metin, fyrir foreldravíðtöl í október og febrúar. Nemendur voru lestrarprófaðir í ágúst, nóvember, janúar, mars, apríl og maí. Nemendur sem ekki höfðu náð lestrarviðmiðum 2. bekkjar í janúar var boðið lestrarnámskeið, helmingur foreldra þáði boðið. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og voru viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar í Aðalnámsskrá grunnskóla (íslenska, stærðfræði). Kannanir voru lagðar reglulega fyrir í íslensku og stærðfræði. Einnig var þema metið með tilliti til sjálfstæðra vinnubragða, áhuga og samvinnu.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla er m.a. tengd við þemu, þannig að unnið var með markmið úr viðkomandi þema úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið Aðalnámsskrár grunnskóla. Útikennslan tókst yfirleitt vel og voru börnin mjög áhugasöm fyrir þeim verkefnum sem fyrir þau voru lögð.

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var m.a. í gróðursetningarferð í Guðmundarlund, Gálghaun, Hellisgerði, heimsókn á Alþingi, bókasafn Garðabæjar, Bessastaði, hjólaferðir, snjóhúsagerð, skíðaferð. Vorferð var farin í Búrfellsgjá. Ferðirnar gengu mjög vel, nemendur voru áhugasamir og fóru eftir settum reglum hverju sinni.

Lífsleikni/ bekkjarfundir

Í lífsleikni var árgangnum skipt í tvennt, stelpu og stráka hópa þar sem annar hópurinn fór í núvitund hjá Önnu Jónu og hinn hópurinn vann í lífsleikniefninu Vinir Zippýs hjá Önnu Guðný, vikuna eftir skiptu hóparnir um stað. Bekkjarfundir voru haldnir reglulega og þegar þörf var á. Lífsleiknihóparnir voru mismunandi upplagðir í að taka þátt, hefði jafnvel verið betra að kynjaskipta ekki hópunum en okkur fannst þörf á að kynjaskipta til að vinna sem best úr námsefninu um vináttuna.

Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarfulltrúar héldu hrekkjavökuball í lok október þar sem börnin fengu að búa til brjóstsykur.

Foreldrum var boðið á sýningu barnanna um Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum í desember og á leikritið um Dýrin í Hálsaskógi í febrúar. Eftir risaeðluþema bekkjarins voru foreldrar hvattir til að koma og skoða afraksturinn.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Í upplýsinga- og tæknimennt var nemendum kennt grunnurinn að forritun og sýndu nemendur mikinn áhuga á því. Í lífsleikninni var núvitund notuð en æfingar í núvitund þjálfu okkur í að hlusta betur og taka eftir okkar eigin hugsunum.

Í mars var nemendum sem ekki höfðu náð lestrarviðmiðum 2. bekkjar í janúar boðið upp á lestrarátakið Polli sem er þróunarverkefni frá Hofstaðaskóla.

Við tókum þátt í brúum bilið með 1. bekk en það er samstarfsverkefni á milli leikskóla og grunnskóla. Nemendur í 1. og 2. bekk fóru í hverri viku og lásu fyrir skólakjarna. Einnig buðum við skólakjarna í jólaföndur og hittum þau í útikennslu.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti. Foreldrum var birt námsmat í námfús í desember og júní. Einnig var birt lykilhæfnimat í námfús fyrir foreldraviðtöl í október og febrúar. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs, formleg foreldraviðtöl voru þrisvar yfir veturinn og haldnar voru tvær leiksýningar fyrir foreldra.

Bekkjarfulltrúar skipulögðu eitt bekkjarkvöld. Einnig tóku foreldrar virkan þátt í innilegu.

Ekki voru auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrar voru alltaf velkomnir í skólann til viðræðna við kennara og einnig var tölvupóstur og sími notaður í samskiptum.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Nemendahópurinn var góður og tókst okkur að vinna þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi. Nemendum gekk vel að vinna saman og er þetta samheldinn hópur. Mikil áhersla var lögð á grunnfærni í lestri og gekk það almennt vel. Námsárangur var að jafnaði góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utandyra sem innan. Samstarfið gekk vel og við gátum nýtt styrkleika hvor annarar í kennslu og undirbúningi.

Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk

Í 3. bekk voru 28 nemendur, 18 stúlkur og 10 drengir. Í 4. bekk voru 22 stúlkur og 10 drengir. Í umsjónarkennarateyminu voru 3 kennarar Guðrún Svava Viðarsdóttir, Guðrún Sigríður Pálsdóttir og Hildur B. Jónsdóttir. Bekknum fylgdu 3 stuðningsfulltrúar þær Margrét Heiða Magnúsdóttir, Alexandra Bergdís Pálsdóttir, Karítas Eik Sandholt/Agnes María Ásmundsdóttir. Tveir nemendur í 4. bekk voru með stuðningsaðila sér til aðstoðar og einn í 3. bekk.

Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir í myndmennt, Guðrún Gyða Franklín kenndi hönnun og smíði, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi sund, Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir, Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmennnt og Ólafur Schram kenndi tónmennt. Ingunn Þóra Hallsdóttir sérkennari og Hrafnhildur Fjølsted þroskaþjálfari komu að hópnum varðandi sérkennslu og stuðning.

Skipulag kennslu

Teymiskennsla var í árganginum þar sem nemendum var skipt í þrjá hópa á svæðinu og hver kennari hélt utan um þann hóp. Sá hópur var ekki tengdur skiptingu á umsjónarnemendum. Nemendum var skipt í íslensku og stærðfræði í hópa eftir bekkjum 3. bekkur var á einu svæði, 4. bekkur á einu svæði og síðan var blandaður hópur inni í kennslustofunni. Vel gekk að vinna í þessum hópum og hentar vel á þessu svæði. Í þema og öðrum tímum unnum við öll saman eða skiptum í marga litla hópa. Nemendur sátu með mismunandi sætífélaga ýmist 4 saman eða 2 saman á borðum. Vel reyndist okkur að skipta reglulega um sætisfélaga.

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, uppgötvunarnám, að læra í gegnum leik voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku 2 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum þegar því var komið við. Í útikennslu var lögð áhersla á sem flestar námsgreinar meðal þess sem tekið var fyrir í útikennslu var þema, stærðfræði, íslenska, landafræði og samvinnuleikir.

Nálgast má kennsluáætlanir varðandi skipulag á hverri námsgrein fyrir sig á heimasíðu Sjálandsskóla undir flípanum námið [kennsluáætlanir](#).

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús í desember og júní. Nemendur voru lestrarprófaðir í ágúst, nóvember, janúar, og maí. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og voru viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar í Aðalnámsskrá grunnskóla (íslenska, stærðfræði). Kannanir voru lagðar reglulega fyrir til þess að meta nemendur og fylgjast með stöðu þeirra. Í lok hvers þema var þemað metið. Mismunandi mat var notað við mat á þemu, sjálfsmat, könnun, mat með lykilhæfni, mat á einstaklingsverkefnum og mat á samvinnuverkefnum. Fjölbreytt mat kom vel út fyrir nemendurnar.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla er m.a. tengd við þemu, þannig að unnið var með markmið úr viðkomandi þema úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið Aðalnámsskrár grunnskóla. Útikennslan tókst yfirleitt vel og nemendurnir voru flestir áhugasamir og vinnusamir. Það bar þó á því að nemendur komu ekki í fatnaði í samræmi við veður þrátt fyrir að minnst væri á slíkt í hverjum föstudagsþósti.

Í útikennslu notum við nær umhverfið mikið ásamt því að fara í styttri og lengri ferðir. Í nær umhverfinu má nefna Skógarlundinn við lækinn, ylströndina, skólalóðina, fjöruna við skólann, Skíthóll, hjólabretta svæði og útikennslusvæði var nýtt til úti eldunar.

Ferðir sem farið var í voru m.a. í gróðursetningarferð í Guðmundarlundi, Hellisgerði, Kjarvalsklettar, Stupan við Lindakirkju skoðuð, Árbæjarsafnið, Náttúrufræðistofan í Kópavogi og hjólaferð að bænum

Krók í Garðabæ. Einnig var farið í hina árlegu skíðaferð og vorferðin/innilegan var farinn í Búrfellsgjá og á Búrfellið.

Bekkjarfundir

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega á þriðjudögum eftir hádegi og bætt var við fundi ef þess þurfti. Þessir fundir voru aðalega notaðir til þess að ræða samskiptareglur, leysa deilur og gera verkefni um vináttu og líðan. Fundirnir í byrjun skólaárs fóru í að ræða hvaða reglur nemendur og kennarar vildu að giltu á þeirra svæði og í þeirra samskiptum.

Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarfulltrúar héldu furðufataball í október. Á vormánuðum hélt 3. bekkur sér og 4. bekkur sér spilakvöld þar sem Spilavinir komu með hin ýmsu spil þar sem börn og foreldrar spiluðu saman.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Í upplýsinga- og tæknimennt var nemendum kenndur grunnurinn að forritun þar sem unnið var með vefinn code.org. Nemendur voru mjög áhugasamir. Í vetur kenndum við yoga og hugleiðslu einu sinni í viku í 40 mín. Þar fengu nemendur að kynnst grunnhugsun í hugleiðslu og lærðu yoga stöður. Lang flestum nemendunum fannst gott að geta leitt hugann og fannst það hjálpa sér í að slaka á og einbeita sér. Dans var eitt af því sem við bættum við á stundatöfluna. Í dansinum blómstruðu einstaklingarnir hver á sinn hátt og flestum nemendurnir voru ánægðir með þessa nýbreytni. Dansinn nýttist einnig í sýningar þar sem börnin ýmist sýndu dans eða leiddu samnemendur í dans í morgunsöng.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti. Foreldrum var birt námsmat í námfús í desember og júní. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs, formleg foreldraviðtöl voru þrisvar yfir veturinn.

Bekkjarfulltrúar skipulögðu þrjú bekkjarkvöld. Foreldrar tóku mikinn þátt í innilegunni sem var mjög ánægulegt.

Foreldrum var sérstaklega boðið á sýningu nemenda á þemanu Garðabær bærinn minn.

Ekki hafa verið auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrar voru duglegir að hafa samband sérstaklega með tölvupósti ef þörf var á. Foreldrasamskiptin hafa verið góð í vetur.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í vetur gekk almennt vel. Nemendahópurinn var ágætur og tókst okkur að vinna þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi. Hvor bekkur fyrir sig er samheldinn en átti þó mjög auðvelt með að vinna saman. Námsárangur var að jafnaði góður. 4. bekkur tók samræmduprófin í september og var niðurstaða þeirra ágæt.

Í vetur lögðum við mikla áherslu á lestur og voru lestrarpróf menntamálastofnunnar notuð yfir skólaárið og fyllt inn í Skólagáttina. Heimalesturinn gekk að jafnaði ágætlega þó má betur fara ef duga skal í skráðum heimalestradögum yfir veturinn. Áhersla á lesskilning var mikil og gerð ýmiss verkefni tengd því og mikilvægt er að halda því áfram sem og áhersla á stafsetningu með upplestri. Lögð var áhersla á skipulögð vinnubrögð og voru allir nemendur með möppu sem þeir flokkuðu námsgögnin sín í eftir fögum. PALS var lagt fyrir á haustönn, í vetur lögðum við fyrir Orðarún lesskilningsprófið í byrjun PALS og aftur í lok PALS. Niðurstöður voru skráðar. Mikilvægt er að fylgja því áfram eftir og skrá niðurstöður og mat á PALS aðferðinni til að meta áhrif hennar á nám nemandans.

Veturinn gekk vel og stóðu nemendur sig vel í öllu því sem þeir tóku sér fyrir hendur.

Fjöldi veikindadaga í 4. bekk skólaárið 2016-2017 voru 186 og leyfis dagar voru 158.

Fjöldi veikindadaga í 3. bekk skólaárið 2016-2017 voru 132 og leyfis dagar voru 103

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Í 5. bekk voru nemendur 31, 13 stúlkur og 18 drengir. Umsjónarkennari var: Hrafnhildur Sigurðardóttir.

Aðrir kennarar í list- og verkgreinum voru þeir sömu og hjá öðrum bekkjum í skólanum.

Miðstigið þetta ár var með þróunarverkefni í faggreinakennslu. Hrafnhildur Sigurðardóttir og Geirprúður Guðmundsdóttir sáu um stærðfræðikennsluna. Sigurlín Sumarliðadóttir og Þórey Íris Halldórsdóttir sáu um íslenskukennsluna og Erna Oddný Gísladóttir, Rebekka Árnadóttir, Margrét Jóna Höskuldsdóttir og Margrét Þorleifsdóttir skiptu á milli sín tungumálakennslunni eftir að Sigurbjörg Ósk fór í veikindaleyfi. Særún Sigurjónsdóttir þroskaþjálfari var stór hluti teymisins ásamt Margréti Þorleifsdóttur sérkennara en þær sinntu hluta nemenda af mikilli kostgæfni og aðstoðuðu kennara með ýmis nemendamál bæði námsleg og hegðunarleg. Önnur fög en talin hafa verið upp hér að ofan var í höndum umsjónarkennara. Rósa Siemsen námsráðgjafi ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra.

Skipulag kennslu

Þar sem að það var faggreinaskipt á miðstiginu var stundataflan hefðbundin og íslenska, stærðfræði, danska, enska, listir og íþróttir kenndar á mismunandi dögum eftir hópum. Í íslensku, stærðfræði og tungumálum var hópunum alltaf tvískipt til að mæta nemendum miðað við getu hvers og eins. Tekin var ákvörðun strax um haustið að 5. bekkurinn yrði kenndur sér og 6. bekkur sér en árgöngunum var þó blandað saman í þema, íþróttum og listum. Útikennsla var alltaf á fimmtudögum og þemun kennd á þriðjudögum. Mikil áhersla var lögð á heimalestur nemenda og einkunn gefin fyrir heimalestur. Nemendur fengu áætlunarblað í byrjun hverrar viku um skipulag kennslu þeirrar viku og á áætlunarblaðið áttu foreldrar að kvitta fyrir heimalestur.

Samfélagsfræði og náttúrufræði var samþætt í þemalotum. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikil eftir því hvert viðfangsefnið var. Textílmennt, myndmennt, smíði, tölvur og upplýsingamennt og leiklist voru kennd í fjögurra vikna lotum fyrir og eftir áramót og fengu nemendur úthlutað þremur klukkustundum á viku. Sund var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur og íþróttir einu sinni í viku í 60 mínútur. Kennsluáætlanir má finna [hér](#).

Námsmat

Í íslensku og stærðfræði var símat allan veturinn og var námsmat birt jafnóðum á Námfús. Í þemum var mismunandi námsmat, ýmist voru þemamöppur metnar, jafningja og sjálfsmat var lagt fyrir sem og próf. Samkvæmt nýrri lestrarstefnu voru allir nemendur 6. bekkjar Logos skimaðir og lestrarpróf voru lögð fyrir í september, janúar og maí.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var föst á stundaskrá í tvær stundir á fimmtudögum. Samkennsla var með 5. bekknum og viðfangsefni voru tengd þemum, íslensku og stærðfræði. Sem dæmi um vettvangsferðir voru: Ferð á Vísindasmiðjuna, Sögusafnið og Náttúrugripasafn Kópavogs. Í útikennslu var farið í fjöruferðir, hjólaferðir, ratleiki á skólalóð og útiöldun svo eitthvað sé nefnt.

Lífsleikni/ bekkjarfundir

Lífsleikni var kennd eina stund í viku á þriðjudögum. Í fyrstu var unnið með *handbókina Náðu tökum á náminu* sem er handbók um námstækni. Mjög góð handbók og virkilega þarft viðfangsefni sem tók á mörgum þáttum. Í framhaldinu var vináttan tekin fyrir og haldnir bekkjarfundir eins og þurfti. Stúlkurnar í bekknum fóru á samskiptanámskeið og nýttu morgunkaffið í fundi til að bæta samskipti sín á milli.

Skemmtanir og félagslíf

Félagsmiðstöðin Klakinn hóf félagsstarf fyrir nemendur á miðstigi í nóvember og var það vel sótt af nemendum. Mikil ánægja með starfið hjá bæði nemendum og foreldrum. Blái hnötturinn þemað sem nemendur í 5-6.bekk stóðu fyrir var hápunktur vetrarins og héldu nemendur 6 sýningar fyrir alla nemendur 5-6.bekkjara í Garðabæ auk þess sem þeir sýndu fyrir foreldra og samnemendur í Sjálandsskóla.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Faggreinakennsla á miðstiginu í íslensku, stærðfræði og tungumálum.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu fréttabréf á föstudögum með upplýsingum um starfið og áætlun vikunnar. Foreldrar höfðu nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Nemendur kláruðu áætlun heima ef þeir náðu því ekki í skólanum. Foreldrafulltrúar stóðu fyrir einu bekkjarkvöldi þetta skólaárið, Jól í skókassa. Það heppnaðist vel og nemendur fóru með kassana á skólatíma og fengu fræðslu um verkefnið og starf KFUM og KFUK í leiðinni.

Mat á starfi vetrarins

Heilt yfir gekk veturinn vel þrátt fyrir að nemendahópurinn hafi verið krefjandi og þurft töluverða sérkennslu og átak í hegðun en með frábæru samstarfi teymisins, kennara, stuðningsulltrúa, námsráðgjafa og þroskaþjálfara gekk allt upp. Faggreinakennslan gekk vel en umsjónarkennurum fannst þó með þessu móti þeir ekki hafa næga yfirsýn með sínum umsjónarnemendum t.d. erfitt að fylgja umbunakerfum eftir, samskiptum nemenda, líðan nemenda ofl. Heimalesturinn gekk ágætlega en það þarf að fylgja honum betur eftir. Þrátt fyrir ítrekanir í föstudagspósti til foreldra voru nemendur ekki að skila nægilega góðum vitnisburði í heimalestri. Ástundun nemenda: Í 5. bekk voru 185 veikindadagar skráðir, 116 leyfis dagar, 192 stundir í fjarvist og 302 stundir í seinkomur.

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

Í 6. bekk voru 28 nemendur, 9 stúlkur og 19 drengir. Umsjónarkennari var: Þórey Íris Halldórsdóttir

Aðrir kennarar í list- og verkgreinum voru þeir sömu og hjá 1.-5. bekk.

Miðstigið þetta ár var með þróunarverkefni í faggreinakennslu. Hrafnhildur Sigurðardóttir og Geirprúður Guðmundsdóttir sáu um stærðfræðikennsluna. Sigurlín Sumarliðadóttir og Þórey Íris Halldórsdóttir sáu um íslenskukennsluna og Erna Oddný Gísladóttir, Rebekka Árnadóttir, Margrét Jóna Höskuldsdóttir og Margrét Þorleifsdóttir skiptu á milli sín tungumálakennslunni eftir að Sigurbjörg Ósk fór í veikindaleyfi. Særún Sigurjónsdóttir þroskaþjálfari var stór hluti teymisins ásamt Margréti Þorleifsdóttur sérkennara en þær sinntu hluta nemenda af mikilli kostgæfni og aðstoðuðu kennara með ýmis nemendamál bæði námsleg og hegðunarleg. Önnur fög en talin hafa verið upp hér að ofan var í höndum umsjónarkennara. Rósa Siensen námsráðgjafi ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra

Skipulag kennslu

Þar sem að það var faggreinaskipt á miðstiginu var stundataflan hefðbundin og íslenska, stærðfræði, danska, enska, listir og íþróttir kenndar á mismunandi dögum eftir hópum. Í íslensku, stærðfræði og tungumálum var hópunum alltaf tvískipt til að mæta nemendum miðað við getu hvers og eins. Tekin var ákvörðun strax um haustið að 5.bekkurinn yrði kenndur sér og 6.bekkur sér en árgöngunum var þó blandað saman í þema, íþróttum og listum. Útikennsla var alltaf á fimmtudögum og þemun kennd á þriðjudögum. Mikil áhersla var lögð á heimalestur nemenda og einkunn gefin fyrir heimalestur.

Nemendur fengu áætlunarblað í byrjun hverrar viku um skipulag kennslu þeirrar viku og á áætlunarblaðið áttu foreldrar að kvitta fyrir heimalestur.

Samfélagsfræði og náttúrufræði var sambætt þemalotum. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikil eftir því hvert viðfangsefnið var. Textílmennt, myndmennt, smíði, tölvu og upplýsingamennt og leiklist voru kennd í fjögurra vikna lotum fyrir og eftir áramót og fengu nemendur úthlutað þremur klukkustundum á viku. Sund var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur og íþróttir einu sinni í viku í 60 mínútur. Kennsluáætlanir 6. bekkjar má finna [hér](#).

Námsmat

Í íslensku og stærðfræði var símat allan veturinn og var námsmat birt jafnóðum á Námfús. Í þemum var mismunandi námsmat, ýmist voru þemamöppur metnar, jafningja og sjálfsmat var lagt fyrir sem og próf. Samkvæmt nýrri lestrarstefnu voru allir nemendur 6. bekkjar Logos skimaðir og lestrarpróf voru lögð fyrir í september, janúar og maí.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var föst á stundaskrá í tvær stundir á fimmtudögum. Samkennsla var með 5. bekknum og viðfangsefni voru tengd þemum, íslensku og stærðfræði. Sem dæmi um vettvangsferðir voru: Ferð á Vísindasmiðjuna, Sögusafnið og Náttúrugripasafn Kópavogs. Í útikennslu var farið í fjöruferðir, hjólaferðir, ratleiki á skólalóð og útiöldun svo eitthvað sé nefnt.

Lífsleikni/ bekkjarfundir

Lífsleikni var kennd eina stund í viku á þriðjudögum. Í fyrstu var unnið með *handbókina Náðu tökum á náminu* sem er handbók um námstækni. Mjög góð handbók og virkilega þarft viðfangsefni sem tók á mörgum þáttum. Í framhaldinu var vináttan tekin fyrir og haldnir bekkjarfundir eins og þurfti.

Skemmtanir og félagslíf

Félagsmiðstöðin Klakinn hóf félagsstarf fyrir nemendur á miðstigi í nóvember og var það vel sótt af nemendum. Mikil ánægja með starfið hjá bæði nemendum og foreldrum. Nemendur fóru í skíðaferð í Bláfjöll með skólanum 15 mars og gistu yfir nótt í Ármannsskála. Gekk þessi ferð ljómandi vel og vonum við að hún sé komin til að vera. Blái hnötturinn þemað sem nemendur í 5-6. bekk stóðu fyrir var hápunktur vetrarins og héldu nemendur 6 sýningar fyrir alla nemendur 5-6. bekkjar í Garðabæ auk þess sem þeir sýndu fyrir foreldra og samnemendur í Sjálandsskóla.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Faggreinakennsla á miðstiginu í íslensku, stærðfræði og tungumálum.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu fréttabréf á föstudögum með upplýsingum um starfið og áætlun vikunnar. Foreldrar höfðu nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Nemendur kláruðu áætlun heima ef þeir náðu því ekki í skólanum. Foreldrafulltrúar stóðu fyrir tveimur bekkjarkvöldum þetta skólaárið en það voru Jól í skókassa og spilakvöld.

Mat á starfi vetrarins

Heilt yfir gekk veturinn vel þrátt fyrir að nemendahópurinn hafi verið krefjandi og þurft töluverða sérkennslu en með frábæru samstarfi teymisins, kennara, stuðningsulltrúa, námsráðgjafa og proskapjálfa gekk allt vel. Faggreinakennslan gekk vel en umsjónarkennurum fannst þó með þessu móti þeir ekki hafa næga yfirsýn með sínum umsjónarnemendum. Heimalesturinn gekk ágætlega en það þarf að fylgja honum betur eftir. Þrátt fyrir ítrekanir í föstudagspósti til foreldra voru nemendur ekki að skila nægilega góðum vitnisburði í heimalestri. Ástundun nemenda: Í 6. bekk vor 160 veikindadagar skráðir, 123, leyfis dagar, 193 stundir í fjarvist og 235 stundir í seinkomur.

Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Í 7. bekk voru 32 nemendur, 14 stúlkur og 18 drengir. Umsjónarkennarar voru Geirprúður Guðmundsdóttir og Sigurín Sumarliðadóttir. Aðrir kennarar voru Guðrún Gyða Franklín sem kenndi smíði, Davíð Örvar Ólafsson sem sá um íþróttakennslu, Hrafnhildur Sævarsdóttir sá um sundkennslu. Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmenn, Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt og Ólafur Schram sá um tónmenntakennslu.

Skipulag kennslu

Þar sem við kenndum faggreinaskipt á miðstiginu var stundataflan hefðbundin. Í íslensku, stærðfræði og tungumálum var hópunum alltaf tvískipt til að mæta nemendum miðað við getu hvers, í íþróttum voru strákarnir einn hópur og stelpurnar einn og listum voru þau í þrískiptum hópum. Útikennsla var á þriðjudögum og þema var kennt á þriðjudögum og fimmtudögum. Kennsluáætlanir 7. bekkjar má finna [hér](#).

Samfélagsfræði og náttúrufræði var samþætt þemalotum. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikil eftir því hvert viðfangsefnið var. Textílmenn, myndmennt og smíði voru kennd í fjögurra vikna lotum fyrir og eftir áramót og fengu nemendur úthlutað þremur klukkustundum á viku. Sund var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur og íþróttir einu sinni í viku í 60 mínútur.

Námsmat

Í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði var símat allan veturinn og var námsmat birt jafnóðum á Námfús. Í þeim var mismunandi námsmat, ýmist voru próf, heimaverkefni, hópaverkefni, heimasíðugerð og sjálfsmat var lagt fyrir. Samkvæmt nýrri lestrarstefnu voru allir nemendur 7. bekkjar lestrarprófaðir fjórum sinnum voru lögð fyrir í september, október, febrúar og maí.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var föst á stundaskrá í tvær stundir á þriðjudögum. Viðfangsefni voru tengd þeim, tungumálum, íslensku og stærðfræði. Sem dæmi um vettvangsferðir voru: Sögusafnið 871+/-1, menningarferð í Hafnarfjörð, fimleikasalurinn í Ásgarði. Í útikennslu var farið í fjöruferðir, hjólaferðir, kajak, ratleiki á skólalóð og útielund svo eitthvað sé nefnt.

Lífsleikni/ bekkjarfundir

Lífsleikni var kennd eina stund í viku á miðvikudögum. Í fyrstu var unnið með *handbókina Náðu tökum á náminu* sem er handbók um námstækni. Mjög góð handbók og virkilega þarft viðfangsefni sem tók á mörgum þáttum. Í framhaldinu var vináttan tekin fyrir og haldnir bekkjarfundir eins og þurfti. Í vor höfum við verið að vinna með námsefni sem tengist jákvæðum og neikvæðum leiðtogum, við höfum ýmist unnið með allan bekkinn saman eða stelpurnar og strákana sér.

Skemmtanir og félagslíf

Nemendur 7. Bekkjar fóru í vikuferð að Reykjum í Hrótafirði dagana 31. október til 4. nóvember. Þar var mikið fjör og gekk ferðin vel í alla staði. Í október buðu 7. bekkingar jafnöldum sínum í Garðabæ á hrekkjavökuball sem haldið var í sal skólans. Vel tókst til og þar skemmtu sér um 120 nemendur. Og kennarar. Félagsmiðstöðin Klakinn hóf félagsstarf fyrir nemendur á miðstigi í nóvember og var það vel sótt af nemendum. Mikil ánægja með starfið hjá bæði nemendum og foreldrum. Nemendur fóru í skíðaferð í Bláfjöll með skólanum 15. mars. 10. maí var árs hátíð 7. bekkjar þar sem nemendur og umsjónakennarar sáum um skemmtiatriði og mat. Að loknu borðhaldi lék plötusnúður úr 10. bekk fyrir dansi.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Faggreinakennsla á miðstiginu í íslensku, stærðfræði og tungumálum.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu fréttabréf á föstudögum með upplýsingum um starfið og áætlun vikunnar. Foreldrar höfðu nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Nemendur kláruðu áætlun heima ef þeir náðu því ekki í skólanum. Foreldrafulltrúar í samstarfi við umsjónarkennara stóðu fyrir spilakvöldi þar sem spiluð var félagsvist. Spilað var á 12 borðum og skemmtu allir sér vel.

Mat á starfi vetrarins

Heilt yfir gekk veturinn vel þrátt fyrir að nemendahópurinn hafi verið krefjandi og þurft töluverða sérkennslu en með frábæru samstarfi teymisins, kennara, stuðningsulltrúa, námsráðgjafa og þroskaþjálfra gekk allt vel. Faggreinakennslan gekk vel en umsjónarkennurum fannst þó með þessu móti þeir ekki hafa næga yfirsýn með sínum umsjónarnemendum. Heimalesturinn gekk ágætlega en það þarf að fylgja honum betur eftir. Þrátt fyrir ítrekanir í föstudagspósti til foreldra voru nemendur ekki að skila nægilega góðum vitnisburði í heimalestri. Ástundun nemenda: Í 7. bekk voru 207 veikindadagar skráðir, 184 leyfis dagar, 49 stundir í fjarvist og 175 stundir í seinkomur.

Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk

Í 8. bekk voru 16 nemendur, 6 stúlkur og 10 drengir. Umsjónarkennari var Sigríður Guðrún Guðmundsdóttir.

Skipulag kennslu

Bekkjakennsla var í árganginum. Allar [kennsluáætlanir](#) árgangsins er hægt að finna á vef Sjálandsskóla.

Námsmat

Námsmat var birt jafnóðum í umsjónarkerfi Námfús yfir all skólaárið.

Helstu áherslur hvernar námsgreinar

Stærðfræði var kennd í 4 – 5 vikna lotum. Í upphafi hvernar lotu fengu nemendur kennsluáætlun þar sem þeir gátu séð hæfniviðmiðin sem lögð voru til hliðsjónar í lokamati lotunnar, ásamt kennslufyrirkomulagi, verkefnaskilum og könnunum. Öllum námsmarkmiðum vetrarins var náð. Það sem betur mátti fara var að auka þátt verklegra æfinga í kennslu.

Íslenska var kennd í 4 lotum í vetur. Við upphaf nýrrar lotu fengu nemendur í hendur kennsluáætlanir sem einnig voru birtar inni á vef Sjálandsskóla. Kennslan gekk að mestu samkvæmt áætlun, nemendur unnu vel framan af en eftir páskafrí dró aðeins úr vinnuframlagi og vinnugleði nemenda, verkefnum ekki skilað eða unnin seint og illa. Því er vert að endurskoða kennsluáætlun m.t.t þess; dreifa vinnuálagi, setja fyrir ný verkefni sem ríma vel við hæfniviðmiðin og efla áhuga nemenda til lestu með mun markvissari hætti.

Í upplýsinga- og tæknimennt var lögð áhersla á að auka hæfni nemenda í réttri fingrasetningu á lyklaborði og var stuðst við námsefnið á Netinu www.sense-lang.org. Einnig lærðu nemendur á hin ýmsu tölvuforrit eins og t.d. Excel, Google Earth, gerð hugtakakorta í Keynote, Google Docs og Geogebra. Reynt var að tengja upplýsingamennt við námsþætti í öðrum námsgreinum hverju sinni. Sem dæmi um það var t.d. þegar nemendur lærðu um tölfræði í stærðfræði, þá var samhliða kennt á Excel forritið. Það sem nemendur lentu oft í var að tölvurnar voru lengi að ræsa sig og sumar virkuðu ekki þannig að það fór dýrmætur tími oft til spillis. Þar sem kennarinn var að kenna tvo samliggjandi tíma í árgangnum, þá náðu nemendur sér í tölvur í fyrri tímanum, ræstu tölvurnar og svo var þessi námsgrein í seinni tímanum.

Enskukennslan gekk vel og gekk áætlun nokkuð vel eftir. Vegna breytinga á námsmati myndi ég vilja hafa skipulagt námið meira með hæfniviðmið í huga og sett upp lotur þar sem byggð er upp ákveðin hæfni sem metin er í upphafi og lok tímabils. Þó nokkur áhersla var lögð á framsögn og tóku flestir nemendur miklum framförum í þeirri hæfni.

Danska var kennd 2 tíma í viku í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlanir hverrar lotu vistaðar á heimasíðu skólans. Kennsla vetrarins í dönsku var byggð á áherslum Aðalnámskrár grunnskóla og markvisst var unnið með lesskilning, ritun, hlustun, menningarläsi, námshæfni, frásögn og samtal. Lögð var áhersla á að hverjum og einum nemanda gæfist færi á að þroska og efla hæfni sína í hinum ýmsu færniþáttum erlendra tungumála sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá. Unnið var með kennslubókina Tænk og meðfylgjandi vinnubækur. Í byrjun nóvember var nemendum kynnt SMART markmiðasetning og þau hvött til að setja sér skýr, mælanleg, raunhæf og tímasett markmið í námi. Nemendum voru kynnt ýmis gagnleg forrit, vefsíður og öpp til að nýta í námi sínu og er helst þar að nefna glósuforritið quizlet sem og vefsíðuna wetransfer.com sem nemendur notuðu til að skila vídeóverkefnum. Nemendur unnu að auki ýmis málfræðiverkefni og ritunarverkefni sem útbúin voru af kennara. Lesin var ein frjálsslestrarbók og nemendur unnu ritunarverkefni tengt henni. Nemendur voru markvisst þjálfaðir í framsögn og samtali með vídeóverkefnum, samtalsæfingum og verkefnum þar sem nemendur undirbjuggu og fluttu kynningu á dönsku. Í 4. lotu unnu nemendur stórt verkefni um Danmörk og kynntu í verkefni sín. Nokkuð vel gekk að tengja kennslu og námsmat hæfniviðmiðum. Þó mikilvægt að þróa áfram þá vinnu og setja nánar upp hvernig best er að haga kennslu og námsmati þannig að markmið Aðalnámskrár náist sem best.

Hvert verkefni og próf var tengt tilgreindu hæfniviðmiði í kennslu erlendra tungumála. Lögð var áhersla á að námsmat endurspegladi sem best þau hæfniviðmið sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Nemendur tóku próf og gerðu verkefni sem reyndu á lesskilning og ritun. Hlustunarpróf voru tekin auk þess sem nemendur tóku munnlegt próf í lok lotu 4 þar sem reyndi á samskipti/samtal og blaðlausa frásögn á dönsku.

Lífsleiknikennslan í ár var í höndum Rósu Siemsen náms- og starfsráðgjafa. Kennt var einu sinni í viku. Markmið tímana var að láta nemendur vinna verkefni sem snýr að þeirra eigin sjálfsþekkingu, styrkleikum, veikleikum og færni þeirra í vináttu og samskiptum. Nemendur unnu einnig verkefni tengd störfum og atvinnulífi. Unnin voru bæði einstaklings- og hópaverkefni og var áhersla lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum. Meiri áhersla hefði þurft að vera á framsögn. Áætlun gekk nokkuð vel eftir framan af. Ég myndi vilja hafa lagt meiri áherslu á námstækni og markmiðasetningu og verður því bætt inn í áætlun fyrir næsta skólaár.

Eftirtalin þemu voru kennd í 8. bekk á skólaárinu.

Upp um fjöll og firnindi

Í þemavinnunni kynntust nemendur ýmsum þáttum sem tengjast útiveru og útivist. Nemendur lærðu m.a. á áttavita í snjalltækjum sínum og kortalestur. Nemendur horfðu á þætti tengt veðurfari og áhrif loftslagsbreytinga á jörðina. Samhliða kennslu í þessari námsgrein voru unnin verkefni í upplýsinga- og tæknimennt í forritinu Google Earth. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og hópverkefni sem þau skiluðu eða fluttu fyrir bekkinn. Það sem hefði mátt gera betur er að vinna verkefni tengt búsetu í heimabyggð nemenda, Garðabæ.

Jón Sigurðsson

Markmið þemans var m.a. að nemendur fengu innsýn yfir þær aðstæður sem landsmenn bjuggu við í upphafi 20. aldar sem og að kynna sér ævi Jóns Sigurðssonar mjög vel. Nemendur fóru í vettvangsferð í Þjóðminjasafnið og unnu verkefni út frá þeirri sýningu. Einnig var farin fer í miðbæ Reykjavíkur þar

sem nemendur fóru í ratleik um Jón Sigurðsson. Nemendur skrifuðu ritgerð um Jón Sigurðsson og var þá farið ítarlega í kennslu um heimildarskrif og notkun heimilda og gerð heimildaskráa. Samhliða þessu þema var kennt í upplýsinga- og tæknimennt ritun í Google Docs og gerð hugarkorta í Keynote í Ipad. Þetta þema gekk ágætlega en það má enn frekar skerpa á kennslu um heimildarritun.

Heimilsfræðivika

Nemendur unnu þetta þema nær eingöngu heima hjá sér en fengu tvo tíma í skólanum til að baka. Þeir fundu uppskrift, keyptu inn í matinn, elduðu fyrir fjölskylduna og gengu frá eftir matinn. Þau skiluðu síðan sjálfsmati og einnig mati frá foreldrum um hvernig gekk. Einnig áttu nemendur að sjá um þvott heima hjá sér. Þeir áttu að flokka þvott, setja í vel, ganga frá þvotti til þerris og einnig að brjóta hann saman og ganga frá í skáp. Nemendur skiluðu sjálfsmati og einnig mati frá foreldrum hvernig til tókst. Það var almenn mikil ánægja hjá foreldrum varðandi þetta verkefni og nemendum fannst þetta einnig í flestum tilvikum áhugavert.

Mannslíkaminn

Nemendur fræddust um líkamann sinn með áherslu á kynfræðslu. Umræður var stór hluti af fræðslunni. Nemendur lásu og unnu verkefni úr bókinni Mannslíkaminn. Nemendur fengu innlög í hverjum kafla með sýningu á kennslumyndböndum sem gaf góða raun. Nemendur fengu fyrirlestur frá Samtökum '78 og einnig flutti Ása hjúkrunarfræðingur skólans erindi. Þemað gekk mjög vel.

Lífheimurinn

Nemendur lásu og unnu verkefni úr bókinni Lífheimurinn. Nemendur fengu innlög í hverjum kafla með sýningu á kennslumyndböndum sem gaf góða raun. Töluvert var um hópverkefni og til að mynda bjuggu þau til veggmynd af þróunartré, fóru út og náðu í lífverur úr fjörunni og skoðuðu í smásjám. Þegar kom að kafla um plöntur, þá sáðu nemendur fræjum og hugsuðu um plönturnar og tóku hana síðan heim við útskrift. Þetta þema gekk mjög vel.

Ferðir og útikennsla

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 8. bekk en farnar nokkrar vettvangsferðir. Bekkurinn fór í haustferð sem hluta af hópefli á Úlfjótavatns. Ferðin var farin með 9. bekk. Nemendur tóku þátt í íþróttadegi skólans sem haldnir voru á haustdögum. Farið var á sýningu um Jón Sigurðsson á Þjóminjasafninu í tengslum við þemað um Jón Sigurðsson. Einnig fóru nemendur í ferð niður í miðbæ þar sem þau tóku þátt í ratleik um Jón Sigurðsson. Kyrrðarstund var haldin í Vífilsstaðakirkju og þeir nemendur sem vildu ekki fara í kirkju var boðið að fara á bókasafn Garðabæjar. Í febrúar fór unglingadeildin á tónleika með Sinfóníuhljómsveitinni í Hörpu. Einnig fór hópurinn í skíðaferð til Dalvíkur með unglingadeildinni. Nemendur tóku þátt á vordögum í hreinsunarátaki Sjálandsskóla.

Fyrirlestrar/ heimsóknir

8. bekkur fékk forvarnarfræðslu á vegum Blátt áfram. Haldin var eineltisvika í skólanum og fengu nemendur fyrirlestur sem Vanda Sigurðardóttir hélt. Ása hjúkrunarfræðingur hélt fyrirlestur um sjálfsvirðingu. Í febrúar komu fulltrúar frá Samtökum '78 og héldur fyrirlestur um kynhneigð. Í mars kom Brynjar Karl, nemandi í Laugarnesskóla og talaði við unglingadeildina um einhverfu.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var töluvert mikið og skýrist það út af samsetningu hópsins. Það var töluvert um fundi með einstökum foreldrum og í formi tölvusamskipta.

Mat á starfi vetrarins

Skólaárið gekk í heildina mjög vel. Nemendahópurinn var fámennur, nemendur voru í byrjun 12 en í lok árs voru þeir orðnir 16 sem settu kennurum ákveðnar skorður. Það tók nokkuð langan tíma að hrista hópinn saman, sérstaklega milli kynjanna en í lok árs var andinn orðinn allt annar milli þeirra.

Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk

Í 9. bekk voru 25 nemendur, 14 stúlkur og 11 drengir. Umjónarkennarar voru Rebekka Ólafsdóttir og Rebekka Árnadóttir. Rebekka Ólafsdóttir fór í fæðingarorlof í október og tók Rebekka Árnadóttir þá við umsjón hópsins. Einnig kenndi Silja Kristjánsdóttir hópnum í þema.

Skipulag kennslu

Bekkjarkennsla var í árganginum.

[Kennsluáætlanir](#) bekkjarins má finna á heimasíðu skóla í öllum námsgreinum.

Enskukennslan gekk vel og gekk áætlun nokkuð vel eftir. Þó nokkuð þurfti af aukaefni fyrir nokkra nemendur. Vegna breytinga á námsmati myndi ég vilja hafa skipulagt námið meira með hæfniviðmið í huga og sett upp lotur þar sem byggð er upp ákveðin hæfni sem metin er í upphafi og lok tímabils.

Lífsleiknikennslan í ár var í höndum Rósu Siemsen náms- og starfsráðgjafa. Kennt var einu sinni í viku. Markmið tímana var að láta nemendur vinna verkefni sem snýr að þeirra eigin sjálfsþekkingu, styrkleikum, veikleikum og færni þeirra í vináttu og samskiptum. Nemendur unnu einnig verkefni tengd mannréttindum, fjölbreytileika og lýðræði auk verkefnum tengd störfum og atvinnulífi. Áherslan framan af var á einstaklingsverkefni en umræður og hópaverkefni voru þó nokkur. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Meiri áhersla hefði þurft að vera á framsögn. Áætlun gekk nokkuð vel eftir framan af. Ég myndi vilja hafa lagt meiri áherslu á námstækni og markmiðasetningu og verður því bætt inn í áætlun fyrir næsta skólaár.

Íslenska var kennd í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlun var afhent við upphaf hvernar lotu og henni fylgt að jafnaði eftir. Vinnuálag var meira framan af vetri og nemendur unnu vel fram að samræmdum prófum. Eftir samræmdu prófin bar minna á vinnugleði og áhuga. Vert að hafa það í huga fyrir næsta vetur þar sem samræmdu prófin verða á sama tíma, í mars. Mikilvægt er að efla lestaráhuga nemenda og leggja fyrir verkefni í framsögn.

Danska var kennd 3 tíma í viku í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlanir hvernar lotu vistaðar á heimasíðu skólans. Kennsla vetrarins í dönsku var byggð á áherslum Aðalnámskrár grunnskóla og markvisst var unnið með lesskilning, ritun, hlustun, menningarläsi, námshæfni, frásögn og samtal. Lögð var áhersla á að hverjum og einum nemanda gæfist færi á að þroska og efla hæfni sína í hinum ýmsu færniþáttum erlendra tungumála sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá. Unnið var með kennslubókina Smil og meðfylgjandi vinnubækur. Í byrjun nóvember var nemendum kynnt SMART markmiðasetning og þau hvött til að setja sér skýr, mælanleg, raunhæf og tímasett markmið í námi. Nemendum voru kynnt ýmis gagnleg forrit, vefsíður og öpp til að nýta í námi sínu og er helst þar að nefna glósuforritið quizlet sem og vefsíðuna wetransfer.com sem nemendur notuðu til að skila vídeóverkefnum. Nemendur unnu að auki ýmis málfræðiverkefni og ritunarverkefni sem útbúin voru af kennara. Lesin var ein frjálslestrarbók og nemendur unnu ritunarverkefni tengt henni. Nemendur voru markvisst þjálfaðir í framsögn og samtali með vídeóverkefnum, samtalsæfingum og verkefnum þar sem nemendur undirbyggju og fluttu kynningu á dönsku. Í 4. lotu unnu nemendur stórt verkefni um Danmörk og kynntu í verkefni sín. Nokkuð vel gekk að tengja kennslu og námsmat hæfniviðmiðum. Þó mikilvægt að þróa áfram þá vinnu og setja nánar upp hvernig best er að haga kennslu og námsmati þannig að markmið Aðalnámskrár náist sem best.

Þema gekk vel og var hópurnir áhugasamir um þau verkefni sem lögð voru fyrir hann. Kennsluáætlanir fyrir [þema](#) eru á heimasíðu Sjálandsskóla.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús jafnóðum yfir árið. Hvert verkefni og próf var tengt tilgreindu hæfniviðmiði í kennslu erlendra tungumála. Lögð var áhersla á að námsmat endurspegladi sem best þau hæfniviðmið sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Í dönsku tóku nemendur tóku próf og gerðu verkefni sem reyndu á lesskilning og ritun. Hlustunarpróf voru tekin auk þess sem nemendur tóku munnlegt próf í lok lotu 4 þar sem reyndi á samskipti/samtal og blaðlausa frásögn á dönsku.

Ferðir og útikennsla

8. og 9. bekkur fóru að Úlfjótssvatni dagana 19. – 20. september.

Fyrirlestrar/ heimsóknir

Forvarnarfundur var haldinn á sal í október. Þann 7. nóvember flutti Vanda Sigurgeirsdóttir fyrirlestur um vináttu og einelti. Samtökin 78 komu með kynningu um kynvitund og kynhneigð. Í tengslum við lokaverkefni nemenda héldu Logi Bergmann og Ragnhildur Steinunn fyrirlestra um markmiðasetningu m.a. í mars.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Áhersla á innleiðingu nýs námsmats var í brennidepli í vetur og gekk að mínu mati mjög vel þó enn sé ekki öll vinnan unnin.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk vel í vetur og var þó nokkuð um samskipti og fundi vegna ákveðinna nemenda.

Mat á starfi vetrarins

Að mestu gekk starfið vel fyrir sig. Tíma tók að aðlagða kennsluna að nýju námsmati og vinna það en til að námsmatið sé sanngjarnt og skili tilætluðum árangri þarf að hugsa uppbyggingu kennslunnar betur í samhengi við það að mínu mati. Samstarf innan teymis á unglingastigi var mjög gott og starfsandi eins og best verður á kosið.

Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk

Í 10. bekk voru 35 nemendur, 21 stúlka og 14 drengir. Umsjónarkennarar voru Erna Sif Auðunsdóttir og Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu bekknum voru þeir sömu og kenndu 8. og 9. bekk.

Helstu áherslur hvernar námsgreinar

Ýmsir kennarar komu að kennslu árgangsins þar sem skipt var eftir faggreinum. Umsjónarkennarar 10. bekkjar kenndu einnig öðrum árgöngum á unglingastiginu.

Kennsla og skipulag í stærðfræði gekk vel en mikið vinnuálag var á nemendum jafnt yfir allan veturinn. Þó má segja að mun meira álag hafi verið á vorönn en haustönn. Í fyrstu lotu í námsefninu sannanir í rúmfræði þá vantar meira námsefni. Bekkjarkennsla var í árganginum. Kennsluáætlanir í stærðfræði má finna á vef Sjálandsskóla undir námið- kennsluáætlanir.

Unnið var eftir kennsluáætlunum í íslensku sem finna má á heimasíðu Sjálandsskól. Mikið álag var í vinnu með bekknum fram að samræmdum prófum þar sem farið var yfir ýmsa upprifjun á námsefni fyrri ára. Eftir samræmdu prófin þyrfti að leggja fyrir fleiri verkefni sem efla áhuga nemenda og ríma betur við hæfniviðmiðin þar sem nokkuð var um að nemendur finndu fyrir minni pressu eftir prófin. Einnig mætti þjálfa nemendur betur í framsögn og auka lestrarfærni þeirra.

Danska var kennd 3 tíma í viku í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlanir hverrar lotu vistaðar á heimasíðu skólans. Kennsla vetrarins í dönsku var byggð á áherslum Aðalnámskrár grunnskóla og markvisst var unnið með lesskilning, ritun, hlustun, menningarläsi, námshæfni, frásögn og samtal. Lögð var áhersla á að hverjum og einum nemanda gæfist færi á að þroska og efla hæfni sína í hinum ýmsu færniþáttum erlendra tungumála sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá. Unnið var með kennslubækurnar Smil, Ekko og meðfylgjandi vinnubækur. Í byrjun nóvember var nemendum kynnt SMART markmiðasetning og þau hvött til að setja sér skýr, mælanleg, raunhæf og tímasett markmið í námi. Nemendum voru kynnt ýmis gagnleg forrit, vefsíður og öpp til að nýta í námi sínu og er helst þar að nefna glósuforritið quizlet sem og vefsíðuna wetransfer.com sem nemendur notuðu til að skila vídeóverkefnum. Nemendur unnu að auki ýmis málfræðiverkefni og ritunarverkefni sem útbúið voru af kennara. Lesin var ein frjálslestrarbók og nemendur unnu ritunarverkefni tengt henni. Nemendur voru markvisst þjálfaðir í framsögn og samtali með vídeóverkefnum, samtalsæfingum og verkefnum þar sem nemendur undirbyggðu og fluttu kynningu á dönsku. Í 4. lotu unnu nemendur stórt verkefni um Danmörk og kynntu í verkefni sín.

Nokkuð vel gekk að tengja kennslu og námsmat hæfniviðmiðum. Þó mikilvægt að þróa áfram þá vinnu og setja nánar upp hvernig best er að haga kennslu og námsmati þannig að markmið Aðalnámskrár náist sem best.

Kennsla í ensku gekk vel í heildina. Á næsta ári þarf að gæta þess að hafa næg aukaverkefni fyrir nemendur sem eru búnir á undan áætlun.

Gekk vel, áætlun stóðst og verkefna tíminn var nægur. [Kennsluáætlanir](#) í þema eru á heimasíðu skóla ásamt kennsluáætlunum 10. bekkjar í öllum námsgreinum.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Hvert verkefni og próf var tengt tilgreindu hæfniviðmiði í kennslu erlendra tungumála. Lögð var áhersla á að námsmat endurspeglaði sem best þau hæfniviðmið sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Í dönsku tóku nemendur próf og gerðu verkefni sem reyndu á lesskilning og ritun. Hlustunarpróf voru tekin auk þess sem nemendur tóku munnlegt próf í lok lotu 4 þar sem reyndi á samskipti/samtal og blaðlausa frásögn á dönsku. Lokanámsmat í 10.bekk var unnið samkvæmt fyrirmælum Menntamálaráðuneytis. Hvert verkefni í Námsfúsi var tengt viðeigandi matsviðmiði fyrir erlend tungumál og í lokin gefin ein lokaeinkunn í faginu.

Lífsleikni/ bekkjarfundir

Héldum örfáa bekkjarfundi en þeir hefðu mátt vera fleiri. Nemendur voru áhugasamir og tóku virkan þátt í umræðum.

Ferðir og útikennsla

21.-22.september fórum við til Vestmannaeyja. Sú ferð heppnaðist mjög vel. Við fórum m.a. í Eldheima og gönguferð um svæðið. Skemmtileg ferð í alla staði. Farið var í Þórsmörk dagana 6.-8. júní. Sú ferð gekk í alla staði mjög vel.

Fyrirlestrar/ heimsóknir

Fengum forvarnarfyrirlestur frá Marita um haustið. Þorgrímur Þráinsson kom í heimsókn um vorið og ræddi við nemendur um að vera „Ástfangin af lífinu“. Nemendur fengu svo heimsókn frá Fjármálaviti sem heppnaðist mjög vel.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Nýtt námsmat tekið inn sem verður þróað áfram næsta vetur. Mikil vinna liggur að baki nýju námsmati hjá kennurum.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk vel.

Mat á starfi vetrarins

10.bekkurinn gekk vel í heildina. Hópurinn var almennt vinnusamur og duglegur. Eftir samræmdu prófin fundum við samt fyrir því að nemendur fóru að slaka á í námi.

Skýrsla kennar í íþróttum

Yngsta stig, 1.- 4. bekkur

Helstu markmið

Almenn markmið með íþróttakennslunni í Sjálandsskóla er fyrst og fremst að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum fjölbreyttar æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þeir gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagi sína áfram.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn 60 mín tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram til loka október og frá maí fram í júní var nær eingöngu um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur inni í íþróttasal yfir háveturinn. 1.bekk var skipt í tvo hóp, um það bil 16-18 krakkar í hóp. Í 2.bekk var skipt í tvo hóp, 13 nemendur í hvorum hóp.

Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvapþjálfun. Liðleikþjálfun í gegnum teygjur. Boltaíþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kúló. Frjálsaríþróttir, spretthlaup, kúla, spjót, þrístökk og langstökk. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Inn í stöðvapþjálfun voru íslensku og stærðfræði þrautir. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val. Boccia, krikket, kóngaleikur. Viðfangsefni í íþróttum eru fjölbreytt og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta skólaári. Heimsókn er einu sinni á ári, að þessu sinni á vorönn, frá elsta hópi á leikskólanum Sjálandi og í þeim tímum (leikskólahópnum skipt í þrennt vegna fjölda) var þrautabrot og stöðvar.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir námsmarkmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, ýmiskonar stöðvapþjálfun og svo voru þrautabrotir. Í byrjun hvernar annar er útbúin kennsluáætlun m.t.t. aðalnámskrá grunnskóla. Gerð er gróf áætlun þar sem ég merki hjá mér hvaða þætti ég mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst geri ég annaráætlun og að lokum tímaseðla. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoðaði ég svo áætlunina með tilliti til getu og áhugasvið hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í. Ég vann eftir þessu grófskipulagi en véc frá þessu skipulagi allt eftir dagsformi mínu og nemendanna. Það tókst ágætlega að tengjast lotunum í vetur, vinapema og jólapema var tengt inn í íþróttirnar. Íslenska og stærðfræði var samþætt við íþróttir. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadögum og gróðursetningardegi.

Í 3. og 4. bekk voru þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám og ýmskonar stöðvafjálfun og einnig notaði ég þau aukalega þau rými sem húsnæðið býður uppá, pallinn fyrir framan íþróttasalinn og einnig danssalinn uppi. Í byrjun hvernar annar rýni ég í aðalnámskrá grunnskóla og rifja upp hvaða þætti er gott að hafa í huga þegar kennsluáætlun er útbúin. Grunnurinn er ávallt sá sami á tímaseðlum þ.e. upphitun, aðalþáttur og lok. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoðaði ég svo áætlunina með tilliti til getu og áhugasvið hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í.

Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Tónlist var oft spiluð í íþróttum.

Námsmat

Engin eiginleg próf voru lögð fyrir í 1. og 2. bekk. Þess í stað er virkni, áhugi og samvinna metin. Mældur var árangur í sippi, 5 mín hlaupi og er það aðallega gert til að sjá hvernig hreyfifærni hjá nemendum stendur. Í 3. og 4. bekk eru lögð fyrir próf. Íþróttapróf voru haldin í nóvember og mars. Krakkarnir tóku hlaupapróf, 7mín hlaup í íþróttasalnum, þar sem þau hlaupa fram og tilbaka í salnum eins margar ferðir og þau geta. Sipp próf, þar sem þau sippa í 30 sekúndur eins og oft og þau geta. Svo er stöðvafjálfunarhringur og þátttaka og virkni í tímum metið til einkunnar. Krakkarnir fá svo einkunn úr þessum þáttum.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur

Almennt gekk kennslan vel í vetur og nemendahópurinn var orkumikill og fjölbreyttur. Það er gott að vera með tímana í samfellu til að hægt sé að nýta uppsett áhöld. Það tekur 20 mín að stilla upp góðri þrautabraut og örlítið styttri tíma að taka hana niður með aðstoð nemenda, ég hefði verið miklu duglegri að láta alla hópana fara í þrautabrautir ef tímarnir hefðu verið í samfellu. Það þarf að athuga fyrir næsta vetur að starfsfólk í þróttahússins sé inni klefum fyrir og eftir tíma til að ýta á nemendur að flýta sér. Mér fannst kennslan takast vel í vetur og hafði ég mjög gaman af að kenna þessum kappsfulla, fjölbreytta og skemmtilega nemendahópi. Við vorum meira inni þennan vetur en undanfarna vetur. Það var vegna þess að mér fannst mikilvægara að nemendur fengju jákvæða upplifun og góða hreyfingu inni í stað þess að vera með þau úti í slæmu veðri. Í maí var nánast eingöngu kennt úti. Mér fannst hópaskiptingin takast vel. Góður fjöldi og hægt að sinna öllum vel.

Miðstig, 5.-7. bekkur

Helstu markmið

Markmið með íþróttakennslu er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsu tímum.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn klukkutíma tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í lok september og frá maí til skólaloka í júní var mikið um útikennslu en einnig vorum við inni þegar veður var leiðinlegt. Að öðru leyti vorum við með kennslu í íþróttahúsinu í Sjálandsskóla. Um var að ræða þrjá námshópa í 5.-6. bekk, árgangarnir blandaðir saman. Í 7. bekk er skipt eftir kyni, strákarinn saman og stelpurnar saman.

Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvaþjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvaþjálfun notað til þess. Umhverfið í kringum skólann er stundum erfitt á veturnar, snjókast og að renna sér í brekkunum er einnig partur af íþróttakennslunni. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikir, stórt skip lítið skip, 12345 dimmalimm og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

Kennsluaðferðir

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reyni ég að fara eftir henni eins og kostur er. En oft þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild. Ávallt er farið eftir aðalnámskrá grunnskóla í íþróttum.

Námsgögn og áhöld

Ég nota bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar útaf námsgagnastofnun, áhöldin eru í geymslunni okkar og fleira í íþróttarými.

Vettvangsferðir

Þessir hópar voru meira í útihlaupum heldur en þeir yngri en það var samt minna um útikennslu í haust en áður sökum veðurs. Við fórum út þegar voraði og í maí vorum við svo nánast úti allan tímann en slepptum útihlaupunum en vorum þess í stað meira í leikjum og krakkarnir fengu líka að nýta hjóla- og brettapallana meira en áður.

Matsaðferðir

Íþróttapróf voru haldin í nóvember og mars. Krakkarnir tóku hlaupapróf, 7 mín hlaup í íþróttasalnum, þar sem þau hlaupa fram og tilbaka í salnum eins margar ferðir og þau geta. Sipp próf, þar sem þau sippa í 30 sekúndur eins og oft og þau geta og langstökk án atrennu. Svo er stöðvaþjálfunarhringur og þátttaka og virkni í tímum metið til einkunnar. Krakkarnir fá svo einkunn úr þessum þáttum og virkni í tímum. Eins og gengur leggja sumir sig alltaf fram í hverjum tíma en aðrir hafa minni áhuga á íþróttum og hreyfingu. Það getur reynst erfitt að finna íþróttagreinar og leiki sem henta öllum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og aðrar íþróttagreinar.

Unglingastig, 8.-10. bekkur

Helstu markmið

Markmið með íþróttakennslu er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsu tímum.

Tími og tölulegar upplýsingar

Þessir árgangar fá 40 mín á viku í íþróttum. Nemendum var skipt upp í 4 hópa, 8.bekkur var saman, 9.bekkur var saman og svo var 10.bekkur skipt í tvo hópa. Hópaskiptingin heppnaðist vel og 8.bekkur

var mjög fámennur til að byrja með en fjölgaði þegar leið á veturinn og 9.bekkur var stór hópar en samt alveg hæfileg stærð.

Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvabjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvabjálfun notað til þess. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikur, stórt skip lítið skip, og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

Kennsluaðferðir

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reyni ég að fara eftir henni eins og kostur er. Nokkrum sinnum þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild.

Matsaðferðir

Íþróttapróf voru haldin í nóvember og mars. Krakkarnir tóku hlaupapróf, 7 mín hlaup í íþróttasalnum, þar sem þau hlaupa fram og tilbaka í salnum eins margar ferðir og þau geta á 7 mín.. Sipp próf, þar sem þau sippa í 30 sekúndur eins og oft og þau geta. Einnig er útihlaup á tíma metið til einkunnar. Svo er stöðvabjálfunarhringur og þátttaka og virkni í tímum metið til einkunnar. Krakkarnir fá svo einkunn úr þessum þáttum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og síðan aðrar íþróttagreinar. Á þessu ári tókum við svo þátt í skólahreysti fimmta árið í röð og stóðu nemendur sig frábærlega vel og leiddu keppnina eftir fyrri þraut en náðum ekki eins góðum árangri í hraðaþrautinni. Engu að síður frábær árangur og getum við vonandi bætt okkur ennfrekar á næsta ári.

Skýrsla kennara í myndmennt

Helstu markmið

Í myndmennt í er unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla er í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft er til þess að sem flest markmið séu tekin á tveggja ára tímabili. Áhersla er lögð á að nemendur vinni fjölbreytt og skapandi verkefni sem henta áhuga og þroska hvers og eins.

Uppbygging kennslu

Námið byggist á verklegum verkefnum nemenda, tilraunum og æfingum. Lögð er áhersla á að nemendur bæti við þekkingu og getu, og vinni hver og einn á sínum hraða og með sinni getu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst eru notaðar eru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsefni

Námsgögn eru áhöld og efniviður sem henta nemendum hverju sinni og eru til staðar í myndmenntastofunni. Stuðst er við hugmyndir af netinu og efni frá kennara haft til hliðsjónar. Námsmat er birt í Námfús eftir hverja lotu gefið er í A, B+, B, C+, C og D, auk þess fá nemendur leiðsagnamat þegar við á. Metið er eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár.

Aðstaða

Myndmenntastofa skólans er stór og góð og einnig vel búin tækjum og tólum. Ef stórir hópar eru þá er svæði fyrir framan listgreinastofurnar einnig notað.

Verkefni vetrarins

1. - 2.bekkur

- Safnmappa
- Blóm, unnið með lita og formfræði
- Sjálfsmynd, unnið með vinnubrögð
- Leikmynd, Dýrin í hálsaskógi
- Mótun
- Teikning, unnið með mynsturgerð

Mat á starfi vetrarins

Starfið með 1.-2.bekk gekk vel í vetur. Hóparnir voru skiptir eftir aldri fyrir áramót en hópunum blandað eftir áramót. Sú breyting var af hinu góða. Í janúar fóru allir nemendur árganganna beggja í fjöggra vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

3. - 4.bekkur

- Safnmappa
- Klippimynd
- Þrykk
- Bókagerð
- Mótun - Fingrapottar
- Listamaður – Jón Stefánsson

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 4 hópa með 15 nemendum í hóp og var það of mikið, æskilegt hefði verið að hafa 5 hópa. Allir nemendur beggja árganga fóru í 2 vikna þemavinnu á haustönn, þar sem list- og verkgreina unnu saman ásamt umsjónakennurum. Unnið var leiksýning um nágrenni Garðabæjar. Nemendur bjuggu til búninga, leikmynd og leikmuni.

5. - 6.bekkur

- Safnmappa
- Grafík - dúkrista
- Litafræði - litatónar
- Teikning – listamaður Jón Baldur Hlíðberg
- Mynsturgetð

Mat á starfi vetrarins

Fyrir áramót var kennt í 4 hópum með 15 nemendum í hóp sem gekk ekki sem skildi. Eftir áramót var breyting gerð á og hóparnir voru 5 með 11-12 nemendum, eftir það gekk starfið betur með nemendum. Í febrúar unnu nemendur að leikritinu Blái hnötturinn, sú vinna tók 4 vikur þar sem nemendur unnu að búningagerð og sviðsmynd í list- og verkgreinum.

7. bekkur

- Safnmappa
- Fjarvidd
- Grafí - dúkrista
- Hönnun - Google

- Teikning
- Málun

Mat á starfi vetrarins

Nemendur var skipt í 3 hópa og þeir héldu sér fyrir og eftir áramót. Starfið gekk vel og nemendur áhugasamir og duglegir í vinnu sinni. Í lok skólaárs var vorþema þar sem nemendur unnu að gerð flugdreka.

8. - 10.bekkur

- Mótun
- Teikning
- Myndmennt
- Skrautskrift
- Málun
- Að vefa úr salgætisbréfum
- Endurnýting 1
- Endurnýting 2

Mat á starfi vetrarins

Listgreinar á unglingastigi voru kenndar í vali. Upplýsingar um val og [kennsluáætlanir](#) má finna á vef Sjálandsskóla.

Skýrsla kennara í smíði

Helstu markmið

Í myndmennt er unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla er í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft er til þess að sem flest markmið séu tekin á tveggja ára tímabili. Áhersla er lögð á að nemendur vinni fjölbreytt og skapandi verkefni sem henta áhuga og þroska hvers og eins.

Uppbygging kennslu

Námið byggist á verklegum verkefnum nemenda, tilraunum og æfingum. Lögð er áhersla á að nemendur bæti við þekkingu og getu, og vinni hver og einn á sínum hraða og með sinni getu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst eru notaðar eru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsefni

Námsgögn eru áhöld og efniviður sem henta nemendum hverju sinni og eru til staðar í smíðastofunni. Stuðst er við hugmyndir af netinu og efni frá kennara haft til hliðsjónar. Námsmat er birt í Námfús eftir hverja lotu gefið er í A, B+, B, C+, C og D, auk þess fá nemendur leiðsagnamat þegar við á. Metið er eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár.

Aðstaða

Smíðastofa skólans er stór og góð og einnig vel búin tækjum og tólum. Ef stórir hópar eru þá er svæði fyrir framan listgreinastofurnar einnig notað.

Verkefni vetrarins

1. - 2.bekkur

- Stafurinn minn, negldur og þræddur. (1.bekkur)
- Stafurinn minn, sagaður út og málaður. (2.bekkur)
- Andlit búið til úr afgangum, einstaklings og samvinnuverkefni
- Leikmynd, Dýrin í hálsaskógi

- Teygjubíll
- Turn úr spagettí og sykurpúðum

Mat á starfi vetrarins

Starfið með 1.-2.bekk gekk vel í vetur. Hóparnir voru skiptir eftir aldri fyrir áramót en hópunum blandað eftir áramót. Sú breyting var af hinu góða. Í janúar fóru allir nemendur árganganna beggja í fjögra vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á *Dýrunum í hálsaskógi*. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

3. - 4.bekkur

- Dósaandlit
- Töfrastafur, tálgaður og vafinn
- Lyklahanki
- Teygjubíll
- Fiskur, beinagrind
- Plastvinna, lítill hlutur úr plexigleri
- Stutt verkefni í hönnunarhugsun

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 4 hópa með 15 nemendum í hóp og var það of mikið, æskilegt hefði verið að hafa 5 hópa. Allir nemendur beggja árganga fóru í 2 vikna þemavinnu á haustönn, þar sem list- og verkgreinar unnu saman ásamt umsjónakennurum. Unnin var leiksýning um nágrenni Garðabæjar. Nemendur bjuggu til búninga, leikmynd og leikmuni.

5. - 6.bekkur

- Furðufugl, tálgaður og skreyttur
- Ostabretti
- Mósaík glerplatti
- Plastvinna, lítill og stór hlutur úr plexigleri
- Málmvinna, nafnspjald
- Stutt verkefni í hönnunarhugsun

Mat á starfi vetrarins

Fyrir áramót var kennt í 4 hópum með 15 nemendum í hóp sem gekk ekki sem skildi. Eftir áramót var breyting gerð á og hóparnir voru 5 með 11-12 nemendum, eftir það gekk starfið betur með nemendum. Í febrúar unnu nemendur að leikritinu *Blái hnötturinn*, sú vinna tók 4 vikur þar sem nemendur unnu að búningagerð og sviðsmynd í list- og verkgreinum.

7. bekkur

- Kassinn minn, útfærður og smíðaður
- Málmverkefni, nafnspjald
- Ljós, hannað og smíðað
- Taflkarl, útskurður
- Stutt verkefni í hönnunarhugsun

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt í 3 hópa og þeir héldu sér fyrir og eftir áramót. Starfið gekk vel og nemendur áhugasamir og duglegir í vinnu sinni. Í lok skólaárs var vorþema þar sem nemendur unnu að gerð flugdreka.

Valgreinar í 8. - 10.bekk

- Raftækni

- Málmætkni
- Hönnun/Smíði
- Tálgun/Útskurður
- Glervinna
- Plast, 3D prentun og plexigler
- Nýsköpun
- Gamalt verður nýtt

Skýrsla kennara í sundi

Helstu markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, hreyfi sig og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Allir nemendur fara einu sinni í viku í sund í 40 mín en misjafnt er hvort tímarnir eru kynjaskiptir eða ekki.

Uppbygging kennslu

1. bekkur – Að nemendum líði vel í vatni og öðlist öryggi í því í gegnum æfingar og leiki. Eins að nemendur læri og tileinki sér þær reglur sem gilda fyrir, eftir og í sundtímanum.
2. bekkur - Að nemendur fari eftir þeim öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sem gilda á sundstað.
3. bekkur – Að nemendur fái frekari kennslu í undaðferðunum fimm: bringu-, skólabak-, skrið-, bak- og flugsundi.
4. bekkur – Að nemendur læri að vinna saman, beri virðingu fyrir getu hvers annars, geti farið eftir reglum í leikjum og tekist á við sigra og töp.
5. bekkur – Að nemendur átti sig á mikilvægi hreinlætis tengt sundiðkun og geri sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisreglna.
6. bekkur – Að nemendur efli leikni, styrk og þol.
7. bekkur – Að nemendur þjálfist frekar í undaðferðunum (bringu-, bak-, skrið-, björgunar-, flug- og skólabaksund), geti nýtt sér sund sem eina tegund þolþjálfunar og geti bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.
8. bekkur - Að nemendur geti sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í sundi og gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.
9. bekkur - Að nemendur skilji mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilji mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í sundi.
10. bekkur - Að nemendur geti tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna, brugðist við óvæntum aðstæðum og bjargað sér í vatni og öðrum.

Kennsluaðferðir

Ýmsar kennsluaðferðir eru hafðar að leiðarljósi í sundkennslunni til að auka fjölbreytnina eins og samvirkt nám, paravinna, einstaklingsmiðað nám, uppgötvunarnám, leikir, verklegar æfingar, sýnikennsla, útlistunarkennsla svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat

Námsmat er birt í Námfús. Nemendur taka ákveðið sundstig fyrir hvern árgang sem kemur fram í kennsluáætlunum.

Aðstaða

Í Sjálandsskóla er aðstað til sundkennslu eins og best verður á kosið. Kennt er í 12,5m innisundlaug.

Annað

[Kennsluáætlanir](#) í sundi.

Mat á starfi vetrarins

Sundtímarnir gengu vel í vetur nema hvað 5. og 6. bekkjar hóparnir voru ansi þungir og hefði átt að skipta þessum hópum upp í smærri hópa. Í sundkennslunni hentar betur að vera með kynjablandaða hópa í unglingadeild. Ástæðan fyrir því að stúlkur/piltar mæta ekki í sund er ekki vegna þess að þau eru með gagnstæðu kyni í sundi. Taka þarf afstöðu á næsta skólaári til þess ef það vörð vantar í anna hvort sundklefanna hvort eigi að kenna í lauginni engu að síður vegna þeirra hættu sem getur skapast í slíkum aðstæðum.

[Skýrsla kennara í textílmennt](#)

Helstu markmið

Í textílmennt er unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla er í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft er til þess að sem flest markmið séu tekin á tveggja ára tímabili. Áhersla er lögð á að nemendur vinni fjölbreytt og skapandi verkefni, sem henta áhuga og þroska hvers og eins.

Uppbygging kennslu

Námið byggðist upp á verklegum verkefnum nemenda, tilraunum og æfingum. Lögð er áhersla á að nemendur bæti við þekkingu sína og vinni hver og einn á sínum hraða og með sinni getu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst eru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður. Sjálfstæð vinna og tilraunir nemenda

Námsefni

Námsgögn eru áhöld og efniviður sem henta nemendum hverju sinni og eru til staðar í textílstofunni. Stuðst er við hugmyndir af netinu og efni frá kennara haft til hliðsjónar.

Námsmat

Námsmat er birt í Námfús eftir hverja lotu. Gefið er í A, B+, B, C+, C og D, en metið er eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrá. Auk þess fá nemendur leiðsagnarmat þegar við á.

Aðstaða

Textílstofan er vel búin en stundum er þröngt um stóra hópa. Þá er notast við svæði fyrir framan listgreinastofurnar. Tæki og efniviður í góðu standi, fyrir utan skæri sem þarf að endurnýja og gagnlegt væri að fá fastan skjávarpa í stofuna.

Verkefni vetrarins

1. – 2. bekkur:

- Ofinn karl
- Leikbrúða með pappamassahöfuð
- Dúskablóm

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 5 hópa, fyrir áramót eftir aldri og eftir áramót var skipt aftur og þá var árgöngunum blandað. Um áramót var starfið brotið upp með leikritinu Dýrin í Hálsaskógi, nemendur bjuggu til búninga, leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

3. - 4. bekkur:

- Pennaveski með útsaumi úr plastdúk/auglýsingaskilti
- Leikbrúða með pappamassahaus
- Þurrpæfð fígúra
- Kaktus úr fílti

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 4 hópa og héldust hóparnir fyrir og eftir áramót. 15 nemendur voru í hverjum hóp og var það of mikið, æskilegt hefði verið að hafa 5 hópa. Stutt uppbrot var á haustönn þar sem unnið var með umsjónarkennurum að þema um Garðabæ og nágreni. Nemendur bjuggu til búninga, leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

5. – 6. bekkur:

- Pennaveski með útsaumi úr plastdúk/auglýsingaskilti
- Þrjóna húfu eða annað einfalt stykki
- Þurrpæfð fígúra

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt í 4 hópa fyrir áramót með 15 nemendum í hóp, það gekk ekki alveg nógu vel. Fimmta kennaranum var bætt við og fækkað í hópunum eftir áramót. Í febrúar var starfið brotið upp og leikritið *Blái hnötturinn* settur á svið. Nemendur bjuggu til búninga, leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum. Verkefnið gekk ákaflega vel og voru nemendur áhugasamir. Ráðist hefur verið í sambærileg verkefni áður með góðum árangri og er það vilji listgreinakennara að komið sé á auknu samstarfi við umsjónarkennara í slíkum verkefnum.

7. bekkur

- Pennaveski með útsaumi úr plastdúk/auglýsingaskilti
- Náttbuxur
- Þurrpæfð fígúra

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt í 3 hópa og héldust hóparnir fyrir og eftir áramót. Starfið gekk afar vel og nemendur voru áhugasamir. Starfið var brotið upp í lok skólaárs með flugdrekerð.

8. – 10. bekkur

- Stíll – fatahönnunardeppni grunnskóla
- Textílval 1 – vefnaður, útsaumur
- Textílval 2 – náttbuxur
- Þrjón, hekl og kvikmyndir – þrjón og hekl

Mat á starfi vetrarins

Á unglingastigi er textílmennt kennd í valgreinum sem skiptast jafnt yfir árið í fjórum lotum.

Skýrsla kennara í tónmennt

Í tónmennt er uppbygging kennslustunda ólík á milli árganga.

1. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumpætti hennar á fjölbreyttan hátt. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- sungið í hópi með skýrum framburði
- leikið á skólahljóðfæri í takt við tónlist
- notað grafíska nótnaskrift við skráningu og flutning tónlistar
- þekkt útlit og hljóð nokkurra hljóðfæra
- samið í hóp einfalt hljóð- eða tónverk
- leikið þrástef á skólahljóðfæri

Uppbygging kennslu

Kennslustundir fyrsta bekkjar voru gjarnan brotnar upp í 15 - 25 mínútuna einingar. Þrjú til fjögur viðfangsefni voru því gjarnan undir í hverri sextíu mínútna kennslustund. Kennslustundirnar hófust í flestum tilfellum á fjöldasöng eða öðru sem krefst þátttöku alls hópsins. Í kjölfarið fylgdi megin viðfangsefni tímans og í lok kennslustundar var gjarnan farið í hreyfileik eða tekist á við annað viðfangsefni sem krefst annarskonar einbeitingar en megin viðfangsefni tímans.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í fyrsta bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Einnig var unnið töluvert með hlustun þar sem nemendur voru þjálfaðir í að hlusta á einstök hljóð, hljóðfæri, laglínur og lögun þeirra. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandsskóla og er tónmennt tengd þeim námshópa þegar það á við. Þau þemu fyrsta bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2016 - 2017 voru:

- Ég og skólinn
- Hafið
- Dýrin í Hálsaskógi
- Náttúran, vísindi og útivera

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara en auk þess var unnið með námsefnið:

- Tónlist og umhverfið
- Það var lagið
- Tónmennt 1
- Music express Year 1 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)

Unnið var með tónlistaröppin:

- Music4Kids
- Musyc
- LoopsequeKids

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir að nemandi geti:

- Sungið í hópi með skýrum framburði
- Þekkt útlit og hljóð nokkurra hljóðfæra
- Notað grafíska nótnaskrift við skráningu og flutning tónlistar
- Leikið á skólahljóðfæri í takt við tónlist
- Samið hljóðverk í hópi

2. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumþætti hennar á fjölbreyttan hátt. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- sungið í hópi með skýrum framburði
- leikið á skólahljóðfæri í takt við tónlist
- þekkt helstu styrkleikamerki og leikið og sungið eftir þeim
- þekkt helstu lengdargildi nótna og leikið á skólahljóðfæri eftir þeim
- leikið tyna munstur í takt við önnur hljóðfæri
- samið í hóp einfalt hljóð- eða tónverk
- leikið þrástef á skólahljóðfæri
- samið og skráð grafíska nótnaskrift

Uppbygging kennslu

Kennslustundir annars bekkjar voru gjarnan brotnar upp í 15 - 30 mínútuna einingar. Tvö til fjögur viðfangsefni voru því gjarnan undir í hverri sextíu mínútna kennslustund. Kennslustundirnar hófust í flestum tilfellum á fjöldsöng eða öðru sem krefst þátttöku alls hópsins. Í kjölfarið fylgdi megin viðfangsefni tímans og í lok kennslustundar var gjarnan farið í hreyfileik eða tekist á við annað viðfangsefni sem krefst annarskonar einbeitingar en megin viðfangsefni tímans.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í öðrum bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Einnig var unnið töluvert með hlustun þar sem nemendur voru þjálfaðir í að hlusta á einstök hljóð, hljóðfæri, laglínur og lögun þeirra. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandsskóla og er tónmennt tengd þeim námshópa þegar það á við. Þau þemu annars bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2016 - 2017 voru:

- Skólareglur
- Veðrið
- Dýrin í Hálsaskógi
- Hafíð

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Tónlist og líkaminn
- Það var lagið
- Tónmennt 1
- Tónmennt 2
- Music express Year 2 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)

Unnið var með tónlistaröppin:

- Music4Kids
- Musyc
- LoopsequeKids
- Mussila
- Dot Drummer

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir:

- Sungið í hópi með skýrum framburði
- Leikið á skólahljóðfæri í takt við tónlist

- Þekkt helstu styrkleikamerki og leikið og sungið eftir þeim
- Leikið þrástef á skólahljóðfæri í takt við önnur hljóðfæri
- Samið og skráð grafíska nótnaskrift

3.-4. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumþætti hennar á fjölbreyttan hátt. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng
- Leikið einfalda útsetningu á skólahljóðfæri
- Þekkt helstu styrkleikamerki og leikið og sungið eftir þeim
- Leikið einfalt þrástef á skólahljóðfæri
- Þekkt útlit og hljóð helstu hljóðfæra stengja- málmblasturs- og tréblasturshljóðfæra
- Skapað og flutt eigin tónsmíð í hóp
- Spunnið einfaldan spuna í takt við undirspil
- Þekkt og sungið nokkur íslensk þjóðlög
- Skráð og flutt eigin tónsmíð eftir grafískri nótnaskrift

Uppbygging kennslu

Uppbygging kennslu í þriðja og fjórða bekk fer mikið eftir þeim efnisþáttum sem unnið er með. Mörg verkefni hópsins í vetur voru verkefni sem náðu yfir fleiri en eina kennslustund. Oft á tíðum voru þetta verkefni sem tengdust þeim þemum sem nemendur voru í hverju sinni. Kennslustundirnar voru engu að síðar skipulagðar sem einingar með skýru upphafi þar sem nemendur voru virkjaðir í söng eða leik til að fanga athygli þeirra og gera alla sem virkasta áður en ráist var í megin viðfangsefni tímans.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í þriðja og fjórða bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Einnig var unnið nokkuð með spjaldtölvur í nemendajópnum. Hluti af þeirri vinnu kom til vegna tilraunaverkefnis sem nokkrir skólar í Garðabæ hafa undanfarið tekið þátt í vegna þróuna tónlistarleiksins Musila. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandsskóla og er tónmennt tengd þemum námshópa þegar það á við. Þau þemu þriðja og fjórða bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2016 - 2017 voru:

- Garðabærinn minn
- Saga mannkyns
- Ísland áður fyrr
- Íslensk skáld
- Fiskar umhverfis Ísland

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Það var lagið
- Music express Year 3 og 4 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)

Unnið var með tónlistaröppin:

- Musyc
- LoopsequeKids
- Mussila
- Dot Drummer
- Drummer
- Keezy
- Figure

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- Beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna
- Leikið einfalt þrástef
- Leikið einfalda útsetningu á skólahljóðfæri
- Skráð og flutt eigin tónsmíð eftir grafískri nótnaskrift
- Skapað og flutt eigið tónverk/hljóðverk og notað einföld nótnagildi við að skrá það

5. -6. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumþætti hennar á fjölbreyttan hátt og nýta tölvutækni við tónsköpun og upptökur. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Nefnt nokkur íslensk þjóðlög
- Útskýrt einkenni víxltaðs/skiptitakts
- Tekið virkan þátt í tónsköpun
- Samið stutt verk í spjaldtölvu
- Leikið einfaldan undirleik með hóp fyrir söng á hljóðfæri
- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra
- Túlkað náttúrufyrirbæri eða einfalda atburðarás í tónsköpun fyrir hljóðfæri eða spjaldtölvu
- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk

Uppbygging kennslu

Uppbygging kennslu í fimmta og sjötta bekk fer mikið eftir þeim efnispáttum sem unnið er með. Mörg verkefni hópsins í vetur voru verkefni sem náðu yfir fleiri en eina kennslustund. Oft á tíðum voru þetta verkefni sem tengdust þeim þemum sem nemendur voru í hverju sinni. Kennslustundirnar voru engu að síðar skipulagðar sem einingar með skýru upphafi þar sem nemendur voru virkjaðir í söng eða leik til að fanga athygli þeirra og gera alla sem virkasta áður en ráist var í megin viðfangsefni tímans.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í fimmta og sjötta bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Nokkuð var unnið með spjaldtölvur og borðtölvur í nemendajópnum. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandsskóla og er tónmennt tengd þemum námshópa þegar það á við. Þau þemu fimmta og sjötta bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2016 - 2017 voru:

- Himingeimurinn
- Snorri Sturluson
- Blái hnötturinn
- Urð og grjót

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Music express Year 5 og 6 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)
- Í borðtölvum var unnið með Garageband tónlistarforritið.

Í spjaldtölvum var unnið með tónlistaröppin:

- Garageband
- Keezy
- Figure

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Markmiðið var að nemandi geti...

- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra
- Tekið virkan þátt í tónsköpun
- nefnt nokkur íslensk þjóðlög
- útskýrt einkenni víxltafts
- samið stutt verk í spjaldtölvu
- notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk
- leikið undirleik fyrir söng á hljóðfæri

Sjálfamat og jafningjamat var auk þess notað í sambandi við tónsköpunarvinnu nemenda.

7. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumþætti hennar á fjölbreyttan hátt og nýta tölvutækni við tónsköpun og upptökur. Sérstök áhersla var á tónsköpun í sjöunda bekk og að nemendur þjálfuðust í að túlka afmarkaða þætti eins og tiltekna tilfinningu eða tegund veðurs í tónum. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra
- notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk
- samið hringitón eftir ákveðnum leiðbeiningum
- greint einstaka þætti tónlistar eins og hljóðfæri, hraða, styrk og blæ og notað við eigin sköpun og flutning
- samið kvikmyndatónlist við stuttmynd sem túlkar atburðarás myndarinnar
- greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni

Uppbygging kennslu

Tónsköpun var rauði þráðurinn í kennslu sjöunda bekkjar. Kennsla vetursins miðaði að því að kynna bæði aðferðir og tæki við tónsköpun sem henta hverju sinni. Þegar leið á veturinn snerist þessi vinna fyrst og fremst um kvikmyndatónlist og fengu nemendur innlagnir þar sem þeim voru kynntar aðferðir við tónsköpun fyrir kvikmyndir. Einni voru valin kvikmyndatónskáld kynnt og verk þeirra. Vinna vetursins miðaðist að stórum hluta að því að gera nemendur hæfa til að takast á við lokaverkefni vor annarinnar sem var að semja kvikmyndatónlist við stuttmynd.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í sjöunda bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum. Nokkuð var unnið með tölvu í tónsköpunar vinnunni en einnig með hefðbundin skóla- og rafmagnshljóðfæri. Í vetur var tónmennt samþætt í einu þema hjá sjöunda bekk og var það í veðrapema þar sem nemendur völdu sér veður til að túlka í hljómsveitarverki.

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist

Í borðtölvum var unnið með Garageband tónlistarforritið.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra

- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk
- Samið hringitón eftir ákveðnum leiðbeiningum
- Samið kvikmyndatónlist við stuttmynd sem túlkar það sem er að gerast í myndinni
- Greint einstaka þætti tónlistar eins og hljóðfæri, hraða, styrk og blæ og notað við eigin sköpun og flutning

Sjálfsamt og jafningamat var auk þess notað í sambandi við tónsköpunarvinnu nemenda.

8. bekkur

Helstu markmið

Í tónmenntarkennslu áttunda bekkjar var megin stefið tónlist í kringum aldamótin 1900. Þetta stef var skoðað frá ólíkum hliðum en þó með megin áherslu á sköpun. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, sjálfum sér og öðrum til ánægju
- Þekkt helstu einkenni blús tónlistar
- Leikið einfaldan blús undirleik
- Notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og/eða hljóðverk

Uppbygging kennslu

Kennslustundi áttunda bekkjar voru 45 mínútur á viku. Kennsla áttunda bekkjar var byggð í kringum viðfangsefni sem flest tóku meira en eina kennslustund. Í flestum tilfellum hófst nýtt viðfangsefni á innlögn þar sem tiltekin tónlist eða aðferð var kynnt og að því loknu tókust nemendur á við verkefni sem í flestum tilfellum fólu í sér einhverskonar tónsköpun. Eins og áður segir var tónlist um aldamótin 1900 í forgrunni en alltaf með það að markmiði að nemendur spreyttu sig sjálfir á að skapa innan ákveðins ramma á eigin forsendum.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í áttunda bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum og að læra með því að skapa. Nokkuð var unnið með tölvur í tónsköpunar vinnunni en einnig með hefðbundin skóla- og rafmagnshljóðfæri. Í vetur var tónmennt samþætt í einu þema hjá áttunda bekk og var það þemað um Jón Sigurðsson og réð það þema miklu um það tímabil sem unnið var með í tónmenntatímum vetrarins.

Námsefni

Námsefni vetrarins var útbúið af tónmenntakennara.

Í borðtölvum og spjaldtölvum var unnið með Garageband tónlistarforritið.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- Tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, sjálfum sér og öðrum til ánægju
- Notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og/eða hljóðverk

Sjálfsamt og jafningamat var auk þess notað í sambandi við tónsköpunarvinnu nemenda.

9. bekkur

Helstu markmið

Yfirskrift tónmenntar hjá níunda bekk í vetur var tuttugasta öldin og tónlist. Var þetta jafnframt heiti eins af þemum bekkjarins. Tilgangur tónlistarhluta þemans var einkum að kynna nemendum sögu rytmískrar tónlistar og þau áhrif sem hún hefur haft á vestræna tónlist og ekki síst þá tónlist sem nemendur líta á sem sína tónlist. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, sjálfum sér og öðrum til ánægju
- Þekkt helstu stíltægundir norður - amerískrar tónlistar og uppruna þeirra

- Notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og/eða hljóðverk
- Greint og útskýrt ólík tónlistarstílbriði, hljóðfæri og hljóðgjafa og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt samhengi

Uppbygging kennslu

Kennslustundi níunda bekkjar voru 45 mínútur á viku. Kennsla vetrarins miðaðist við að kynna nemendum sögu rytmískrar tónlistar og þróun hennar í Bandaríkjunum á stærstum hluta síðustu aldar. Nemendur fengu innlagnir í námsefninu þar sem stuðst var við bókina Hljóðspor. Nemendur völdu sér svo ákveðin tónlistarstíl sem fjallað hafði verið um, kynntu sér hann sérstaklega og sömdu, æfðu og tóku upp lag í þeim stíl.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í níunda bekk snerist um að skýra þróun og tilurð vestrænnar dægurtónlistar allt frá rótum hennar í Vestur Afríku til upphafs áttunda áratugarins. Framan af vetri voru innlagnir með tón- og mynddæmum fyrirferðamiklar. Þegar það átti við tóku nemendur þátt með söng og hljóðfæraleik og jafnvel spuna. Þegar hópverkefnið hófst þar sem nemendur áttu að semja sitt eigið verk breyttust tímarnir mikið og hlutverk kennara snerist fyrst og fremst um að vera styðjandi og aðstoða eftir þörfum.

Námsefni

Námsefnið Hljóðspor var megin efni vetrarins en einnig námsefni útbúið af kennara.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir: Nemandi getur...

- Notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og/eða hljóðverk
- Greint og útskýrt ólík tónlistarstílbriði, hljóðfæri og hljóðgjafa og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt samhengi

10. bekkur

Helstu markmið

Tónmennt í tíunda bekk í vetur snerist að mestu um að skoða tónlist sem hluta af samfélaginu og víxlverkandi áhrif þessara tveggja þátta. Tónmenntakennsla vetrarins var lauslega tengd þjóðfélagfræði þema bekkjarins. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði
- Útskýrt hvernig tónlist á borð við hip-hop og pönk hefur mótað og orðið fyrir áhrifum þess samfélags sem hún varð til í
- Þekkt nokkur tónskáld sígildrar tónlistar, verk þeirra og einkenni

Uppbygging kennslu og kennsluaðferðir

Kennslustundi tíunda bekkjar voru 45 mínútur á viku. Kennsla vetrarins miðaðist við að kynna nemendum tiltekna tónlistarstíla, skoða þá í sögulegu samhengi og hvaða hlutverki þeir gegna í mótun þess samfélags og tíðaranda sem þeir urðu til í. Í fyrstu kynntust nemendur hip-hop og pönk tónlist. Þegar innlagn kennara lauk spreyttu nemendur sig á tónsköpun með viðeigandi hljóðfærum og tækjum. Þegar nemendur kynntust völdum meistaraverkum sígildrar tónlistar fór kennslan fyrst og fremst fram í fyrirlestrarformi. Loka verkefni vetrarins tengdist stríðsárunum og þeirri tónlist sem var vinsæl og varð til á þeim tíma. Í kjölfarið sköpuðu nemendur eigin tónlist sem átti að túlka á einhvern hátt anda eða atburði stríðsáranna.

Námsefni

Námsefnið var unnið af kennara.

Unnið var með tónlistaröppin:

- Garageband
- iMachine2
- Boom 808

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- Þekkt nokkur tónskáld sígildrar tónlistar, verk þeirra og einkenni
- Tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði

Aðstaða

Aðstaða til tónmenntakennslu er mjög góð við skólann. Tónmenntastofan er rúmgóð og vel búin hljóðfærum, bæði skólahljóðfærum og rafmagnshljóðfærum. Auk þess er tónmenntastofan búin nokkrum borðtölvum og spjaldtölvum sem einkum eru nýttar til tónsköpunar. Sambyggt tónmenntastofunni er upptökuaðstaða og samspilsherbergi sem eru mikið nýtt af nemendum á skólatíma en einnig utan.

Skýrsla sérkennara

Í vetur voru fjórir kennarar starfandi við sérkennslu og nýbúakennslu. Á yngsta stigi var Ingunn Þóra Hallsdóttir umsjónarmaður sérkennslu í 100% starfi. Á miðstigi í 5. -7. bekk var Margrét Þorleifsdóttir í 80% starfshlutfalli og Ósk Auðunsdóttir í 50% hlutfalli og höfðu þær umsjón með sérkennslu. Á unglingastigi hafði Elfa Hrönn Friðriksdóttir umsjón með sérkennslu frá 8. -10. bekk í 100% hlutfalli. Á unglingastigi voru Erna Oddný Gísladóttir, Sigríður G. Guðmundsdóttir og Erna Sif Auðunsdóttir með sérkennslutíma í Skjólí sem nýttust nemendum í 8.-10. bekk skólans. Ingveldur Karlsdóttir var með sérkennslutíma á umsjónarsvæði nemenda í 1. – 2. bekk.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir aðra hverja viku allan veturinn. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, fulltrúi fjölskyldusviðs og félagsráðgjafi Heilsugæslunnar í Garðabæ sátu fundina. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri tóku ákvarðanir um mál sem voru rædd að höfðu samráði við starfsfólk skólans.

Samráðsfundir

Fundir með lausnarteymi voru haldnir jafnt og þétt yfir veturinn. Fundirnir voru samráðsfundir skólastiga. Ákveðið var að slíta skólastigin í sundur á þessum fundum og gafst það vel. Markvissara að beina athyglinni á eitt skólastig í einu og fá þannig betri heildarsýn. Á lausnateymisfundum sátu aðstoðarskólastjóri, umsjónarmaður sérkennslu á hverju stigi, námsráðgjafi, þroskabjálfi og á fundum með unglingastigi sat einnig forstöðumaður félagssmiðstöðvarinnar.

Lestrarpróf

Á yngsta stigi voru allir nemendur lestrarprófaðir fjórum sinnum á þessu skólaári. Í byrjun lok ágúst – byrjun september voru allir nemendur yngsta stigs prófaðir af sérkennara til að kanna stöðuna að loknu sumarleyfi. Í október, desember, janúar og maí voru allir bekkir prófaðir með lesfimiþrófum frá Menntamálastofnun og niðurstöður voru skráðar í Skólagáttina. Niðurstöður úr lesfimiþrófunum voru einnig skráðar á Námfús þar sem nemendur og foreldrar gátu fylgst með framvindunni. Á miðstigi voru allir nemendur lestrarprófaðir fjórum sinnum á þessu skólaári. Í byrjun september voru

allir nemendur miðstigs prófaðir af sérkennara til að kanna stöðuna að loknu sumarleyfi. Í október, desember, janúar og maí voru allir bekkir prófaðir með lesfimiþrófum frá Menntamálastofnun og niðurstöður voru skráðar í Skólagáttina í janúar og maí en ekki var hægt að skrá í október. Niðurstöður úr lesfimiþrófunum voru einnig skráðar á Námfús þar sem nemendur og foreldrar gátu fylgst með framvindunni. Á unglingastigi voru nemendur prófaðir þrisvar sinnum á þessu skólaári. Í fyrsta skipti var einungis 8. bekkur prófaður þar sem beðið var eftir lesfimiþrófum frá Menntamálastofnun. Í janúar og maí voru allir bekkir prófaðir með þrófum frá Menntamálastofnun og niðurstöður skráðar í Skólagáttina.

Einstaklingsnámskrár

Á yngsta stigi voru tveir nemendur í 3. bekk með einstaklingsnámskrá og einn nemandi í 4. bekk. Á yngsta stigi í eru einstaklingsnámskrárnar útbúnar að hausti fyrir allt skólaárið. Foreldrar og kennarar skrifa undir þær í foreldraviðtölum í október en svo eru þær endurmetnar og uppfærðar yfir veturinn eftir þörfum. Í 1. bekk voru þrír nemendur með aðlagð námsefni í stærðfræði, í 3. bekk var einn nemandi með aðlagð námsefni í stærðfræði og einn nemandi í 4. bekk.

Á miðstigi voru þrír nemendur í 5. bekk með einstaklingsnámskrá. Þeir fylgdu einstaklingsnámskrám í flestum námsgreinum og voru með aðlagð námsefni. Í 6. bekk voru fjórir nemendur sem fylgdu einstaklingsnámskrá. Tveir þeirra í öllum fögum, einn nemandi eingöngu í stærðfræði og einn nemandi var með einstaklingsnámskrá í íslensku og í stærðfræði. Í 7. bekk voru það fimm nemendur sem fylgdu einstaklingsnámskrám. Þessir fimm nemendur voru með aðlagð námsefni í öllum námsgreinum en einn þeirra var nýbúi og var því með námsefni fyrir nemendur með íslensku sem annað mál. Nemandinn þurfti aðlagð námsefni í öllum námsgreinum sem var frábrugðið námsefni annarra nemenda bekkjarins. Á miðstigi eru einstaklingsnámskrárnar útbúnar að hausti fyrir allt skólaárið. Foreldrar og kennarar skrifa undir þær í foreldraviðtölum í október en svo eru þær endurmetnar og uppfærðar yfir veturinn eftir þörfum.

Á unglingastigi voru fimm nemendur í 10. bekk með einstaklingsnámskrá. Þrír nemendur voru einungis með í íslensku en hinir í fleiri greinum. Í 9. bekk voru fimm nemendur með einstaklingsnámskrá í íslensku og tveir í stærðfræði. Í 8. bekk voru 2 nemendur með einstaklingsnámskrá að fullu. Á unglingastigi er einstaklingsnámskráin útbúin að hausti fyrir allan veturinn og skrifað undir hana í foreldraviðtali í október.

Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

1. bekkur

Í 1. bekk var áhersla lögð á lestrarkennslu og fór sérkennslan fram í minni hópum ýmist inni á svæði eða í sérkennslurýmum. Nemendur voru í 4 – 6 vikur í senn í sérkennslu og var skipt reglulega um nemendur í þessum hópum til þess að sem flestir fengju aðstoð. Þeir nemendur sem voru í íslensku II fengu kennslu alla daga vikunnar aðra hverja viku í 20 mín í senn.

2. bekkur

Í 2. bekk fengu nokkrir nemendur þjálfun samkvæmt lestrarkennsluaðferðinni stíf kennsla og fimipjálfun. Nemendur komu fimm sinnum í viku tveir og tveir saman í 10 vikur 15 – 20 mínútur í senn. Einnig var foreldrum þeirra nemenda sem ekki höfðu náð lestrarviðmiði við lok annars bekkjar boðið að taka þátt í lestraráttakinu Polli sem kennarar í Hofstaðakóla hafa þróað. Aðeins helmingur foreldra þáði boðið. Þeir nemendur sem voru í íslensku II fengu kennslu alla daga vikunnar aðra hverja viku í 20 mín í senn. Í stærðfræði fengu nemendur auka stuðning ef á þurfti að halda og alltaf í minni hópum.

3. og 4. bekkur

Þeim nemendur í 3. – 4. bekk sem komu í sérkennslu var skipt upp í hópa sem unnið var með í 4 – 6 vikur í senn í lestrarkennslu. Hóparnir voru teknir af umsjónarsvæði bekkjanna í þessa vinnu. Þeir nemendur sem voru í íslensku II fengu kennslu alla daga vikunnar aðra hverja viku í 20 mín í senn. Allir nemendur 3.-4. bekkjar voru prófaðir í lesskilningsprófunum Orðarún tvisvar sinnum yfir veturinn. Þeir sem fengu slaka niðurstöðu úr þeim prófum fengu hlutstunar- og lesskilningsþjálfun. Í 3. bekk voru allir nemendur LOGOS skimaðir og í framhaldi unnið markviss með þá nemendur sem fengu slaka niðurstöðu í þeim þáttum sem lagðir voru fyrir. Að þjálfun lokinn var lagt fyrir endurmat.

5.-7. bekkur

Í íslensku fór sérkennslan á miðstigi fram í minni hópum. Í öllum tilfellum voru hóparnir teknir af svæði og kennt eftir einstaklingsnámskrá í sérkennslurýmum, svo sem Maríuhellum, Fálkahelli (námsveri) og öðrum svæðum sem notuð voru fyrir sérkennsluhópa. Sérkennarar og þroskaþjálfari miðstigs sáu um kennsluna.

Í stærðfræði fór sérkennslan einnig fram í minni hópum, yfirleitt var kennt inni í sérkennslurýmum samkvæmt einstaklingsnámskrám nemenda þar sem sérkennari og þroskaþjálfari miðstigs sáu um kennsluna. Að auki fengu aðrir nemendur sem þurftu á auknum stuðningi að halda í stærðfræði aðstoð í Maríuhellum.

Í öðrum greinum fólst sérkennsla og stuðningur við nemendur í að létta námsefni og aðlaga það nemendum. Kennslan fór svo ýmist fram á heimasvæðum nemenda eða inni í sérkennslurýmum.

Alls voru 10 nemendur með undanþágu í dönsku á miðstigi og fengu þeir ýmist auka íslensku- eða enskukennslu vegna námsörðugleika þeirra en hjá tveimur nemendum var undanþágan fengin vegna fyrrverandi búsetu þeirra í Svíþjóð og fengu þeir því sænskukennslu í staðinn.

Allir nemendur 5.-7. bekkjar voru prófaðir í lesskilningsprófunum Orðarún tvisvar sinnum yfir veturinn. Þeir nemendur sem voru með einstaklingsnámskrá í íslensku þreyttu lesskilningspróf við hæfi eða tóku þau munnlega. Nemendur í 6. bekk voru allir skimaðir með LOGOS skimunartæki og ef í ljós kom grunur um lestrarerfiðleika hjá ákveðnum nemendum, fóru þeir í nánari LOGOS greiningu hjá Ingunni Þóru.

8. – 10. bekkur

Í íslensku fór sérkennslan fram í minni hópum. Í öllum tilfellum voru hóparnir teknir af svæði og kennt eftir einstaklingsnámskrá.

Í stærðfræði var sérkennslan í 8. bekk útfærð þannig að nemendur voru teknir út og kennt eftir einstaklingsnámskrá. Í 9.-10. bekk voru sérkennslu nemendur í stærðfræði hafðir með stóra hóp og stuðningur/sérkennsla inn á svæði. Í stærðfræði voru 3 tímar í viku í Skjóli (námsveri) þar sem nemendur í öllum bekkjum gátu komið og fengið stuðning.

Í öðrum greinum fólst sérkennsla og stuðningur við nemendur í að létta námsefni og aðlaga það nemendum. Það var alltaf gert inn á svæði.

Sex nemendur voru með undanþágu í dönsku og fengu þeir auka íslenskukennslu eða tíma til að sinna öðru Norðurlandamáli, þ.e. sænsku/norsku.

Í 8. bekk voru nemendur LOGOS skimaðir og prófaðir með GRP14. Einnig voru þeir prófaðir í Orðarún sem er lesskilningspróf.

Skýrsla þroskaþjálfar

Í vetur voru þrír þroskaþjálfar starfandi við Sjálandsskóla.

Hrafnhildur Fjelsted Hilmarsdóttir sá um þroskaþjálfun á yngsta stigi í 100% stöðu. Særún Sigurjónsdóttir sá um þroskaþjálfun á miðstigi ásamt því að sinna sérkennslu í 100% stöðu og svo Pála Marie Einarsdóttir sem sá um þroskaþjálfun á unglingastigi í 100% stöðu. 10 stuðningsfulltrúar störfuðu með okkur í vetur á öllum skólastigum annað hvort með einn nemanda eða litla hópa undir leiðsögn þroskaþjálfar, umsjónarkennara og/ eða sérkennara.

Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

1.-4. bekkur

Þroskaþjálfurinn vinnur í teymi með umsjónarkennurum nemendanna svo og sérkennara stigsins. Einnig er náið samstarf milli þroskaþjálfar og atferlisráðgjafa. Þroskaþjálfurinn fylgir nemendum í kennslustundir ef þar ber undir annars hefur þroskaþjálfurinn yfirumsjón með stuðningsfulltrúum sem fylgja nemendum sem þarfnast fulls stuðnings. Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir og ýmis umbunar- og hvatningarkerfi sem henta hverjum og einum nemanda. Auk námslegra þátta vinnur þroskaþjálfurinn með atferlismótun í þeirri vinnu eru notuð ýmiss konar verkfæri til dæmis félagsfærnisögur.

Í vinnu þroskaþjálfar á heimasvæði nemenda sinnir þroskaþjálfurinn einnig öðrum nemendum. Hann er til staðar fyrir alla sem leita eftir aðstoð hverju sinni þó áhersla sé lögð á ákveðna nemendur og þarfir þeirra. Þroskaþjálfurinn situr aðra hverja viku fundi í lausnateymi skólans og tekur þátt í kennarafundum. Þroskaþjálfurinn situr einu sinni í viku fund með umsjónarkennurum og sérkennara. Þroskaþjálfurinn situr einnig fundi með foreldrum og umsjónarkennurum eftir þörfum. Í vinnu þroskaþjálfar á heimasvæði nemenda sinnir þroskaþjálfurinn einnig öðrum nemendum. Hann er til staðar fyrir alla sem leita eftir aðstoð hverju sinni þó áhersla sé lögð á ákveðna nemendur og þarfir þeirra.

Þroskaþjálfurinn situr aðra hverja viku fundi í lausnarteymi skólans og tekur þátt í kennarafundum. Þroskaþjálfurinn situr einu sinni í viku fund með umsjónarkennurum og sérkennara. Þroskaþjálfurinn situr einnig fundi með foreldrum og umsjónarkennurum eftir þörfum.

5.-7. bekkur

Í vinnu þroskaþjálfar á heimasvæði nemenda sinnir þroskaþjálfurinn einnig öðrum nemendum á miðstigi. Áhersla er þó ávallt lögð á ákveðna nemendur og þarfir þeirra. Þroskaþjálfurinn hefur í 5.-7. bekk einnig unnið í Maríuhellum (námsveri) í vetur mjög náið með sérkennurum og einnig sinnt sérkennslu í fjarveru sérkennara. Þroskaþjálfurinn hefur unnið náið með umsjónarkennara í agamálum nemanda og samstaf við foreldra vegna þessa. Sett voru upp hvatningakerfi þar sem umbunað var heima fyrir kurteisi og vinnusemi í skólanum. Erfitt reyndist að halda utan um hvatningarkerfin þar sem að faggreinaskipt var á miðstigi í vetur. Þegar að út séð var um að það gengi ekki var gripið til þess að nemendur (með agavanda) voru í ákveðnum fögum teknir út og þurftu að vinna sig inn á svæði aftur. Allir nemendur sýndu árangur og bættu hegðun sína jafnt og þétt.

Unglingadeild

Þroskaþjálfurinn vinnur í teymi með umsjóna- faggreina og sérkennurum stigsins. Þroskaþjálfurinn hefur umsjón með nemendum sem eru með sérþarfir og sinnir ráðgjöf og leiðsögn fyrir annað starfsfólk s.s. stuðningfulltrúa. Þroskaþjálfurinn hefur það markmið að skapa nemendum umhverfi og aðstæður þannig að hver og einn njóti sín í skólanum og ráði við námsefni og þær kröfur sem settar eru hverju sinni. Margvíslegar aðferðir eru notaðar til þess, má þar nefna dagskipulag, uppbrot, umbunar og hvatningakerfi og hreyfingu. Þroskaþjálfurinn fylgir nemendum í bekk eða fylgir þeim í námsver eftir því hvað hentar hverju sinni. Þroskaþjálfurinn tekur þátt í því að finna viðeigandi námsefni og býr til próf úr því efni ef svo ber undir, einnig sinnir hann sérkennslu í námsveri og einnig námsmati úr því efni sem lagt

er fyrir. Þroskabjálfi hefur yfirumsjón með stuðningsfulltrúum og gætir þess að þeir fylgi eftir dagskipulagi og hvatningarkerfum. Þroskabjálfi sér einnig um félagsfærni nemenda sem fer ýmist fram í hóp eða einslega eftir því sem við á. Þroskabjálfi sér um kennslu á hjálpartækjum nemenda og gætir þess að þau séu notuð rétt. Í vetur hefur þroskabjálfi á unglingastigi verið í samstarfi við atferlisfræðing, sálfræðinga og annað fagfólk sem komið hefur að vinnu með nemendum sem þurfa aðstoð. Þroskabjálfi hefur það að leiðarljósi að stuðla að jákvæðu viðhorfi gangvart öllum nemendum en sérstaklega þeim nemendum sem eru með sérþarfir.

Í vinnu þroskabjálfa á heimasvæði nemenda sinnir þroskabjálfi einnig öðrum nemendum og er hann því til staðar fyrir alla nemendur sem leita aðstoðar á heimasvæði nemenda hverju sinni. Þó er ávallt lögð áhersla á ákveðna nemendur og þarfir þeirra. Þroskabjálfi situr aðra hverja viku fundi í lausnateymi skólans og tekur þátt í kennarafundum. Þroskabjálfi situr einu sinni í viku teymisfund með umsjónakennurum og sérkennara. Þroskabjálfi situr einnig fundi með foreldrum og umsjónakennurum eftir þörfum.

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Skólaárið 2016-2017 var Rósa Siemsen í 50% starfshlutfalli við Sjálandsskóla. Meginhlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, starfsmönnum skólans, starfsfólki á fræðslu- og menningarsviði og félags- og heilbrigðissviði Garðabæjar að þáttum sem snúa að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru ýmiskonar s.s. félagslegur vandi, samskiptavandi, kvíði, námsvandi, tilfinningavandi, vandi með sjálfsmynd, hegðunavandi, prófkvíði, einelti og aðstoð við upplýsingaöflunar um áframhaldandi nám að loknum grunnskóla. Nemendur, forráðamenn, umsjónarkennari, stjórnendur eða aðrir starfsmenn óskuðu eftir aðstoð námsráðgjafa á tilteknu eyðublaði eða með öðrum skriflegum hætti svo sem tölvupósti. Góð samvinna var við forráðamenn, kennara, sérkennara, stjórnendur og aðra starfsmenn.

Verkefni námsráðgjafa

Einstaklingsviðtöl voru veigamikil í starfinu. Nemendur komu helst vegna vanda sem tengdist líðan, námi og samskiptaerfiðleikum. Einstaklingsmiðaða ráðgjöf má flokka í þrjá flokka.

1. Ráðgjöf við náms- og starfsval

Náms- og starfsráðgjöf miðar að því að nemendur efli og þroski þekkingu á sjálfum sér s.s. viðhorfum, áhuga, hæfileikum, getu og væntingum, námsleiðum, störfum og atvinnulífi til að auðvelda þeim ákvörðun um nám eða starf að loknum grunnskóla.

2. Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur er veitt nemendum, forráðamönnum og kennurum. Ráðgjöfin snýst aðallega um: Persónuleg og einstaklingsbundin mál s.s. félags- og tilfinningalegan vanda, veikindi, sjálfstraust og sjálfsmynd.

Samskiptavanda s.s. vináttu, ágreining og einelti.

Námstengdan vanda s.s. sértæka námserfiðleika, prófkvíða og námsleiða.

3. Ráðgjöf um vinnubrögð


Markmið fræðslu og ráðgjafar í námstækni er að nemendur kynnist hugsun, viðhorfum, námsaðferðum og námsvenjum sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt að eru árangursríkar.

Skipting nemenda sem fengu einstaklingsþjónustu eftir stigum

Nemendur sem leituðu til eða var vísað til námsráðgjafa af kennurum, stjórnendum og/eða forráðamönnum voru 115 talsins en það eru ca. 39% nemenda skólans. Þó nokkrir nemendur voru í

reglulegum viðtölum allan veturinn. Af þessum 115 voru drengir 41 talsins eða 36% og stúlkur 74 talsins eða 64%.

Mynd 1. Fjöldi nemenda eftir stigi og kyni sem komu til námsráðgjafa í viðtöl í eitt skipti eða oftar skólaárið 2016-2017. Í þessum tölum eru ekki talin viðtöl við þá nemendur í 10. bekk vegna áhugakönnunarinnar Bendils og námslokaviðtöl við alla nemendur 10.bekkjar, samtals 35 nemendur.



Eineltismál

Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og aðstoðarskólastjóri. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr eineltisteyminu og unnið er eftir eineltisáætlun skólans. Námsráðgjafi hefur verið virkur í þessu vinnuferli og fylgt eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti. Tilkynningar um einelti skulu vera skriflegar á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á vef skólans. Öll mál sem koma upp eru þar af leiðandi skráð og rannsökuð. Ef um eineltismál er að ræða er málið sett í ákveðið vinnuferli. Eineltisteymið tekur þátt í verkefninu Gegn einelti í Garðabæ, en það er samstarfsverkefni grunnskóla í Garðabæ. Þar mætast eineltisteymi úr Sjálandsskóla, Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Garðaskóla. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á skólaárinu. Helstu verkefni snúa að því að koma á samræmdum vinnubrögðum til að fyrirbyggja og bregðast við einelti, bæta líðan og öryggi nemenda og skólabraginn í heild.

Þegar grunur um eineltismál kemur upp fer markviss vinna í gang og er lögð áhersla á að vinna málin fagmannlega og að samráð sé meðal starfsmanna skólans um viðbrögð og aðgerðir. Mikilvægt er að allir starfsmenn skólans séu upplýstir um þegar upp koma eineltismál svo allir geti fylgst náið með þeim nemendum sem um ræðir, hvort sem það sé vegna gruns um að þeir hafi orðið fyrir einelti eða hvort að þeir séu grunaðir um að vera gerendur í eineltismáli. Á skólaárinu 2016-2017 bárust skólanum þrjár eineltistilkynningar og voru málin unnin eftir ofangreindu ferli. Málin voru öll úrskurðuð sem samskiptavandi og unnið var með vandann innan skólans í góðu samstarfi við umsjónarkennara.

Oft á tíðum er hægt að koma í veg fyrir einelti með ýmsum úrræðum. Þar má t.d. nefna fræðslu og þjálfun í samskiptum, félagsfærnihöpa, reglulega bekkjarfundi með nemendum og umsjónarkennurum, vinahópa og fundi með námsráðgjafa og nemendum. Samskipti foreldra skiptir einnig lykilmáli en það að foreldrar vinni saman hjálpar oftar en ekki að vinna bug á samskiptavanda barna þeirra. Með þessum úrræðum er oft hægt að taka á samskiptavanda nemenda áður en þau verða

að eineltismálum. Auknar forvarnir, regluleg fræðsla og foreldrasamstarf er því nauðsynleg sem liður í að sporna við eineltismálum.

Forvarnir

Námsráðgjafi og forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Klakans vinna saman að forvarnaráætlun skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Félagsmiðstöðin Klakinn bauð upp á forvarnarfræðslu fyrir nemendur á unglingastigi, bæði á skólatíma sem og í félagsmiðstöðinni og er hægt er að sjá samantekt í skýrslu Klakans (sjá fylgiskjal). Námsráðgjafi kom að eftirfarandi forvarnafræðslu fyrir nemendur skólans:

- 1. bekkur** Námsráðgjafi tók þátt í fræðslu með hjúkrunarfræðingi skólans um líkamann, einkastaðina og mikilvægi þess að segja frá ef einhver brýtur regluna um að snerta þá. Fræðslan er hluti af forvarnarfræðslu gegn kynferðisofbeldi gegn börnum.
- 2. bekkur** Nemendur sáu brúðuleikhúsið *Krakkarnir í hverfinu*. Fjallað var um forvarnir gegn líkamlegu- og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.
- 3. bekkur** Nemendur sáu teiknimyndina *Leyndarmálið segðu nei, segðu frá!* Myndin gegnir hlutverki forvarnarfræðslu gegn kynferðisofbeldi og fjallar um muninn á góðum og slæmum leyndarmálum og mikilvægi þess að segja frá.
- 8. bekkur** Fræðsla í lífsleiknitíma um sjálfsvirðingu og forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á vegum Blátt áfram.
- 9. bekkur** Nemendur sáu fræðslumyndina *Fáðu Já!* sem gegnir hlutverki forvarnarfræðslu gegn kynferðisofbeldi og fjallar um muninn á ofbeldi og kynlífi og mikilvægi þess að fá samþykki.

Forvarnarvika Garðabæjar

Vikuna 10.-14. október var forvarnarvika í Garðabæ. Tilurð forvarnarvikunnar voru m.a. niðurstöður kannana og rannsóknna sem leiða í ljós aukin og mikil tengsl þess að þau börn og unglingar sem nýta mikið/ofnota snjalltæki eru svefnlaus og kvíðnari en þau börn sem nýta snjalltæki í hófi eða mjög lítið. Ákveðið var því að áhersla vikunnar yrði á tölvur og snjalltæki. Strax um haustið fóru fram rýnihópar í skólunum þar sem unnar voru hugmyndir að slagorði fyrir vikuna tengd efninu. Vert er að greina frá því að nemendur úr Sjálandsskóla áttu hugmyndina að slagorðinu sem notað var fyrir vikuna og var það „*Ertu gæludýr símans þíns?*“ Í kjölfarið fór fram myndasamkeppni þar sem nemandi úr Sjálandsskóla fór með sigur af hólmi og voru myndirnar úr efstu sætunum notaðar í kynningarskyni fyrir vikuna. Í forvarnarvikunni buðu allir grunnskólar bæjarins nemendum, foreldrum og starfsfólki upp á fræðslu um notkun snjalltækja og áhrif þeirra á einstaklinga í daglegu lífi. Forvarnarvikan féll vel í kramið hjá nemendum, starfsfólki og foreldrum og hefur verið fest í sessi og verður árlegur viðburður héðan í frá.

Önnur verkefni námsráðgjafa

Námsráðgjafi kenndi þemað *Stefnan sett*. Námsefnið fjallar um náms- og starfsval og styrkir nemendur í að taka ákvörðun byggða á sjálfsþekkingu og sjálfstæði. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni sem fólu í sér sjálfsskoðun og ýmsar pælingar varðandi nám og störf. Nemendur fengu kynningu á þeim skólum sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi ásamt því námi sem þar er í boði. Nemendur lærðu ferilskráargerð. Námsráðgjafi kynnti fyrir nemendum inntökuskilyrði og umsóknarferli í framhaldsskólana. Nemendum gafst tækifæri til að taka rafræna áhugakönnun, Bendill I. Könnunin var tekin í hóp og farið var yfir niðurstöður í einstaklingsviðtali.

Allir nemendur í 10. bekk komu til námsráðgjafa í námslokaviðtal í apríl og maímánuði. Í þessu viðtali voru skólalokin rædd ásamt því hvar hver og einn var staddur í að taka ákvörðun um áframhaldandi nám.

Námsráðgjafi tók á móti öllum nýjum nemendum og hitti þá einstaklingslega. Þessa nemendur hittir hann einu sinni í byrjun og svo aftur þegar nokkrar vikur eru liðnar af skólavistinni. Ef tilefni hefur þótt til hefur námsráðgjafi hitt nemendur oft og hefur þetta ferli gefist vel.

Tengslakönnun er framkvæmd í bekkjum skólans eftir þörfum en það er greiningartæki til að kanna félagatengsl í afmörkuðum hópum. Námsráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn könnunarinnar, úrvinnslu, les úr niðurstöðum og skilar stuttri greinargerð um stöðu mála í þeim bekkjum sem um ræðir ásamt því að taka þátt í aðgerðum sem fylgja í kjölfarið ef þurfa þykir.

Bekkjarfundir á yngsta stigi eftir þörfum. Haldnir voru reglulegir fundir allt skólaárið með stúlknaþóp á miðstigi. Einnig voru haldnir fundir með foreldrum og forráðamönnum eftir þörfum.

Námsráðgjafi sat fundi með umsjónarkennurum vegna einstakra nemenda.

Námsráðgjafi sat fundi í nemendaverndarráði annan hvern fimmtudag, lausnarteymi annan hvern þriðjudag og alla kennarafundi.

Námsráðgjafar í Garðabæ hittast reglulega yfir veturinn og hafa samráð um fagleg vinnubrögð auk þess að fá handleiðslu hjá hver öðrum.

Námsráðgjafi hefur veitt aðstoð með yfirsetu, lestur eða það sem til fellur í prófum og verkefnavinnu í unglingadeildinni.

Valnámskeið í námstækni

Nemendur í unglingadeild gátu valið sér 9 vikna námskeið í námstækni. Þar er fjallað um námsvenjur, lestrartækni, einbeitingu, skipulag í námi, glósutækni, hugarkort, próflestur, próftöku og margt fleira. Þátttaka hefur ekki verið nægilega góð og mun efninu því vera komið fyrir í lífsleikniáföngum í unglingadeild á komandi skólaári.

Endurmenntun og viðhald fagþekkingar

Námsráðgjafi sækir reglulega námskeið, fyrirlestra og fræðsluerindi í því skyni að bæta sig í starfi. Námskeið sem sótt voru þetta skólaárið voru m.a. námskeið á vegum KVAN um leiðtoga- og vináttupjálfun barna, réttindanámskeið í fyrirlögn áhugasviðsprófsins Bendils, Fjár sjóðsleitinn – leiðbeinendanámskeið fyrir fagfólk og námskeið um erfið samskipti stúlkna og leiðir til lausna, auk fleiri fræðsluerinda. Auk þess tóku námsráðgjafar í grunn- og framhaldsskóla í Garðabæ þátt í alþjóðlegri ráðstefnu náms- og starfsráðgjafa IEAVG í Madrid, dagana 14.-18. nóvember síðastliðinn. Um 40 náms- og starfsráðgjafar frá Íslandi sóttu ráðstefnuna. Í boði voru áhugaverðir og gagnlegir fyrirlestrar og vinnustofur, þar sem námsráðgjafar kynntu sér ólíkar áherslur í ráðgjöf. Viðfangsefni voru fjölbreytt s.s. foreldrasamstarf, einelti og ábyrgð áhorfenda, brottfall nemenda úr skóla, ráðgjöf fyrir ólíka nemendahópa og móttaka innflytjenda og flóttamanna. Það sem stendur upp úr eftir ferðina er aukin þekking og víðsýni og öflugra tengslanet náms- starfsráðgjafa á Íslandi.

Lokaorð

Líkt og fram hefur komið í hér að framan eru verkefni námsráðgjafa fjölbreytt og margvísleg. Vegna lágs hlutfalls stöðu námsráðgjafa hef ég ekki haft nægileg tækni á að fylgja málum nemenda eftir og er það miður. Hlutfall námsráðgjafa verður frá og með næsta skólaári 80% og er ljóst að hægt verður að bæta þjónustu við nemendur, foreldra og aðra sem að barninu koma. Í vetur hef ég lagt mikla áherslu á að vera sýnileg og til taks innan skólans og hafa nemendur verið óhræddir við að leita til mín auk þess sem kennarar hafa verið duglegir að hvetja nemendur sína að leita aðstoðar hjá mér sem og fengið ráð

varðandi einstaka nemendur. Samstarf við nemendur, starfsfólk og foreldra og aðra sem að barninu koma skiptir höfuðmáli í að ná árangri. Með auknu hlutfalli náms- og starfsráðgjafa innan skólans er það von mín að bæting verði þar á sem og á eftirfylgni við nemendur og hlakka ég til að takast á við næsta skólaár.

Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með tölvum og tækjum skólans ásamt að sjá um uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það felur í sér ráðgjöf við kennara í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni í kennslu og aðstoð við ýmis tæknileg vandamál sem upp koma í daglegu skólastarfi. Kennsluráðgjafi hefur einnig umsjón með heimasíðu skólans, tekur myndir í skólastarfinu, sér um skráningarkerfið Námfús og umsjón með spjaldtölvum skólans. Kennsluráðgjafi er einnig tengiliður við Menntamálastofnun varðandi samræmd próf auk þess að taka einnig fullan þátt í öllu skipulagi skólastarfsins, kennarafundum, þróunarverkefnum, umbótavinnu, vettvangsferðum og sérstökum þemadögum.

Kennsluráðgjafi aðstoðar kennara eftir þörfum með minni tæknileg vandamál varðandi tölvur ásamt því að hafa yfirumsjón með myndavélum, myndbandstökuvélum, spjaldtölvum o.fl. Kennsluráðgjafi fylgdist með nýjungum, vefsíðum og námsefni sem nýtist í tölvu- og upplýsingatækni fyrir kennara í tengslum við kennslu þeirra á hverjum tíma.

Starf kennsluráðgjafa felur einnig í sér að halda utan og setja upp kannanir sem gerðar eru í skólanum, s.s. foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir. Kennsluráðgjafi leggur einnig fyrir kannanir Skólapúlsins sem nemendur í 6.-10. bekk taka þátt í.

Kennsluráðgjafi fundaði reglulega í allan vetur með hinum kennsluráðgjöfunum í grunnskólum Garðabæjar. Á fundum voru ýmis mál rædd varðandi tölvumál, s.s. heimasíðugerð, námskeiðahald, spjaldtölvur, menntabúðir, hugbúnaður, nýjungar í tölvumálum, áhugaverðir vefir og margt fleira. Einnig funda kennsluráðgjafar með tölvudeild og öðrum aðilum sem tengjast tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfi.

Í skólanum hefur verið lögð mikil áhersla að taka myndir af starfinu. Myndirnar eru verðmætar heimildir um það starf sem börnin hafa tekið þátt í. Kennsluráðgjafi sá markvisst um að taka myndir af starfinu á hverjum tíma. Kennarar voru einnig duglegir að taka myndir og hefur hver árgangur eða teymi myndavél til umráða. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með myndavélunum og myndbandstökuvélum. Einnig að aðstoða nemendur og kennara með ýmis tæknileg atriði varðandi myndavélar, myndbandstökuvélar, iPad og forrit tengd þeim. Kennsluráðgjafi sá einnig um að taka myndband (video) af nokkrum viðburðum, klippa saman myndband og setja á netið (Youtube og heimasíðuna)

Tölvu og tækjakostur Sjálandsskóla

Í vetur voru fjórir fartölvuvagnar í skólanum (15 tölvur í hvorum vagni). Einn vagninn er staðsettur í unglingadeild, einn hjá 1.-2. bekk og hinir á efra svæði hjá 3.-7. bekk. Kennarar á svæðunum sjá til þess að vagnarnir séu í sambandi og að fartölvurnar séu því alltaf fullhlaðnar að morgni. Allir kennarar skólans hafa aðgang að fartölvuvögnunum. Sælukot og Alþjóðaskólinn nýtir einnig fartölvuvagnana og hefur Alþjóðaskólinn nánast einn verið með nýjasta vagninn í vetur.

Skólinn á 73 iPad spjaldtölvur og 4 Samsung spjöld. Ipadar skiptast niður á árganga þannig að 1-2 árgangar hafa nokkrar ipada og kennarar sjá um að setja inn ný öpp sem nýtast þeim árgöngum. List- og verkgreinakennarar hafa einnig nokkra ipada. Samsung spjöldin eru í sérkennslu en hafa því miður ekki nýst mikið. Mikil þörf er á fleiri iPad spjaldtölvum.

Nemendur í unglingadeild hafa aðgang að þráðlausu neti skólans og voru margir með eigin snjalltæki eða fartölvur (BYOD). Sérstakt þráðlaust net er fyrir nemendur og þurfa foreldrar að sækja um netaðgang fyrir sín börn á heimasíðu Garðabæjar. Þeir samþykkja þá samning milli skólans og nemenda/foreldra um notkun á eigin snjalltæki í skólastarfi.

Kennsluráðgjafi fylgist með því að tölvur í tölvuvagni og á heimsvæðum séu í lagi. Hann er í samskiptum við tæknimann Tölvudeildar Garðabæjar varðandi vandamál með tölvur og hugbúnað. Huga þarf að uppsetningum og lagfæringum, útvega jaðartæki, hugbúnað og annað sem vantar til að halda tölvukosti í lagi.

Þar sem tölvuvagnarnir eru þéttsetnir alla daga getur reynst erfitt að fá fleiri tími fyrir hópa sérstaklega í kringum þemu. Síðastliðinn vetur voru rúmlega 6 nemendur á hverja tölvu (Sjáländsskóli og Alþjóðaskólinn).

Tæknimaður er ekki á staðnum heldur veitir símaþjónustu og kemur þegar á þarf að halda. Töluverður tími kennsluráðgjafa fer í að leysa úr vandamálum er upp koma með fartölvur, hugbúnað, eftirlit með tölvubúnaði og umgengni við hann. Einnig þarf að sjá um uppsetningu, setja inn forrit og að hafa umsjón með spjaldtölvunum, en kennsluráðgjafi sér um þær.

Nám og kennsla

Tölvu- og upplýsingatækni er samþætt í öllum árgöngum við aðrar námsgreinar. Einnig er kennd tölvufærni u.þ.b. einu sinni í viku í 1.-7. bekk en þá hefur árgangurinn fasta tíma með tölvuvagn. Kennarar skrá sig á aðra tölvutíma í sameiginlega dagbók fyrir hvern tölvuvagn. Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ eru hafðar til hliðsjónar við kennsluna en markmið þemu stýra einnig mikið vinnunni í tölvu- og upplýsingatækninni. Kennarar í 1.-7. bekk sjá um tölvukennsluna hjá sínum nemendum. Í unglingadeild sjá umsjónarkennarar um tölvukennslu í samþættingu við allar námsgreinar. Upplýsingatækni er kennd sem námsgrein í 8. bekk og einnig sem valgrein sem allir nemendur í 10. bekk velja.

Kennslan og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér tölvurnar í tengslum við annað nám þeirra. Vinnan miðaðist við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni. Þjálfunarforrit voru nýtt þar sem við átti.

Hægt er að sjá hvaða viðfangsefni unnið er með í hverjum árgangi í [kennsluáætlunum](#) á heimasíðu skólans

Samskipti heimilis og skóla – Námfús

Í vetur var notað námsumsjónarkerfið, Námfús. Þetta er annað árið sem þetta umsjónarkerfi er notað og hefur það reynst vel, þrátt fyrir ýmsa galla sem lagfærðir voru jafnóðum. Í Námfús eru skráðar allar upplýsingar um nemendur, ástundun, námsmat o.fl. Í vetur fór töluverður tími í aðlaga námsmat í Námfús að nýju námsmati Menntamálastofnunar þar sem áhersla er á hæfni, hæfniviðmið og matsviðmið. Þá hafa kennarar smám saman verið að breyta hefðbundnu námsmati sem byggir á einkunum í tölustöfum, í mat á hæfni sem byggir á bókstafaeinkun. Námfús hefur einnig verið að aðlaga kerfið að þessu nýja námsmati.

Í vetur voru lagðar fyrir kannanir frá Skólapúlsinum. Um var að ræða foreldrakönnun, nemendakönnun og starfsmannakönnun. Kennsluráðgjafi hafði umsjón með könnunum og einnig að leggja fyrir kannanir Skólapúlsins sem voru lagðar fyrir úrtak í 6.-10. bekk, þrisvar sinnum á vetrinum.


Vefur skólans

Kennsluráðgjafi sér um að halda úti heimasíðu skólans <http://www.sjalandsskoli.is>. Oft í viku eru settar inn myndir og/eða fréttir úr skólastarfinu. Einnig eru sýnishorn af vinnu nemenda bæði í myndum og


stafrænu formi sett á heimasíðuna. Þar má m.a. finna tónlistarefni sem tónmenntakennari vann með nemendum svo og myndbönd úr starfi skólans.

Heimasíðan er mikið skoðuð og samkvæmt teljara er fjöldi notenda um 1200-1700 á mánuði. Virka daga er fjöldi notenda um 80-160 á dag.


Fjöldi notenda á mánuði á heimasíðu skólans (ágúst 2016 - maí 2017)



Fjöldi síðuflettinga á mánuði á heimasíðu skólans (ágúst 2016 - maí 2017)



Notkunarmynstur eftir vikum (notendur, innlit og flettingar)



Facebook síða skólans er einnig notuð til að koma fréttum og upplýsingum á framfæri.

Skólinn er með Youtube-síðu þar sem sett eru inn myndbönd úr skólastarfinu og sér kennsluráðgjafi um að taka upp og klippa [myndbönd](#) sem þar eru sett inn.

Skýrsla Bókasafns Sjálandsskóla

Bókasafn Sjálandsskóla er staðsett í miðju skólans. Safnið er opið frá 8:15 til 14:30. Lokað er frá kl. 11:30 til 12:00 vegna hádegismatar. Á bókasafninu eru að mestu leyti skáldsögur á íslensku sem nemendur nýta í heimalestur. Einnig enskar skáldsögur, fræðibækur, myndabækur fyrir yngri nemendur og fleiri bækur sem skemmtilegt er að skoða. Bókavörður sér einnig um pöntun og alla umsýslu námsbóka. Á skólabókasafni Sjálandsskóla starfar einn starfsmaður sem er bókasafns- og upplýsingafræðingur í 80% starfi.

Ekki hefur verið nein formleg fræðsla fyrir nemendur þar sem aðstæður bjóða ekki upp á slíkt. 1. bekkur hefur þó komið við á safninu þegar skólinn er kynntur fyrir þeim. Þegar nemendur byrja að koma á bókasafnið til að taka lestrarbækur fá þeir einnig stutta fræðslu um safnið.

Opið er í hádegisfrímínútum. Þá geta nemendur komið á bókasafnið og spilað eða kíkt í bók. Yfirleitt eru á milli 60 til 70 nemendur í einu í hádeginu á safninu. Leitast er við að hafa afslappað og vinarlegt andrúmsloft á bókasafninu svo nemendur finni sig velkomna og líti ekki einungis á bókasafnið sem geymslu fyrir bækur heldur griðarstað þar sem þeir geta komið og hvílt hugann með góða bók í hönd.

Yfirlit yfir fjölda bóka og útlán

Árið	2015	2016
Titlar	4.116	4.298
Eintakafjöldi	17.154	17.749
Nýskráð eintök	1.135	1.112
Útlán	5.261	5.492
Lánþegar	517	526

Fjöldi útlána úr Gegni eftir lánþegastöðu

Lánþegastaða	2015	2016
Nemendur 1.-3. bekkur	987	1411
Nemendur 4.-7. bekkur	2.051	2.026
Nemendur 8.-10. bekkur	1.003	747
Kennarar	456	291
Starfsmenn	82	46
Aðrir	22	5
Kennslustofur	660	966
Samtals	5.261	5.492

Skýrsla Sælukots

Skýrsla þessi er um starfsemi tómsundaheimilis Sjálandsskóla, Sælukot. Í skýrslunni kemur fram hvernig hægt sé að bæta starfsemi tómsundaheimilisins ásamt því að gera gott enn betra.

Starfsmannamál

Í vetur störfuðu 16 starfsmenn í Sælukoti, þar af sex sem störfuðu hluta úr vetri. Stöðugildin voru flest um 20-35% en sex starfsmenn voru skráðir sem tímavinnustarfsmenn þar sem stöðuhlutfall þeirra voru undir 20%. 9 starfsmenn störfuðu sem stuðningsfulltrúar innan Sjálandsskóla og komu í Sælukot eftir skólalok.

Fastráðnir starfsmenn í vetur voru:

Hildur Harðardóttir umsjónaður 85%.

Tómsundaleiðbeinendur í hlutastarfi:

Agnes Á, ágúst 2016 – júní 2017
 Alexandra, ágúst 2016 – júní 2017
 Margrét H, ágúst 2016 – júní 2017
 Tómas H, ágúst 2016 – júní 2017
 Níels Almar, janúar 2017 – júní 2017
 Karítas Eik, ágúst 2016 – júní 2017
 Darri Logi, janúar 2017 – júní 2017
 Olga, nóvember 2016 – júní 2017

Esther V ágúst 2016 – maí 2017
 Helena R ágúst 2016 – maí 2017
 Hinrik Ingi mars 2016 – júní 2017
 Daníel Ágúst 2016 – júní 2017
 Anton Örn, okt 2016 – júní 2017
 Þorgerður, ágúst 2016 – mars 2017
 Þorlákur, ágúst 2016 – júní 2017

Umsjónarmaður

Umsjónarmaður tómstundaheimilis ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd þess starfs sem fram fer á tómstundaheimilinu. Markmið starfsins er að veita 6-9 ára börnum og foreldrum þeirra heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi starfsins eru höfð að leiðarljósi. Það felur í sér að veita börnunum tækifæri til afþreyingar í frítíma og þjónustu óháð aldri þeirra, áhugasviði eða getu í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Starfsvið umsjónarmanns er að hafa umsjón yfir öllum þáttum Sælukots. Þar á meðal að sjá um tímaskráningu nemenda, samskipti við Garðabæ vegna greiðslumála og fleira, samræmi milli tómstundaheimila, samskipti við foreldra og yfirmenn Sjálandsskóla, innkaup, vaktaplan og tímaskráningu starfsmanna og heildarskipulag Sælukots. Umsjónarmaður hefur yfirumsjón yfir því hvort börnin verði sótt, eigi að labba heim eða fari í frístundarbílinn á degi hverjum. Athuga þarf hvort allir séu mættir og ef einhver er skráður og skilar sér ekki í Sælukot þarf að finna hann og/eða finna skýringu á því af hverju hann er ekki kominn í Sælkukot.

Tómstundaleiðbeinandi

Starf leiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því að skóla lýkur og þar til þeir fara heim, í íþróttir eða annað tómstundastarf. Hlutverk þeirra var að hafa umsjón yfir ákveðnu svæði og þeim nemendum sem voru á því svæði. Umsjónarmaður sá um að raða niður leiðbeinendum á svæði sem í boði voru fyrir börnin til eftirlits og aðstoðar. Eftir því sem börnunum fækkar þegar líður á daginn minnkar starfsmannabörfin og því sumir starfsmenn sem fóru fyrr heim en aðrir. Tveir til þrír starfsmenn báru svo ábyrgð á því að loka tómstundarheimilinu. Það felur í sér að tryggja það að allir nemendur séu farnir heim, frágangur á svæðum sé í lagi, ljós séu slökkt og gluggar lokaðir. Af öryggisástæðum voru alltaf tveir starfsmenn sem sáu um það að loka. Smá breytingar voru á starfsmannahópnum um áramótin en heilt yfir var umsjónarmaður virkilega ánægður með starfsmannahópinn og starfsandann allt skólaárið. Sveigjanleiki og jákvæðni réði ríkjum meðal starfsmanna Sælukots í ár.

Sælukot skólaárið 2016-2017

Sælukot er í boði fyrir öll börn í 1.-4. bekk í Sjálandsskóla og Alþjóðaskólanum sem er staðsettur í Sjálandsskóla. Í vetur voru um 100 börn skráð í Sælukot en þeim fækkaði þegar líða tók á vorið. Ástæðan fyrir fækkuninni var oft á tíðum aukið sjálfstæði nemenda. Álagstíminn er fyrst og fremst eftir að skóla lauk eða frá 13:30-15:30 en verulega dró úr fjölda barna eftir klukkan 16:00 á daginn og því hægt að fækka starfsfólki eftir þann tíma. Mörg börn fara í aðrar tómstundir og var það í verkahring umsjónarmanns, í samstarfi við foreldra, að halda utan um æfingatíma barnanna. Umsjónarmaður og leiðbeinendur sáu svo til þess að börnin klæddu sig í viðeigandi klæðnað fyrir æfingar og væru komin á æfingar á réttum tíma. Æfingarnar eru á mismunandi tímum og allur gangur er á því hvenær börnin eru að fara. Sælukot er opin á þeim dögum sem ekki er skóli, s.s. í jólaeyfi, páskaeyfi, vetrarleyfi, á skipulagsdögum og þegar nemenda- og foreldraviðtöl fara fram. Þá er opið í Sælukoti frá 8:15-17:00 og þurfa foreldrar að skrá börnin sérstaklega á þessa daga. Fjöldi barna á þessum dögum var misjafn en hann var í kringum 15-45 börn. Þessa daga er reynt að bregða út af vananum og dagskrá Sælukots höfð með öðru móti en vanalega. Til dæmis var farið í hjólatúr á Álfanes þar sem var farið í sund og leikið sér.

Viðfangsefni

Í Sælukoti í vetur var venjulegur dagur hjá börnunum þannig að þau komu yfir í Sælukot klukkan 13:30 þar sem var merkt við viðveru allra barnanna og öll börn fóru svo út að leika á skólalóð í sirka 20 mínútur. Eftir útiveru komu svo börnin inn og borðuðu síðdegishressingu. Eftir síðdegishressingu völdu börnin sér svo klúbb eða svæði sem þau höfðu áhuga á að fara í. Klúbbar sem voru í boði voru meðal annars vísindaklúbbur, skartgripaklúbbur, bóka- og taflklúbbur, spilaklúbbur og fleira. Á hverjum degi þegar börnin mættu í Sælukot var búið að setja upp á töflu hvað væri í boði fyrir hvern dag. Öll börn eiga spjald með mynd af sér sem hanga uppi á vegg þegar þau koma í Sælukot. Þegar börnin velja sér

stöð/klúbb setja þau myndina sína upp á töflu merktu þeim stað sem þau eru á og því sýnilegt fyrir þá sem eru að sækja börnin hvar þau eru hverju sinni. Þetta skipulag reyndist, að mati umsjónarmanns, mjög vel fyrir börnin.

Í vetur var boðið uppá tæknilegó námskeið fyrir alla nemendur í 1.-4. bekk á vegum Sælukots og vakti það upp mikla lukku meðal barnanna.

Húsnæði

Sælukot er staðsett í öðrum áfanga Sjálandsskóla (hjá íþróttasal og sundlaug). Þar er glæsileg aðstaða en einnig höfum við afnot af danssal, íþróttasal, myndlistarstofu, textílstofu, smíðastofu, svæði fyrir framan myndlistastofum, skjólinu, bókasafni og matsal. Útisvæði Sjálandsskóla er stórt og flott og er það vel nýtt á tímum tómstundaheimilisins.

Eftirlit

Starfsmenn í Sælukoti dreifast á mörg svæði á degi hverjum og eru alltaf starfsmenn á öllum svæðum sem eru opin fyrir börnin. Fjöldi starfsmanna á hverju svæði fer yfirleitt eftir fjölda barna en miðað er við að 12 börn séu talin á hvern starfsmann. Mikil áhersla hefur verið lögð á það í vetur að börnin séu aldrei ein á svæði. Eins og áður hefur komið fram er misjafnt hvort börnin séu sótt, þau labbi sjálf heim eða fari með frístundarbílnum. Umsjónarmaður hefur yfirumsjón með þessu á degi hverjum. Í byrjun dags þarf að athuga hvort allir séu mættir og ef einhver sem er skráður skilar sér ekki þá þarf að finna hann og/eða skýringuna á því hvar hann er. Finnist barn ekki eftir ítarlega leit á skólasvæði verður að gera foreldrum viðvart og einnig kanna hvort barnið hafi verið sótt. Of oft kom fyrir að foreldrar gleymdu að láta vita að barn ætlaði ekki að mæta og fór því mikill tími í leit af þeim börnum. Einnig kom of oft fyrir að barn sagðist ekki eiga að fara á æfingu þegar við voru með upplýsingar um annað og fór því oft óþarflega mikill tími í símhringingar. Þarf að ítreka upplýsingaskyldu foreldra hvað þetta varðar. Umsjónarmaður sér um tímaskráningu til Garðabæjar og skilar inn tímum fyrirfram fyrir 22. hvers mánaðar. Við höfum verið eins sveigjanleg með þetta og við getum en þetta fyrirkomulag þarf hinsvegar að ítreka betur við foreldra því of oft hringja foreldrar/senda tölvupóst eftir tilskyldan tíma og vilja breyta tímafjölda eftir að greiðsluseðill hefur borist þeim.

Agamál

Ef upp koma agavandamál í Sælukoti hefur umsjónarmaður umsjón með eftirfylgni slíkra mála og hefur þá samband við foreldra viðkomandi eða þá við kennara eða stjórnendur skólans eftir alvarleika málsins. Agavandamál hafa ekki verið mörg í vetur. Börnin hafa verið ljúf, tillitsöm, góð við hvert annað sem og starfsmenn.

Samstarf og samskipti

Umsjónarmaður Sælukots er í miklu og einstaklega góðu samstarfi við kennara og stjórnendur Sjálandsskóla. Umsjónarmaður hefur greiðan og góðan aðgang að stjórnendum og kennurum og er auðvelt að bera sama bækur sínar við þá um einstaka mál og einstaklinga. Samskipti við foreldra er einnig stór partur af starfi umsjónarmanns. Símhringingar, tölvupóstar og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur partur af starfinu. Umsjónarmaður var einstaklega ánægður með samstarf og samskipti við foreldra á skólaárinu og voru foreldrar virkir í að hrósa starfinu og koma með ábendingar um hvað mætti betur fara. Ekki er ákveðinn fundardagur í Sælukoti en foreldrum er ávallt velkomið að koma við eða panta tíma með umsjónarmanni vilji þeir koma einhverju á framfæri í eigin persónu en ekki í gegnum síma eða tölvupóst. Símhringingar og tölvupóstar eru fjölmargir á hverjum degi og fer mikill tími umsjónarmanns í að sinna hvoru tveggja. Til að koma hagnýtum upplýsingum enn frekar á framfæri var stofnuð lokuð Facebook síða fyrir foreldra og forráðamenn. Á síðunni gátu foreldrar nálgast ýmsar hagnýtar upplýsingar eins og vikuplan Sælukots, upplýsingar um heilu dagana og einstaka tilkynningar. Síðan var einnig notuð í því skyni að deila myndum af starfinu og gefa

foreldrum/forráðamönnum meira innsýn inn í starfið í Sælukoti. Síðan féll vel í kramið hjá foreldrum/forráðamönnum og reyndist umsjónarmanni auðvelt að setja inn fréttir og myndir af starfinu.

Tómstundir og frístundarbíll

Fjölmargir nemendur fara frá okkur í Sælukoti í hinar ýmsu tómstundir dag hvern, s.s. fótbolta, fimleika, dans, körfubolta, sund, Tónlistarskóla Garðabæjar og svo fátt eitt sé nefnt. Tryggja þarf að öll börn séu búin að borða, séu klædd í viðeigandi fatnað, hafi með sér allt sitt hafurtask og leggi tímanlega af stað í því skyni að mæta stundvíslega á æfingu. Gott skipulag og góð samskipti við foreldra og íþróttafélög er lykillinn að því að þetta gangi vel fyrir sig og hefur það gengið ágætlega í vetur. Samskiptin við íþróttafélög mættu vera betri. Frístundarbíllinn felur í sér mikil þægindi fyrir foreldra barna enda nýta foreldrar þessa þjónustu mikið. Einn starfsmaður í Sælukoti sér alfarið um frístundarbíllinn og sér til þess að börnin fari í hann á réttum tíma.

Önnur tómstundaheimili

Umsjónarmenn tómstundaheimila hafa verið að hittast reglulega á fundum í allan vetur í því skyni að þróa og vinna að sameiginlegum ramma og markmiðum fyrir tómstundaheimili bæjarins. Einnig hafa umsjónarmenn góðan stuðning af hvorum öðrum og skiptast reglulega á hugmyndum í því skyni að efla starfið og gera það enn betra. Áframhaldandi samstarf verður á milli tómstundaheimilanna á komandi skólaári. Í ár fóru tómstundarheimilin öll saman í bíó á löngum degi í páskaleyfinu sem gekk mjög vel og allir voru ánægðir með.

Tillögur að úrbótum

Það sem liggur helst fyrir núna eftir þetta skólaár er að setja foreldrum skýrari ramma varðandi tímaskráningu barna sinna og að þeir tilkynni allar breytingar tímanlega til umsjónarmanns. Myndi umsjónarmaður vilja sjá að gjaldskrá tómstundaheimilisins yrði breytt og að greitt væri fyrir hvern dag sem barnið dvelur í tómstundaheimilinu en ekki hverja klukkustund. Þá væri hægt að tryggja það að barn ætti pláss til kl. 16 eða 17 á hverjum degi og yrði þá minna um endalausar breytingar á tímaskráningu og minna um vandamál hjá foreldrum við að sækja um á réttum tímum þegar æfingar falla niður eða þegar æfingum er lokið í lok hverrar annar. Mjög mikilvægt er fyrir tómstundaheimilið að hafa fleiri skipulagsdaga til þess að vinna betur að því að gera starfið faglegra og veita starfsmönnum fræðslu sem nýtist í starfi.

Lokaorð

Starfið í vetur hefur gengið mjög vel. Við höfum reynt eftir bestu getu að hafa skipulagið sem fjölbreyttast og skemmtilegt yfir daginn. Samskipti við við skólann og foreldra hefur gengið mjög vel og hafa margir foreldrar lýst yfir ánægu sinni með Sælukot og komið með gagnlega og uppbyggjandi gagnrýni. Næsta haust er nú þegar í bígerð og hugmyndir að komast á blað um hvernig bæta megi starfið. Það er alltaf hægt að gera betur og er það að sjálfsögðu það sem við höfum að leiðarljósi næsta skólaár, að gera enn betur þannig að krökkunum líði sem allra best í Sælukoti og að bæði börn og foreldrar séu ánægðir með starfið. Skólaárið gekk afar vel í ár og starfsmannahópurinn og barnahópurinn voru frábærir. Það er mín von og ánægja að sjá sem flest börnin aftur í tómstundaheimilinu á komandi skólaári og ég hlakka til að taka á við nýtt skólaár með bros á vör og jákvæðni í fyrirrúmi.

Sjálfsmatsskýrsla Sjálandsskóla 2016-2017



Niðurstöður Skólapúlsins skólaárið 2016-2017



Júní 2017

Inngangur

Sjáländsskóli í Garðabæ tók til starfa haustið 2005. Skólinn er í útjaðri Sjáländshverfis við Arnarnesvoginn. Samkvæmt lögum um grunnskóla er það markmið grunnskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Með framangreint að leiðarljósi er hugmyndafræði Sjáländsskóla byggð. Skólahúsnæði Sjáländsskóla er sveigjanlegt og í starfinu er lögð áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og samvinnu nemenda.

Lykill að farsælu skólastarfi er að skapa samhug meðal starfsmanna skólans, foreldra og nemenda um skólastefnu. Að frumkvæði skólaskrifstofu Garðabæjar var ákveðið að Sjáländsskóli yrði þátttakandi í Skólápúlslinum en það er samræmt kannanakerfi sem hefur það markmið að útvega skólastjórnendum og skólaskrifstofum áreiðanleg, langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti í skólastarfinu. Þá var einnig lögð fyrir ein starfsmannakönnun á skólaárinu í gegnum „google drive“.

Aðferð

Á vef Skólápúlslins er að finna upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir kannanakerfisins líkt og í fyrra var kannað ýmislegt sem varðar líðan nemenda og foreldra til skólastarfsins. Nemendakönnun Skólápúlslins fór fram í september, janúar, maí og mælti hún 18 matsþætti. Starfsmannakönnun var lögð einu sinni fyrir allan starfsmannahópinn. Val spurninga byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum, kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar.

Lögð var fyrir ein starfsmannakönnun í gegnum google drive. Könnunin var lögð fyrir í mars og var um leið einnig undirbúningur fyrir starfsmannasamtölin sem fram fóru á sama tíma. Allir starfsmenn svöruðu seinni könnuninni.

Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru helstu niðurstöður greindar eftir því hvort um er að ræða marktækan mun milli svara þessarar tveggja hópa (nemenda og foreldra). Nemendakönnunin fer fram í ~40 nemenda úrtökum sem dreif er samhverf yfir skólaárið þar sem fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig. Þannig er hægt að skoða þróun einstakra þátta yfir langan tíma.

Foreldrakönnun Skólápúlslins mælir 48 þætti í fimm flokkum. Könnunin var framvæmd í febrúar 2017. Þá fékk skólastjóri spurningar sem snúa að rekstri skólans. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum foreldra úr þeim 47 grunnskólum sem tóku þátt. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu. Öryggismörk í marktektarprófum voru 95%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Niðurstöður bæði nemenda og starfsmannkönnunar teljast marktækar.

Starfsmannakönnunin

Starfsmannakönnun Skólápúlslins er gerð annað hvert ár og verður framkvæmd á næsta skólaári. Stjórnendur framkvæmdu eina starfsmannakönnun á skólaárinu í gegnum „google drive“.

Foreldrakönnunin

Matsþættir

1. Nám og kennsla

- Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er nokkuð meiri en almennt gerist
- Foreldrar telja að nám sé í takt við grunnstöðir aðalnámsráð

- Foreldrar eru umtalsvert ánægðari með stjórnun skólans en almennt gerist
- Foreldrar eru umtalsvert ánægðari með agastjórnun í skólanum en almennt gerist
- Foreldrar eru svipað ánægðir með þyngd námsefnis og almennt gerist

2. Velferð nemenda

Jákvæður tölfraðilega marktækur munur er á eftirfarandi þátt samanborið við landið

- Foreldrar eru ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda
- Foreldrar eru ánægðari með íðan nemenda í skólanum en almennt gerist
- Foreldrar eru ánægðari með líðan nemenda í frímínútum en almennt
- Foreldrar telja umfang eineltis minna en almennt gerist
- Ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála er umtalsvert meiri en almennt gerist

3. Aðstaða og þjónusta

Tölfraðilegur munur er á eftirfarandi þáttum

- Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er nokkuð meiri en almennt gerist
- Ánægja foreldra með tómstundaheimilið er umtalsvert meiri en almennt gerist
- Hlutfall nemenda sem nýta tómstundaheimili er umtalsvert meiri en almennt gerist
- Foreldrar eru umtalsvert óánægðari með mótuneyti skólans en almennt gerist

4. Foreldrasamstarf

Tölfraðilegur munur er á eftirfarandi þáttum

- Foreldrar telja frumkvæði kennara að foreldrasamskiptum umtalsvert meiri en almennt gerist
- Foreldrar telja sig hafa umtalsvert meiri áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur en almennt gerist
- Foreldrar telja sig umtalsvert ver upplýst um stefnu skólans en almennt gerist
- Foreldrar eru töluvert ánægðari með heimasíðu skólans en almennt gerist
- Foreldrar eru nokkuð óánægðari með þátttöku sína í námsáætlunum barna sinna

5. Heimastuðningur

Tölfraðilegur munur er á eftirfarandi þáttum

- Virkni foreldra í námi barna sinna er svipaður og almennt gerist á landinu
- Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barin í sínu með námið er svipaður og almennt gerist á landinu
- Tími sem foreldrar verja með börnum sínum í heimavinnu er nokkuð meiri en almennt gerist á landinu
- Væntingar foreldra um menntunarstig barna sinna er umtalsvert meira en almennt gerist á landinu

Nemendakönnun

Matsþættir.

1. Virkni nemenda í skólanum m.v. landið

- Ánægja af lestri er nokkuð meiri og almennt gerist
- Þrautsegja í námi er svipuð og almennt gerist
- Ánægja af náttúrufræði er svipuð og almennt gerist
- Trú á eigin námsgetu er svipuð og almennt gerist

2. Líðan og heilsa m.v. landið

- Nemendur hafa svipað sjálfsálit og aðrir nemendur á landinu
- Tíðni eineltis hjá nemendum er minni en almennt gerist
- Hreyfing nemenda er umtalsvert minni en almennt gerist
- Líðan nemenda er svipuð og almennt gerist

3. Skóla og bekkjarandi m.v. landið

- Nemendur samsama við nemendahópinn með sama hætti og almennt gerist
- Samband nemenda við kennara eru meiri en almennt gerist
- Virk þátttaka í tímum er svipuð og almennt gerist
- Mikilvægi heimavinnu er svipað og almennt gerist

Umræða

Niðurstöður Skólapúlsins 2017 benda til þess skólagerð Sjálandsskóla hafi áherslum aðalnámskrár og teymiskennsla og samstarf kennara um nám og kennslu sé öflugt.

Niðurstöður foreldrakönnunar eru einstaklega ánægjulegar virðast foreldrar ánægðir með starf skólans hvort heldur það er nám nemenda eða samstarf við starfsfólk skólans. Í starfsmannakönnun sem stjórnendur gerðu benda niðurstöður til að kennara séu ánægðir í starfi, starfsandi er góður og þeir bera traust til stjórnenda. Niðurstöður annarra starfsmanna skólans bera saman við niðurstöður kennara. Starfsmenn skólans eru ánægðir með aðstöðuna en kvarta helst undan þrengslum og auknu álagi í starfi sínu. Þeir telja að þeir fái mikinn stuðning í starfi sínu frá stjórnendum, samstarfsfélögum og eru virkir í símenntun sinni. Kennarar eru ánægðir með faglegan stuðning og endurgjöf frá skólastjóra. Þeir telja að valddreifingu góða þeir upplifa að þeir taki þátt í ákvarðanatöku. Kennararnir telja að þeir fái góðan stuðning í vinnu með nemendur sem þurfa á sérkennslu og sérstökum stuðningi að halda. Kennara telja að ekki eigi sér stað einelti eða áreitni á vinnustaðnum.

Nemendur eru sömu leiðis almennt sælir, þannig virðast þeir hafa almenna ánægju af náminu, séu þrautseigir og hafi trú á sér. Þá líður þeim almennt vel og telja skóla- og bekkjarandann góðan. Það er ánægjulegt að sjá að nemendur hafa meira gaman af lestri en áður en skólinn hefur lagt mikla áherslu á að efla læsi á öllum skólastigum á sl. tveimur skólaárum. Ánægjuleg niðurstaða er að tíðni eineltis er minni en almennt gerist á landinu og er það bæði mat nemenda og foreldra. Það vonbrigðum að nemendur hreyfi sig töluvert minna en jafnaldrar þeirra.

Lokaorð

Kannanir eru af hinu góða og æskilegt að skólar hafi aðgang að kerfi sem bregður ljósi á viðhorf helstu hagsmunaðila til skólastarfsins. Ígrunda þarf vel hvernig hægt er að tengja saman svörun þessara hópa til þess að þróa skólastarfið enn frekar. Niðurstöður verða nýttar til að bæta starfið og hlúa þeim þáttum sem koma vel út.

F.h. Sjálfsmatsteymis Sjálandsskóla:

Edda Björg Sigurðardóttir, skólastjóri.

Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7., 9. og 10. bekk

Samræmd próf fóru fram í Sjálandsskóla dagana 22.og 23. september 2016 í 7. bekk dagana 29-30. september 2016 í 4. bekk og 7-9. mars 2017 í 9. og 10. bekk.

4. bekkur


Í 4. bekk þreyttu 29 nemendur samræmd próf í íslensku og 28 nemendur í stærðfræði. Einn nemandi var með undanþágu í íslensku en tveir í stærðfræði. Alls fengu 9 nemendur lengdan próftíma í báðum fögum vegna lestrarerfiðleika.

Tafla 1. Samræmd grunnskólaeinkunn Sjálandsskóla í stærðfræði og íslensku í 4. bekk


Stærðfræði	Samræmd einkunn Sjálandsskóla	Landsmeðaltal	Íslenska	Samræmd einkunn Sjálandsskóla	Landsmeðaltal
Heildareinkunn grunnskóla	27,7	30	Heildareinkunn grunnskóla	32,3	30
Reikningur og aðgerir	26,2	30	Lestur	31,3	30
Rúmfræði og mælingar	32	30	Málnotkun	31,8	30
Tölur og talnaskilningur	28,2	30	Ritun	31,7	30

Taflan sýnir samræmda grunnskólaeinkunn nemenda í Sjálandsskóla í stærðfræði og íslensku þ.e. heildareinkunn ásamt einkunnum úr einstaka prófhlutum. Grunnskólaeinkunn er normaldreifð einkunn nemenda. Grunnskólaeinkunn er gefin á skalanum 1-60 og því er meðaltal hennar ávallt 30 sem er viðmið skóla. Í töflu 3 hér á eftir kemur fram grunnskólaeinkunn Sjálandsskóla síðustu fjögur ár.

Í **íslensku** var hæsta heildareinkunn 9,0 sem einn nemandi hlaut. Lægsta heildareinkunn í íslensku var 3,0 sem kom í hlut tveggja nemenda. Meðtalsheildareinkunn Sjálandsskóla var 5,6, raðeinkunn 42,5 Re og grunnskólaeinkunn 32,3.




Mynd 1. Grunnskólaeinkunn í íslensku




Mynd 2. Grunnskólaeinkunn miðað við einstaka prófþætti í íslensku.

Í stærðfræði var hæsta heildareinkunn 8,0 og lægsta heildareinkunn var 2,5. Meðaltalsheildareinkunn Sjálandsskóla var 5,4 en raðeinkunn 42,5 Re og grunnskólaeinkunn 27,7. Hæsta grunnskólaeinkunn nemanda var 43 (á skalanum 1-60) og var lægsta einkunn 10.



Mynd 3. Grunnskólaeinkunn í stærðfræði

Á myndinni má sjá heildarniðustöður nemenda í 4. bekk í stærðfræði. Dreifing einkunna er fremur lítil og lenda flestir nemendur á bilinu 30-44 í heildartölu.



Mynd 4. Grunnskólaeinkunn miðað við einstaka prófpátti í stærðfræði.

Viðbrögð við niðurstöðum

Í íslensku í 4. bekk er árangur nemenda með þeim hætti að bregðast þarf við. Prófin voru í fyrsta skipti lögð fyrir með rafrænum hætti í ár og því verður athyglisvert að sjá þróun einkunna hjá nemendum þegar frá líður.

Aukin áhersla hefur verið lögð á lestur í öllum árgöngum skólans. Unnið hefur verið hörðum höndum að lestrarstefnu Sjálandsskóla sem innleidd verður í alla árganga skólans eftir áramót 2017. Unnið verður eftir henni samhliða því að umsjónarkennarar munu þjálfa nemendur í auknu mæli að skrifa texta í tölvum auk þess sem við teljum mikilvægt að kenna ungum nemendum rétta fingrasetningu þar sem þau koma til með að skrifa ritun í tölvum í stað þess að skrifa á blað eins og áður var. Einnig eru nemendur í auknu mæli látnir lesa í yndislestrarbókum á skólatíma. Samhliða þessu er aukin áhersla á heimalestur.

Heildar grunnskólaeinkunn Sjálandsskóla er 32,3 í íslensku en það er normaldreifð einkunn skóla. Normaldreifðar einkunnir dreifast á bilinu 1-60, meðaltal landsins í heild er því einkunnin 30.

Í öllum prófpáttum í íslensku er normaldreifð einkunn Sjálandsskóla yfir 30. Einkunnir í einstaka prófpáttum eru eftirfarandi í íslensku. Lestur 31,3, málnotkun 31,8 og í ritun 31,7.

Umsjónarkennarar hópsins, sérkennari og skólastjórnendur funduðu um niðurstöðurnar. Skoðaðir voru einstaka námsþættir og árangur einstaka nemenda. Gerðar voru einstaklingsáætlanir fyrir þá nemendur sem voru undir meðallagi í heildareinkunn. Fundir voru haldnir með foreldrum þeirra barna sem slakastir voru og unnið að áætlun um úrræði í þeirra námi. Flestir í þeim hópi höfðu þegar verið í umsjá sérkennara á haustönninni og verður þeirri vinnu haldið áfram. Enginn einn þáttur í íslensku kom betur eða verr út heldur en annar. Eins og áður hefur komið fram hefur verið unnið að því að efla lestur og lesskilning með markvissum hætti og verður þeirri vinnu haldið áfram. Við teljum ástæðu til að efla heimalestur enn frekar með samvinnu við foreldra.

Í stærðfræði í 4. bekk er meðaltal nemenda lægra en verið hefur. Heildar grunnskólaeinkunn Sjálandsskóla er 27,7. Í öllum námsþáttum er normaldreifða grunnskólaeinkunnin undir 30 fyrir utan rúmmál og mælingar. Í reikningi og aðgerðum er normaldreifða einkunnin 26,2, í rúmfræði og mælingum 32,0 og í tölum og talnaskilningi 28,2. Hæsta einstaka einkunn í stærðfræði í 4. bekk er 8,0 sem telst lágt miðað við hæstu einkunn einstaka nemenda undanfarin ár.

Jafnhliða áætlun í íslensku er unnin áætlun í stærðfræði fyrir þá nemendur sem voru undir meðaltali á landsvísi í heildareinkunn eða í einstökum námsþáttum. Litið verður sérstaklega til þeirra sem eru með undir 30 í heildareinkunn í stærðfræði.


7. bekkur

Það voru 26 nemendur sem þreyttu samræmd próf í íslensku, einn nemandi var veikur og fjórir nemendur fengu undanþágu. Samtals fengu fjórir nemendur lengdan próftíma. Í stærðfræði þreyttu 24 nemendur samræmt próf, fjórir fengu undanþágu og sömu fengu lengdan próftíma og áður vegna lestrarörðugleika. Þrír nemendur voru tilkynntir veikir á prófdegi í stærðfræði.


Tafla 2. Samræmd grunnskólaeinkunn Sjálandsskóla í stærðfræði og íslensku í 7. bekk.

Stærðfræði	Samræmd einkunn Sjálandsskóla	Landsmeðaltal	Íslenska	Samræmd einkunn Sjálandsskóla	Landsmeðaltal
Heildareinkunn grunnskóla	31,2	30	Heildareinkunn grunnskóla	28	30
Reikningur og aðgerir	31,3	30	Lestur	31	30
Rúmfræði og mælingar	31,5	30	Málnotkun	27,3	30
Tölur og talnaskilningur	29,4	30	Ritun	24,9	30


Í íslensku var hæsta heildareinkunn 8,5 en einn nemandi hlaut þá einkunn. Lægsta einkunn í íslensku var 3,5. Meðaltal heildareinkunnna í Sjálandsskóla var 5,8 og raðeinkunn var 43,3 (Re). Heildareinkunn grunnskóla sk. normaldreifð einkunn skóla í íslensku var 28,0 sem telst töluvert undir meðallagi en meðaltal landsins er 30. Slakasti þátturinn í íslensku var ritun en þar var einkunn skóla 24,9. Í lestri var hún 31,0 og í málnotkun var hún 27,3.



Mynd 5. Grunnskólaeinkunn í íslensku í 7. bekk.




Mynd 6. Grunnskólaeinkunn miðað við einstaka prófþætti í íslensku.




Mynd 7. Framfaræinkunn nemenda í 7. bekk í íslensku.

Framfarir nemenda í íslensku eru minni en almennt gerist og það þarf að taka alvarlega með inngripi sem þegar hefur verið gert og skýrt verður nánar frá í viðbrögðum við niðurstöðum.


Í stærðfræði var hæsta heildareinkunnin 8,0 sem einn nemandi hlaut. Lægsta einkunn einstaka nemanda var 2,5. Meðaltal heildareinkunna í Sjólandsskóla var 7,1, raðeinkunn 55,0 (Re). Heildareinkunn grunnskóla (normaldreifð einkunn) í stærðfræði var 31,2 sem er vel yfir meðallagi og niðurstöður því ánægjulegar að því leiti að stærðfræði kom mun betur út heldur en íslenska. Niðurstöður í reikningi og aðgerðum var 31,3, í rúmfræði og mælingum 31,5 og 29,4 í tölum og talnaskilningi.



Mynd 8. Grunnskólaeinkunn í stærðfræði í 7. bekk.



Mynd 9. Grunnskólaeinkunn miðað við einstaka prófbætti í stærðfræði.



Mynd 10. Framfaraeinkunn nemenda í 7. bekk í stærðfræði.

Viðbrögð við niðurstöðum

Árangur nemenda í 7. bekk var yfir meðallagi í stærðfræði. Heildareinkunn grunnskóla var 31,2 en ef miðað er við normaldreifða einkunnina 30 sem er meðaltal landsins. Aftur á móti sýna niðurstöður í íslensku ástæðu til að bregðast við stöðu nemenda með nokkuð afgerandi hætti. Umsjónarkennarar hópsins, sérkennarar og skólastjórnendur hafa fundað um niðurstöður, skoðaðir voru einstaka námsþættir og árangur einstaka nemenda var metinn. Unnið hefur verið að einstaklingsáætlunum fyrir nemendur sem voru undir meðallagi úr prófunum. Stór hópur þeirra nemenda hefur þegar verið í sérkennslu á haustönninni, verður þeirri vinnu haldið áfram og niðurstaða einstaka prófþátta nú einnig höfð til hliðsjónar. Einkum þarf að efla ritun og málnotkun. Unnið verður markvisst að því að efla þá þætti með aukinni ritun og verkefnum tengdum málnotkun.

Í **stærðfræði** verður áfram unnið með tölur og talnaskilning er það var sá þáttur sem kom slakastur út á prófinu. Aukin áhersla hefur verið lögð á talnaskilning á fyrra skólaári vegna slæmrar útkomu nemenda í þeim þætti og þeirri vinnu verður haldið áfram þar sem nemendur hafa sýnt framfarir en betur má ef duga skal. Skólinn hefur metnað fyrir hönd nemenda og ávallt er stefnt að umbótum til handa nemendum. Rýni í niðurstöður samræmdra prófa veitir góðar upplýsingar um þá þætti sem bæta má í skólastarfinu.

Tafla 3. sýnir normaldreifða grunnskólaeinkunn Sjálandsskóla á fjögurra ára tímabili.

Normaldreifð einkunn á kvarðanum 0-60					
	2013	2014	2015	2016	Landið
4. bekkur					
Íslenska	35,0	29,4	28,8	32,3	30,0
Stærðfræði	32,5	31,3	25,5	27,7	30,0
7. bekkur					
Íslenska	35,3	30,4	32,1	28,0	30,0
Stærðfræði	34,7	33	30,2	31,2	30,0

Grunnskólaeinkunn Sjálandsskóla í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk kemur fram í töflunni ásamt meðaltalseinkunn landsins í heild. Áhugavert er að bera saman niðurstöður Sjálandsskóla á undanförunum fjórum árum en taflan sýnir normaldreifða einkunn skóla frá árinu 2013 til 2016.

9. bekkur

Samræmd próf fóru fram í Sjálandsskóla dagana 7.-10. mars 2017. Eiginlegir prófdagar voru tveir þ.e. 8. mars og 10. mars. Prófdögunum var skipt þannig að prófað var fyrir og eftir hádegi miðvikudag og föstudag. Nemendur sinntu undirbúningi fyrir prófin dagana á undan þ.e. þriðjudaginn 7. mars og fimmtudaginn 9. mars. Allir nemendur höfðu greiðan aðgang að kennurunum sínum á meðan á undirbúningi stóð. Engin breyting var gerða á tímalengd skóladagsins á meðan samræmd próf stóðu yfir. Farið var með 8. bekk úr húsi til að valda minnstri truflun. Skólum var í sjálfsvald sett hvernig fyrirkomulagið yrði þessa daga. Þar sem tölvukostur í Sjálandsskóla er góður var ákveðið að leggja prófin fyrir heilan árgang í senn og skipta þannig að annan daginn byrjaði 9. bekk á prófayfirlögn kl. 9 og seinni daginn byrjað 10. bekkur. Eftir hádegi kom seinni árgangurinn. Búið var að ljúka við alla yfirlögn prófanna kl. 14. Nemendur höfðu margar spurningar í aðdraganda prófanna og var þeim svarað eftir bestu getu. Yfirlögnin heilt yfir gekk mjög vel. Engir hnökrar voru og upplifði starfsfólk nemendur frekar afslappaða varðandi það að prófin voru lögð fyrir með rafrænum hætti í fyrsta skipti í ár.


Þetta skólaár voru 24 nemendur í 9. bekk. Einn nemandi var með undanþágu frá öllum námsgreinum og þrír fengu lengdan próftíma vegna lestrarörðugleika eða prófkvíða. Í stærðfræði og ensku þreyttu 23 nemendur samræmt próf. Í íslensku þreyttu 22 nemendur próf, einn nemandi var með undanþágu og einn nemandi var veikur. Sami fjöldi nemenda fékk lengdan próftíma og í hinum fögunum.

Í **íslensku** hlaut einn nemandi A sem var hæsta heildareinkunnin og tveir nemendur hlutu einkunnina B+. Lægsta heildareinkunn í íslensku var D sem einn nemandi hlaut.

Í **stærðfræði** var hæsta heildareinkunnin A og voru fjórir nemendur með þá einkunn. Einnig voru fjórir nemendur með einkunnina B+. Lægsta einkunn í 9. bekk var C og voru 10 nemendur með þá einkunn.

Í **ensku** var hæsta heildareinkunnin A sem tveir nemendur hlutu og þrír nemendur hlutu einkunnina B+. Tveir nemendur hlutu einkunnina D sem var lægsta heildareinkunnin.

Á myndinni má sjá niðurstöður í 9. bekk, hæfnieinkunnir í öllum námsgreinum og fjölda nemenda sem hlutu hverja einkunn fyrir sig í öllum námsgreinum.



Viðbrögð við niðurstöðum

Árangur nemenda í 9. bekk var góður í öllum greinum. Árangur í **íslensku** var vel yfir meðallagi, m.v. normadreifða einkunnina 30 sem er meðaltal landsins.

Í **stærðfræði** var normaldreifð einkunn Sjálandsskóla vel yfir meðallagi. Niðurstöður nemenda í stærðfræði voru ánægjulegar þar sem 5 nemendur af 23 voru með framúrskarandi árangur í stærðfræði einnig var ánægjulegt að sjá að enginn nemandi var með einkunnina D.

Í **ensku** var normaldreifð einkunn einnig yfir meðallagi.

Viðbrögð við þessum niðurstöðum eru tvímælalaust að halda áfram að þróa það fyrirkomulag sem er í unglingadeild Sjálandsskóla. Niðurstöður nemenda sem eru undir meðaltali verða skoðaðar og gerð einstaklingsmiðuð áætlun út frá einstökum prófpáttum og heildarniðurstöðum.


10. bekkur

31 nemandi þeytti samræmt próf í íslensku, tveir fengu undanþágu og tveir nemendur voru veikir í öllum prófunum. sjö nemendur fengu lengdan próftíma vegna lestrarörðugleika. Í stærðfræði og ensku þeyttu 32 nemendur samræmt próf, þrír fengu undanþágu, einn nemandi var veikur og sjö fengu lengdan próftíma vegna lestrarörðugleika.

Í **íslensku** hlutu tveir nemendur A og tveir nemendur hlutu einkunnina B+. Lægsta heildareinkunn í íslensku var C og voru sjö nemendur með þá einkunn.

Í **stærðfræði** var hæsta heildareinkunnin 9,5 sem einn nemandi hlaut og tveir nemendur hlutu einkunnina 9,0. Tveir nemendur hlutu heildareinkunnina 5,0 sem var lægsta heildareinkunnin. Meðaltalsheildareinkunn Sjálandsskóla var 7,1 raðeinkunn 58,72 Re.

Í **ensku** var hæsta heildareinkunnin A sem fimm nemendur hlutu og sex hlutu einkunnina B+. Einn nemandi hlaut einkunnina D sem var lægsta heildareinkunnin.



Viðbrögð við niðurstöðum

Árangur nemenda í 10. bekk var nokkuð góður í öllum greinum. Árangur í **íslensku** var í meðallagi. Námsefnið sem notað er styður vel við málfræði, bókmenntir og ritun. Áfram þarf að minna á mikilvægi heimalesturs og efla lesskilning og hlustun og er lestrarstefna Sjálandsskóla liður í því.

Í **stærðfræði** var árangur mjög góður, eða vel yfir meðallagi. Niðurstöðurnar voru ákafleg ánægjulegar þar sem normaldreifð meðaleinkunn skóla var langt yfir meðallagi.

Í **ensku** var árangur góður. Nemendur eru almennt áhugasamir í ensku. Prófinu var tvískipt og virtist það ekki hafa áhrif á nemendur miðað við þessar niðurstöður. Mikil áhersla hefur verið lögð á málnotkun í ensku sem er einn þáttur í Aðalnámskrá grunnskólans. Heildar árangur í ensku er ásættanlegur.

Viðbrögð við þessum niðurstöðum eru tvímælalaust að halda áfram að þróa það fyrirkomulag sem er í unglingadeild Sjálandsskóla. Niðurstöður nemenda sem eru undir meðaltali verða skoðaðar og gerð einstaklingsmiðuð áætlun út frá einstökum prófþáttum og heildarniðurstöðum.

ÁRSSKÝRSLA KLAKANS 2016- 2017



6/16/2017

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Starf unglingadeildar

Þann 8. september fór starf Klakans af stað en 13. september var opnunarhátíð Klakans.

Fastir opnunartímar Klakans voru á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum kl. 19.30-22.00.

Mæting á viðburði og opin hús hefur verið að meðaltali 40-45 unglingar pr. kvöld á haustönn en á vorönn 25-30 unglingar pr. kvöld.

Opin hús unglingadeildar

Á opnum húsum hefur félagsmiðstöðin verið með fjölbreytta dagskrá í boð (sjá dagskrá í lok skýrslu).

Opnu húsin voru gríðarlega vel sótt í vetur. Eitthvað fór að draga úr þátttöku á vorönn en á þeim tíma er gríðarlega mikið um að vera á Samfés viðburðum sem og öðrum stærri viðburðum hjá Klakanum.

Miðdeildarstarf

Í október fór Klakinn af stað með starf fyrir miðdeild. 7-8 opnanir hafa verið fyrir miðdeild í vetur.

Á opnum húsum bauð félagsmiðstöðin m.a. upp á eftirfarandi:

- ✓ Minute to win it
- ✓ Karioki
- ✓ Kósý og veitingar
- ✓ Leiki og samverustundir
- ✓ Bíókvöld
- ✓ Náttfata- og jólakósý
- ✓ Kappát
- ✓ Varúlfur
- ✓ Just dance
- ✓ Eltinga- og feluleikur

Í 5. - 6. bekkjarstarfið var mæting að meðaltali 30-40 börn en í 7. bekkjarstarfið var að meðaltali 15-20 nemendur í starfinu. Frá 1. maí er 7.

bekk velkomið að koma í kvöldstarf Klakans. Miðdeildarstarfið gekk gríðarlega vel þetta skólaárið.



Samstarf við Garðalund og Elítuna.

Engir sameiginlegir viðburðir voru á milli félagsmiðstöðvanna í vetur. Markmiðið er að bæta úr því.

Samfés

Klakinn hefur tekið þátt í sameiginlegum viðburðum á vegum Samfés eins og Stíl, danskeppni, söngkeppni, Samfestingi og Landsmóti Samfés sem haldið var í Kópavogi.

Ferðir

Starfsmenn Klakans hafa farið í eftirfarandi ferðir:

- ✓ 8. – 9. bekkjarferð á Úlfljótsvatn.
- ✓ 10. bekkjarferð til Vestmannaeyjar.
- ✓ Landsmót Samfés á Akureyrar.
- ✓ Skíðaferð á Dalvík.
- ✓ Vorferð 8. bekkjar í Skorradal.
- ✓ Vorferð 9. bekkjar í Kjós í Hvalfirði.
- ✓ Útskriftarferð 10. bekkjar í Þórsmörk.

Þessar ferðir hafa verið skipulagðar af forstöðumanni í samráði við kennara og stjórnendur Sjálandsskóla.



Samstarf við Sjáländsskóla

Fundað var þegar þörf var á með stjórnendum skólans, umsjónarkennurum sem og námsráðgjafa.

Forstöðumaður sat lausnarteymisfundi í vetur sem og skólaráðsfundi.

Mikið og mjög gott samstarf hefur verið við alla starfsmenn hússins.

Stjórn nemendafélags og félagsmálaval Sjáländsskóla

Forstöðumaður starfaði með stjórn nemendafélagsins og fundaði einu sinni í mánuði með hópnum sem samanstóð af unglingum í 8. 9. og 10. bekk.

Félagsmálaval var starfandi með fasta tíma í töflu einu sinni í viku allt skólaárið og tók þátt í og bar ábyrgð á ýmsum viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar og skólans.

Foreldrafélag Sjáländsskóla - skólaráð

Samstarfið við stjórn foreldrafélagsins í ár var ágætt en fulltrúar stjórnar nemendafélagsins og forstöðumaður Klakans hafa mætt á skólaráðsfundi í vetur.

Foreldrafélagið hefur styrkt nemendafélag Sjáländsskóla um 500 kr. pr. nem. í vorferðir.

Foreldrar voru duglegir að bregðast við beiðni um aðstoð við jóla- og árshátíðarskemmtun.



Leiklist

Æfingar fyrir leikrit vetrarins hófust í apríl. Söngleikurinn Welcome to the jungle var frumsýndur þann 19. maí og tvær sýningar voru haldnar. 20 nemendur tóku þátt í leikritinu, hvort sem það voru leikarar, tónlistarfólk eða fólkið á bak við tjöldin. Leikstjóri var Ásta Júlía Elíasdóttir og hljómsveitastjóri var Ólafur Schram.

Virðingafyllst

Helga Vala Gunnarsdóttir, forstöðumaður Klakans

Fræðsla og forvarnir í Klakanum og Sjálandsskóla 2016-17

Félagsmiðstöðin ásamt skólanum stendur fyrir markvissu fræðslu-, forvarnar- og leitarstarfi og beitir fjölbreyttum aðferðum til að auka líkur á árangri. Forvarnarstarf Klakans og Sjálandsskóla fer fram með ýmsum hætti bæði á skólatíma og utan hans.

Eineltisfræðsla: Vanda Sigurgeirsdóttir talað um einelti, þar á meðal um hlutverk áhorfenda, vináttu og loks um jákvæða og neikvæða leiðtoga. Mið- og unglingadeild.

Forvarnarvika: Þátttaka nemenda felst meðal annars í því að vinna verkefni er snúa að snjallsíma- og tölvunotkun. Hvað eru þau að gera í símanum/tölvunni, hvað eyða þau miklum tíma í notkun sem þessa, hverju gætu þau verið að missa af o.s.frv. Með þessari vinnu geta nemendur áttað sig á því hversu miklum tíma þeir eyða í tölvunotkun og hvað sú notkun, ef of mikil er, getur haft áhrif á líðan þeirra, svefn, félagatengsl o.fl. Nemendur í 6.-10. bekk fá fyrirlestur með fræðslu um snjallsímanotkun og áhrif á andlega líðan á kostnað bæjarins. Fyrirlesarar eru Eyjólfur Örn og Andri Bjarnason sálfræðingar.

Í forvarnarviku Garðabæjar sem haldin var 10.-14. var haldinn fræðslufundur fyrir foreldra í Garðabæ. Þar sagði Friðþóra Arna Sigfúsdóttir frá reynslu sinni sem foreldri barns með tölvuleikjafíkn og Eyjólfur Örn Jónsson, sálfræðingur, fjallaði um ofnotkun netsins. 1.-10. bekkur

Marita: Markmiðið er að vekja nemendur til umhugsunar um skaðsemi vímugjafa og hvetja þau til að taka afstöðu gegn þeim. Samhliða nemendafræðslu verður boðið upp á foreldrafund að kvöldi til sem veitir sameiginlegan umræðugrundvöll unglinga og foreldra um þessi mikilvægu málefni. 5. bekkur + foreldrar, 9. og 10. bekkur + foreldra

Blátt áfram: Starfsmenn Blátt áfram mæta einu sinni yfir veturinn og ræða við unglinga í 8. bekk um sjálfsvirðingu og hvað gera skal ef einstaklingur hefur lent í kynferðislegu ofbeldi. Boðið er upp á foreldrafræðslu í kjölfarið fyrir foreldra nemenda í 8.-10. bekk, en nemendur í 9. og 10. bekk hafa fengið fræðsluna nú þegar, foreldrarnir þar eru hins vegar eftir. Einnig koma starfsmenn og sýna brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu fyrir 2. bekk sem ætluð er til að auðvelda börnum að segja frá kynferðisofbeldi sem þau verða fyrir. 2. bekk og 8. bekk

Samtökin 78 – hinsegin fræðsla. Unglingadeild

Ástráður: Læknanemar koma einu sinni yfir veturinn og ræða við nemendur í unglingadeild um kynheilbrigði, kynsjúkdóma o.fl. Markmiðið er að fækka kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum. 9. og 10. bekkur

“Fokk me, Fokk you” - Kári Sigurðsson og Andrea Marel
félagsmiðstöðvarstarfsmenn ÍTR. Fjallar um sjálfsmynd, samfélagsmiðla og samskipti kynjanna. Foreldrafundur er einnig í boði. Unglingadeild

Verum ástfangin af lífinu: Þorgrímur Þráinsson kemur og ræðir við nemendur í unglingadeild um jákvæða ímynd og framtíðarplön. 10. bekkur

Sýna stuttmyndina Fáðu já! - 20 mínútna stuttmynd sem ætlar sér að skýra mörkin á milli kynlífs og ofbeldis, vega upp á móti áhrifum klámvæðingar, brjóta ranghugmyndir á bak aftur og innræta sjálfsvirðingu í nánum samskiptum. 9.-10. Bekkur

Fræðsla frá VR um skattkort, skyldur á vinnumarkaði o.sfrv. Kemur inn í náms- og starfsfræðslu. 10. bekkur

Hópefli:

Félagsmiðstöðin Klakinn stóð fyrir hópefli í 8. bekk og var tilgangurinn að efla vináttu og góð samskipti milli nemenda.

Klakinn fékk 500 þús. kr. styrk frá Þróunarsjóði Garðabæjar sem verður notaður í skipulagt hópefli á haustmánuðum.

Dagskrá skólaárið 2016-2017

September

Opnunarkvöld Klakans og opnunarhátíð, leikir og spil-Haustferð 8.-9. bekkja, cupcakes kvöld, haustferð 10.bekkar, opið hús-Pizza partý - Dunkin kvöld - Landsmót Samfés

Október

Landsmót Samfés- Ískvöld - Tabú kvöld – Kökukeppni - Kósý kvöld - Opið hús - Feluleikur um skólann - Hryllingsmyndakvöld - Hrekkjavöku skemmtun

Nóvember

Opið hús-Spilakvöld-Vinakvöld Klakans-Rattleikur-Stefán Rís – leikrit-Rjómaslagur-Opið hús-Brjóstsykursgerð-Gistigleði og lan-Bíó

Desember

Opið hús-JólaKósý-Tie-dye kvöld-Súkkulaðikvöld-Jólaskemmtun

Janúar

Spilakvöld-Varúlfur-Stelpukvöld-Danskeppni-Strákakvöld-Blind tasting-Make up kvöld-Bragðarefur-Fokk me fokk you - fræðsla

Febrúar

Aron Mola kvöld-Danskeppni Samfés-Keiluferð-Grunnskólahátíð Hafnarfjarðar-Söngkeppni Klakans-Söngkeppni Kragans-Smoothie kvöld-Stíll í Klakanum

Mars

Öskudagsskemmtun-Danskeppni Samfés-Opið hús-8. bekkjarkvöld-Skólahreysti-Skiðafaerð á Dalvík-Spilakvöld-Skautafaerð-Samfestingur-Pálínuboð-Óvissukvöld Klakans

Apríl

Bíóferð-Páskaeggjaleit-Gistigleði og lan + bubble bolti-Undirbúningur fyrir árshátíð- Árshátíð

Maí

Spilakvöld, íþróttamót, ratleikur, Masterchef Klakans, kappát og söngleikur